

Yfirlitsskýrsla
sendiráðs Íslands
í Brussel



Janúar til júlí 2008

EFNISYFIRLIT:

INNGANGUR.....	5
Yfirlit.....	6
Stækkun ESB.....	7
Viðræður um viðskipti með landbúnaðarafurðir.....	10
EES Samningurinn.....	10
Stofnun vettvangs fyrir sveitarfélögin innan EFTA.....	10
ICELAND ON THE EDGE.....	11
DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL.....	13
1. Almenn.....	13
2. Samsetta nefndin.....	13
3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni.....	14
4. Schengen-úttektir.....	14
5. Schengen-upplýsingakerfið.....	14
6. Schengen samskiptanetið.....	15
7. Brottvísanatilskipunin.....	15
8. Breytingar á Schengen „Borders Code“.....	15
9. Liechtenstein í Schengen.....	16
10. Framtíð stjórnunar ytri landamæra.....	16
11. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar.....	16
Þróun SIS II og VIS.....	16
12. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu.....	17
- Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfaáritana.....	17
- Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði.....	17
- Aðrir samningar við ESB á döfinni.....	18
13. Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM.....	18
- Prüm.....	18
14. Samvinna á sviði sakamála.....	18
15. Fundur dómsmálaráðherra og varaforseta framkvæmdastjórnar ESB.....	19
FÉLAGS- OG VINNUMÁL.....	20
FÉLAGSMÁL.....	20
Endurskoðuð framkvæmdaáætlun um félagsmál.....	20
Þjónusta í almannabágu.....	20
Áætlanir á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála.....	20
Árið 2010 helgað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun.....	21
Aðgerðaáætlun ESB í málefnum fatlaðra 2008-2009.....	21
Tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga.....	21
Málefni aldraðra.....	21
JAFNRÉTTISMÁL.....	21
Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins.....	21
Vegvísir í jafnréttismálum.....	22
Skýrsla um samþættingu jafnréttissjónarmiða.....	22
VINNUMÁL.....	22
Samkomulag um breytingar á vinnutímatilskipuninni og tillögu um starfsmannaleigur.....	22
Tillaga um evrópsk samstarfsráð (European Works Councils).....	22
„Flexicurity“ – stefnumarkandi viðmið fyrir ESB.....	23
Ótilkynnt atvinnustarfsemi.....	23
Aðgerðaáætlun til að auka för launþega.....	23
Samráð um félagslega stöðu launamanna um borð í skipum.....	23
Útsendir starfsmenn.....	23
ALMANNATRYGGINGAR.....	24
Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar.....	24
SVEITARSTJÓRNARMÁL.....	25
FJÁRMÁL.....	25
Ríkisstyrkir.....	25

Opinber innkaup	26
Starfstengdur lífeyrir.....	27
Rafræn stjórnsýsla	28
HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL.....	28
HEILBRIGÐISMÁL	29
Áætlanir á sviði heilbrigðismála	29
Heilbrigðisstefna ESB.....	29
Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu.....	29
Heilbrigðisþjónusta á innri markaði.....	29
Von á tillögu að tilskipun varðandi líffæraflutninga	30
Lýðheilsa.....	31
Samráð um aðgerðir gegn útbreiðslu berkla.....	31
Geðheilbrigðismál	31
LYFJAMÁL.....	31
Reglur um upplýsingar til sjúklinga	31
Samráð um lyfjagát	31
Lyfjapakinn	32
Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála ofl. – Pharmaceutical forum.....	32
Tillaga frá ESB um lækningatæki.....	33
Samræmdar reglur um sérhæfð lyf.....	33
IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL.....	33
ORKUMÁL	33
Loftlagspakkinn	34
Tillaga að tilskipun um endurnýjanlega orku	34
„Small business Act“	35
LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL.....	36
LANDBÚNAÐUR	36
Hin almenna landbúnaðarstefna ESB.....	36
Einnar-greiðslu kerfi (SPS).....	36
Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun	37
Bókun 3 – endurskoðun	38
Lífrænn landbúnaður.....	38
Súnósur.....	38
BSE/TSE.....	39
Salmonella, kampýlóbakter og MRSA	39
MATVÆLAMÁL.....	40
Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn	40
HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2008	41
Almennt um sjávarútvegsstefnu ESB.....	41
Ólöglegar fiskveiðar (IUU fisheries = Illegal, Unregulated or Unreported fisheries).....	42
Vernd viðkvæmra hafsvæða	42
Hópundanþága fyrir ríkisaðstoð í sjávarútvegi	43
Stefna ESB í málefnum hafsins („Maritime Policy“).....	43
TVÍHLIÐA SAMSKIPTI ÍSLANDS OG ESB Á ÁRINU 2008	44
Tvíhliða samningur Íslands og ESB um fiskveiðar	44
MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL.....	44
Áætlanir	44
Tilskipun um sjónvarp án landamæra.....	45
Tilmæli o.fl.	45
Orðsendingar	46
Skýrsla til menntamálaráðherra.....	46
Annað	46
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	46
Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013	46
Evrópska rannsóknasvæðið.....	47
Ljubljana ferlið	47

„The Committee for Scientific and Technical Research“ (CREST).....	48
European Research Council Executive Agency (ERC) og Research Executive Agency (REA).....	48
Sérfræðingar hjá framkvæmdastjórn ESB - Seconded National Experts (SNEs).....	48
SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL	48
FLUGMÁL.....	49
Almennt.....	49
Loftferðarsamningar.....	50
Sameiginlegt Evrópskt loftrými – Single European Sky.....	50
Endurskoðun þriðja pakkans í flugi.....	51
Flugvallapakinn.....	51
FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL.....	51
LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM.....	52
Kynning sendiráðsins í Brussel vegna tillagnanna.....	53
SIGLINGAMÁL.....	54
Grænbók um málefni sjávar og siglinga.....	54
Þriðji siglingapakinn.....	54
FLUTNINGAMÁL.....	54
Skipulagning flutningakeðjunnar (Freight transport logistics).....	54
VEGA- OG UMFERÐARMÁL.....	55
Grænbók um samgöngur í borgum.....	55
Önnur umferðar- og vegamál.....	55
FJARSKIPTAMÁL.....	55
Endurskoðun fjarskiptapakans.....	55
PÓSTMÁL.....	56
ALMENN SAMGÖNGUMÁL.....	56
Galileo.....	56
UMHVERFISMÁL	56
Orku- og loftslagspakinn (Energy and Climate Change Package).....	57
Fundur í Umhverfisnefnd Evrópuþingsins (EN VI) 23. júní 2008 um CCS og „Renewables“.....	60
ETS - Tillögur „Rapporteur“ Avril Doyle um breytingar á COM (2008)16.....	62
Flóðatilskipunin. (Dir 2007/60/EC on the assessment and management of flood risks):.....	64
Haftilskipunin. (Dir 2008/56/EC establishing a framework for community action in the field of marine environmental policy (Marine Strategy Framework Directive):.....	64
Úrgangstilskipunin (COM 2005/667),.....	64
Tilskipun um vatnsgæði („water quality standards“),.....	65
Áherslur frönsku formennskunnar í umhverfismálum.....	65
VIÐSKIPTAMÁL	66
FJÁRMÁLAPJÓNUSTA.....	66
Fjármálastöðugleiki.....	66
„Single Euro Payment Area, SEPA“.....	67
Gjaldþol váttryggingafélaga.....	67
Tryggingakerfi fyrir viðskiptavinum váttryggingafélaga.....	68
NEYTENDAMÁL.....	68
Tilskipun um neytendalán.....	68
Neytendamarkaðsvakt - neytendasamanburðartafla.....	68
SAMKEPPNISRÉTTUR.....	69
FÉLAGARÉTTUR.....	69
Löggjöf fyrir lítil fyrirtæki („Small business Act“).....	69

INNGANGUR

Meginhlutverk sendiráðsins er að taka þátt í rekstri EES- og Schengen samninganna, rækja samskiptin við Evrópusambandið (ESB) og aðildarlönd þess, gæta hagsmuna Íslands og reka erindi landsins á þessum vettvangi. Þetta verkefni spannar í raun í meira eða minna mæli öll svið stjórnslu og stjórn mála á Íslandi. Í samræmi við það eru hin ýmsu fagráðuneyti á Íslandi með fulltrúa í sendiráði Íslands gagnvart ESB. Eftirfarandi skýrsla ber þessa einkenni.

Í þessum inngangi er gerð grein fyrir skipan skýrslunnar, mönnun sendiráðsins og helstu heimsóknum. Þar á eftir er yfirlitskafla, þar sem dregið er á mál sem efst eru á baugi. Þar næst kemur kafla um utanríkis- og öryggismál, en síðan fylgja kaflar um einstök málefnasvið og er þá fylgt ráðuneytaskiptingu á Íslandi. Í þeim er gerð nánari grein fyrir því sem til umfjöllunar er innan sviða hinna ýmsu ráðuneyta. Nokkur mál falla undir fleiri en eitt ráðuneyti og má þá eftir atvikum finna greinargerðir þar um á fleiri en einum stað. Þessa kaflar skýrslunnar hafa fulltrúar viðkomandi ráðuneyta í sendiráðinu tekið saman.

Meðal helstu viðburða og verkefna sendiráðsins er að nú fyrri hluta árs 2008 hafði sendiráðið yfirumsjón með Íslandskynningunni “Iceland on the Edge” sem hleypt var af stokkunum í febrúar. Var kynningin haldin í Bozar, sem er stærsta menningar- og listamiðstöð Belga og er óhætt að segja að Ísland hafi aldrei fengið jafn mikla kynningu í Belgíu jafnt í fjölmiðlum sem annars staðar.

Heimsóknir ráðherra til Brussel eru afar mikilvægar til að styrkja pólitísk tengsl við ráðamenn í ESB og til að koma sjónarmiðum Íslands á framfæri í stórum hagsmunamálum. Þessar heimsóknir styrkja ótvírætt tengsl Íslands og ESB og eru án efa þungt lóð á vogarskálinni í hagsmunagæslu Íslands á þessum vettvangi.

Að þessu sinni var óvenju mikið um heimsóknir ráðherra ríkisstjórnarinnar á fyrri hluta ársins. Þar ber fyrst að nefna heimsókn forsætisráðherra, Geir H. Haarde, sem heimsótti Brussel og Lúxemborg dagana 26. og 27. febrúar sl. Átti forsætisráðherra fundi með Guy Verhofstadt, forsætisráðherra Belgíu og Jean-Claude Junker, forsætisráðherra Lúxemborgar. Þá fundaði hann með forystumönnum Evrópusambandsins, Javier Solana, utanríkismálastjóra ESB, José Manuel Barroso, forseta framkvæmdastjórnar ESB, Benitu Ferrero-Waldner, framkvæmdastjóra fyrir utanríkismál, Joaquin Almunia, framkvæmdastjóra efnahgasmála og Olli Rehn, framkvæmdastjóra stækkunarmála. Meðal umræðuefnis voru Evrumál, stefna Íslands í Evrópumálum, rekstur EES-samningsins, stefna ESB í umhverfis- og orkumálum og mál tengd norðurslóðum, s.s. öryggismál. Þá flutti forsætisráðherra ávarp við opnun Íslandshátíðinarinnar “Iceland on the Edge”.

Aðrir ráðherrar sem heimsóttu Brussel voru dómsmálaráðherra, sem sótti fundi dóms- og innanríkisráðherra ESB á vettvangi Schengen, viðskiptaráðherra, umhverfisráðherra, samgönguráðherra, sjávarútvegsráðherra og iðnaðarráðherra. Áttu þeir fundi m.a. með framkvæmdastjórum ESB á sínu sviði, auk þess sem iðnaðarráðherra tók þátt í sérstakri ráðstefnu um jarðvarma sem var liður í viku ESB tileinkaðri sjálfbærri orkunýtingu.

Fastir liðir í heimsóknum ráðherranna voru einnig kynningarfundir með stjórnendum EFTA skrifstofunnar í Brussel og Eftirlitsstofnunar EFTA. Þingmannanefnd EFTA fundaði einnig í Brussel á tímabilinu og heimsóttu íslenskir þingmenn sendiráðið af því tilefni.

Að vanda hefur verið tekið á móti ýmsum hópum gesta sem koma úr ýmsum áttum svo sem úr skólum og á vegum félagasamtaka. Þetta er orðinn reglulegur liður í starfsemi sendiráðsins og jafnframt frekar vaxandi. Þessar heimsóknir veita án efa aukna innsýn í það sem er að gerast á á þessum vettvangi og kann að hafa bein áhrif á Íslandi. Ekki síður að opna dyr fyrir hagsmunaaðila á Íslandi. Af heimsóknum á fyrri hluta ársins 2008 má nefna stjórn Íslandsþósts, Háskólann í Reykjavík, stjórn Byggðastofnunar, stjórn málafræðinema í HÍ, hóp sagnfræðinga auk blaðamanna sem koma reglulega í fræðsluferð til Brussel.

Þær breytingar urðu á starfsmannahópi sendiráðsins á tímabilinu að Ingimar Einarsson hóf störf fyrir félagsmálaráðuneyti og heilbrigðisráðuneyti í stað Hermanns Sæmundssonar, Högni S. Kristjánsson fluttist til starfa í utanríkisráðuneytinu. Við starfi Högna tók Ragnheiður Elfa Þorsteinsdóttir en í hennar stað kom Þóra Magnúsdóttir.

Loks er þess að geta að meðal fastra liða í starfsemi sendiráðsins er gerð yfirlitsskýrslu sem kemur út tvisvar á ári og tekur mið af formennskuskriptum í ESB. Síðustu ár hefur skýrslan verið sett á heimasíðu sendiráðsins. Þá tekur sendiráðið saman yfirlit fyrir utanríkismálanefnd Alþingis mánaðarlega um þau mál sem eru efst á baugi í ESB og geta varðað EES-samstarfið með einhverjum hætti.

Yfirlit

Á tímabilinu sat Slóvenía í stóli formennsku ráðs ESB. Meðal mála sem hæst bar í slóvensku formennskunni var fullgilding Lissabonsáttmálans sem var undirritaður í desember sl. Slóvenar unnu hörðum höndum að undirbúningi að framkvæmd sáttmálans en stefnt var að því að hann öðlaðist gildi 1. janúar 2009. Sáttmálinn var, sem kunnugt er, felldur í þjóðaratkvæðagreiðslu á Írlandi sem fram fór 12. júní og urðu áform um að hann öðlaðist gildi í tæka tíð fyrir kosningar sem fram fara í ESB á næsta ári því að engu. Í síðustu skýrslu sendiráðsins er gerð grein fyrir helstu breytingum sem finna má í breyttum sáttmála ESB og vísast til umfjöllunar um það í skýrslunni. Meðal helstu atriða eru að: sáttmálinn gerir ráð fyrir að koma á fót sérstöku embætti fulltrúa ESB í utanríkismálum sem mun jafnframt verða varaforseti framkvæmdastjórnar ESB, hlutverk þjóðþinga er styrkt, fastur forseti muni stýra leiðtoga ráði ESB og koma fram fyrir hönd ESB út á við og er gert ráð fyrir að kjörtímabilið verði 2 og ½ ár, fyrirkomulagi á formennsku leiðtoga ráðs ESB er breytt, reglum varðandi atkvæðavægi verði breytt, framkvæmdastjórum fækkað úr 27 niður í a.m.k. 18, fleiri svið en áður verða háð meirihlutaatkvæði (um 95% af löggjöf sambandsins ákvörðuð á grunni meirihlutareglna), sett verði á stofn með formlegri hætti en fyrr utanríkisþjónusta ESB (*European External Action Service*) og að hámarksfjöldi þingmanna Evrópuþingsins verði 751.

Niðurstaðan í atkvæðagreiðslunni á Írlandi hefur valdið mikilli óvissu um framtíð sáttmálans. Í raun má segja að sáttmálinn hafi verið varaáætlun ESB hlyti stjórnarskrársáttmálinn þau örlög sem hann gerði. Eftir leiðtoga ráðsfund ESB sem haldinn var um viku eftir atkvæðagreiðsluna, 19. og 20. júní, lýsti Sarkozy því yfir að ESB yrði ekki stækkað nema aðildarríkin féllust á sáttmálann og sagðist Merkel styðja þessa skoðun Sarkozy. Mjög óljóst er um framhaldið en almennt er þó talið að beðið sé eftir viðbrögðum Íra á næsta leiðtogafundi ESB. Er gert ráð fyrir að sú leið verði farin að ESB muni vinna með Írum að lausn málsins. Hafa aðildarríkin lýst því yfir að nauðsynlegt sé að fullgildingarferlið haldi áfram þrátt fyrir þessa niðurstöðu.

Að því er varðar einstaka málaflökka verður slóvensku formennskunnar helst minnst fyrir það að ná fram samstöðu innan ESB um lykilatriði í orku- og loftslagsmálum sem var nauðsynlegt vegna viðræðna um loftslagsmál sem fara fram í Kaupmannahöfn árið 2009. Í janúar lagði framkvæmdastjórn fram umfangsmikil stefnu ESB í orku- og loftslagsmálum þar sem m.a. er að finna tillögur að löggjöf um endurnýjanlega orku og endurskoðun á löggjöf um viðskiptakerfi með losunarheimildir gróðurhúsaslofttegunda. Leiðtogafundur ESB sem haldinn var í mars sl. tók pólitískar lykilákvarðanir varðandi framhald málsins og skiptir einna mestu máli ákvörðun ráðsins um að komast skuli að pólitísku samkomulagi um málið fyrir lok árs 2008. Ljóst er að ESB mun ekki geta haft leiðandi hlutverki að gegna í komandi samningaviðræðum um loftslagsmál á alþjóðavettvangi nema þær tillögur að löggjöf sem framkvæmdastjórnin lagði fram í janúar sl. verði samþykktar. Eru Slóvenar afar ánægðir með hvernig til tókst um þetta í þeirra formennsku.

Þá hleypti leiðtogaráðið af stokkunum nýrri þriggja ára áætlun varðandi Lissabonáætlunina vegna árána 2008-2010 en áætlunin sjálf sem tekur til tímabilsins 2000-2010 og er mjög metnaðarfull. Hún hefur það markmið að gera ESB að framsæknasta og samkeppnishæfasta þekkingarhagkerfi heims fyrir árið 2010. Lúta markmiðin m.a. að því að bæta lífskjör og atvinnuástand almennt auk þess sem hún snertir umhverfismál. Hefur ESB ekki gengið sem skyldi að ná fram mikilvægum markmiðum hennar s.s. því að ná niður atvinnuleysi og bæta hagvöxt. Mun nú verða lögð megináhersla á þekkingu og nýsköpun og hið svonefnda “fimmta frelsi”, þ.e. frjálst flæði þekkingar og hið svonefnda Ljubljanaferli. Gegnir hin nýstofnaða evrópska stofnun um nýsköpun og tækni (European Institution of Innovation and Technology) lykilhlutverki. Annað mikilvægt skref sem tekið var varðandi þróun í hátæknimálum í ESB var samkomulag sem náðist um framkvæmd Galileo sem er evrópskt leiðsögukerfi um gervihnött.

Að vanda hittist leiðtogaráðið tvisvar í formennsku Slóvena, fyrri fundurinn var 13. og 14. mars. Þau mál sem bar hæst þar voru annars vegar nýtt þriggja ára tímabil Lissabonáætlunarinnar, sem áður er minnst á, og stefna ESB í orku- og loftslagsmálum. Kallað var eftir skýrslu um loftslagsbreytingar og öryggismál fyrir lok ársins 2008. Þá hittust leiðtogarnir 19. og 20. júní en þar bar óneitanlega hæst framtíð Lissabonsáttmálans. Jafnframt var þar nokkuð fjallað um öryggis- og dómsmál og innflytjendamál.

Slóvenía gerðist aðili að Evrusvæðinu hinn 1. janúar sl. Er búist við því að næsta stækkun Evrusvæðisins verði árið 2009 þegar Slóvakía bætist í hóp Evruríkja.

Frakkar fara með formennsku í ráði ESB seinni hluta ársins. Þeir hafa sett sér formennskuáætlun og á eftirfarandi slóð má finna vinnuáætlun þeirra: http://www.ue2008.fr/webdav/site/PFUE/shared/ProgrammePFUE/Programme_EN.pdf

Stækkun ESB

Í síðustu skýrslu sendiráðsins er farið nokkrum orðum um það ferli sem viðhaft er í aðdraganda aðildar ríkja að ESB og vísast til skýrslunnar um það, m.a. hvernig ríki fá stöðu ríkja sem hafa verið viðurkennd til aðildar en undirbúningur gengur að meginstefnu út á aðlögun að löggjöf ESB.

Þau ríki sem hafa nú stöðu umsóknarríkis eru þrjú (*official candidate country*): Króatía, Makedónía og Tyrkland. Samningaviðræður við Tyrkland og Króatíku hafa hafist en ekki við Makedóníu. Stækkun ESB fer því í raun nú fram í þremur skrefum. Í fyrsta lagi er um að

ræða hinar formlegu stækkunarviðræður sem standa nú yfir við Króatíu og Tyrkland. Í öðru lagi hefur Makedónía fengið viðurkenningu ESB sem mögulegt aðildarríki en hefur ekki hafið aðildarviðræður. Í þriðja lagi bíða önnur ríki Balkanskaga í röðinni þar sem ESB hefur gefið þeim öllum vilyrði fyrir aðild og hafa þau lokið gerð samstarfssamninga við ESB. Þetta er sá ríkjahópur sem hefur fyrirfram vilyrði fyrir aðild sem felur í sér að aðildarríki ESB yrðu allt að 35. Þau ríki sem nú falla undir stækkunarmálastefnu ESB eru: Albanía, Bosnía-Hersegóvína, Svartfjallaland og Serbía. Þau hafa ekki fengið stöðu sína viðurkennda sem umsóknarríki en eru í flokki “hugsanlegra umsóknarríkja”.

Í formennskutíð Slóvena héldu aðildarviðræður við Króatíu og Tyrkland áfram. Virðist sem þeim gangi vel í sínum aðildarviðræðum. Í aðildarviðræðum við Króatíu var opnað fyrir viðræður á fjórum köflum af 35 köflum regluverks ESB og tveimur köflum að því er varðar Tyrkland. Búast má við því að Króatía verði tilbúið til að gerast aðili að ESB árið 2010 eða 2011. Stefnt er að því að ljúka samningaviðræðum á árinu 2009 þannig að hægt verði að undirrita aðildarsamning árið 2010.

Aðild Tyrklands að ESB er hins vegar umdeildari. Þannig hefur Carl Bildt, utanríkisráðherra Svía, haldið því fram að aðild Tyrklands geti skapað ESB mikilvæga stöðu að því er varðar stöðugleika í eystri hluta Miðjarðarhafsins og Svartahafsins, sem séu án efa hagsmunir ESB. Þá hafa Bretar stutt aðild Tyrklands að sambandinu. Þeir sem eru hlyntir aðild Tyrklands hafa bent á að Tyrkland uppfylli flest skilyrði fyrir aðild og að ESB geti ekki lengur hafnað aðild Tyrklands sem sótti um fyrir yfir 40 árum. Tyrkir hafi bætt ástand í mannréttindamálum mjög mikið í viðleitni sinni til að uppfylla skilyrði fyrir aðild. Meðal þeirra sem hafa aftur á móti verið andsnúnir aðild Tyrkja að ESB er forsætisráðherra Frakka, Sarkozy. Þeir sem ekki vilja Tyrki inn í ESB segja þá ekki virða lýðræðislegar grundvallarreglur s.s. tjáningarfrelsi, eins og löggjöf þeirra beri vott um, auk þess sem þeir eru á móti aðild Tyrkja vegna mikilvægs hlutverks hersins í stjórnsýslunni að því er varðar þjóðaröryggi. Þá geti fólksfjöldinn í landinu (70 milljónir) raskað valdahlutfalli í stofnunum ESB. Til að mynda yrðu Tyrkir næst fjölmennastir í Evrópuþinginu. Tyrkir geti einnig farið fram úr Þjóðverjum hvað fólksfjölda varðar fyrir árið 2020 og þannig fengið flest sætin. Þá eru sumir andsnúnir aðild Tyrkja þar sem landið sé múslímskt. Tyrkir geti haft áhrif á framtíðarstækkun ESB, einkum fjölda ríkja sem óska aðildar og að ríki eins og Marokkó geti fylgt í kjölfarið fái Tyrkland aðild en þeim hefur vrið neitað að sækja um vegna landfræðilegrar stöðu. Hefur Sarkozy lýst því yfir að stækkun ESB án takmarkana geti haft í för með sér þá hættu að eyðileggja hina evrópsku samstöðu. Þá hefur Kýpur-Tyrklandsdeilan ekki einfaldað stöðu Tyrklands vegna hernáms Tyrkja í norðurhluta landsins. Loks má nefna Austurríki sem hefur verið andsnúið aðild Tyrkja ekki síst af sögulegum ástæðum. Aðild Tyrklands að ESB er því ekki fyrirséð í brád en til þess að hún geti orðið að veruleika þarf samþykki allra ríkja ESB.

Að því er aðild Makedóníu varðar, fékk Makedónía stöðu umsóknarríkis árið 2005 en sótti um aðild árið 2004. Hins vegar hafa ekki átt sér stað neinar samningaviðræður og enginn dagur ákveðinn hvað það varðar. Makedónía á í nafnadeilum við aðildarríki ESB og nágranna sinn í suðri, Grikkland. Af þeim sökum hefur ESB einungis viðurkennt Makedóníu sem fyrrum sambandslýðveldi Júgóslavíu, (*The Former Yugoslav Republic of Macedonia*). Segja Grikkir nafnið gefa til kynna áhuga Makedóníu á því svæði í Grikklandi sem ber sama nafn. Tæknilega séð á nafnadeilan hins vegar ekki að standa í vegi fyrir aðild Makedóníu en Grikkland og Kýpur hafa lýst því yfir að þau muni beita neitunarvaldi sínu gegn aðild þess nema samkomulag náist í nafnadeilunni. Á þessu ári sagðist Grikkland mundu standa í vegi fyrir aðild Makedóníu að NATO og ESB nema lausn fáist í deilunni.

Stöðu vonir til að samningaviðræður við Makedóníu gætu hafist á árinu 2008 en þingkosningar voru í landinu í júní 2008 sem settu strik í reikninginn. Hefur 2012 verið nefnt sem hugsanlegt markmið fyrir aðild landsins að ESB.

Eins og að framan greinir um niðurstöðu í þjóðaratkvæðagreiðslu í Írlandi um Lissabonsáttmálann er ljóst að hún getur sett strik í reikninginn varðandi stækkun ESB. Það er þó ekkert sem bendir til þess að samningaviðræður verði stöðvaðar við Króatíu og Tyrkland. Þetta kann þó að valda því að tímamarkmið um aðild Króata að ESB náist ekki.

Að því er varðar Albaníu, Bosníu-Hersegóvínu, Svartfjallaland og Serbíu, og eftir atvikum Kósóvó, sem áður er á minnst, hefur þeim verið lofað aðild að ESB til lengri tíma litið að uppfylltum hefðbundnum skilyrðum en gerður hefur verið samstarfssamningur við þessi ríki. Staða Albaníu einna best og er ESB almennt ánægt með þróun mála í Albaníu en ríkið hefur hins vegar svipuð vandamál og önnur ríki á svæðinu á sviði réttarfarsmála auk aðlögunar að löggjöf ESB á einstökum sviðum. Litið hefur verið á aðild Albaníu og annarra ríkja á vestanverðum Balkansskaganum sem forgangsmál. Ekki er þó gert ráð fyrir að Albanía verði aðili að ESB fyrr en í fyrsta lagi árið 2015.

Samstarfssamningur við Bosníu-Hersegóvínu var undirritaður í júní 2008. Meginatriði sammingsins varða endurskipulagningu á lögreglu, samvinnu að því er varðar stríðsglæpadómstólinn, og endurskipulagningu á opinberri stjórnsýslu. Lengi hafði verið stefnt að því en ESB kaus að ljúka honum ekki fyrr en yfirvöld í ríkinu hefðu lokið endurskipulagningu lögreglu og réttarfarskerfis innanlands, en á því stóð lengi vel vegna pólitískra deilna innanlands. Ekki er gert ráð fyrir aðild Bosníu-Hersegóvínu fyrr en í fyrsta lagi árið 2015.

Svartfjallaland er nýlega orðið sjálfstætt ríki en samstarfssamningur var undirritaður í október 2007 sem koma mun til framkvæmdar innan tíðar. Er mikilvægast fyrir ríkið að hraða nú þegar aðlögun sinni að löggjöf ESB. Mun það ekki síst beinast að því að styrkja innviði stjórnsýslunnar, einkum styrkja réttarfarskerfið og baráttu gegn skipulagðri afbrotastarfsemi og spillingu. Það mun taka ríkið nokkur ár að hljóta stöðu umsóknarríkis.

Ssamstarfssamningur við Serbíu var undirritaður í apríl 2008, en viðræður lágu niðri um nokkurt skeið vegna skorts á samstarfi við dómstólinn í Haag. Serbía fær hrós fyrir markverðan árangur í efnahagsmálum m.a. að því er varðar erlenda fjárfestingu. Ákveðinn framgangur hefur verið varðandi þróun í stjórnsýslunni og ljóst er að hún er vel undir það búin að standa í flóknum og erfiðum samningaviðræðum. Því eru vísbendingar um að Serbía geti náð öðrum ríkjum á svæðinu fljótt þegar öðrum hindrunum hefur verið rutt úr vegi. Er ályktun leiðtoga ESB á fundi þeirra í desember sl. í samræmi við þetta þar sem gefið var til kynna að unnt sé að hraða ferli Serbíu í átt til aðildar. Enn ein hindrun í veginum eru þó málefni Kósóvó. Sjálfstæðisyfirlýsing Kósóvó fyrr á þessu ári olli spennu í samskiptum Serbíu og ESB en flest ríki ESB hafa viðurkennt sjálfstæðið. Ólíklegt er að Serbía verði aðili að ESB fyrir árið 2015.

Framkvæmdastjórn ESB gefur árlega út skýrslur um stöðu mála í ríkjunum sem stefna á aðild þar sem leitast er við að leggja mat á hve langt þau hafa komið til móts við þau skilyrði sem þau þurfa að uppfylla fyrir aðild og meta nauðsynlegar aðgerðir út frá því. Hagsmunir Íslands í þessu efni eru augljósir vegna skyldubundinnar stækkunar EES í kjölfar stækkunar ESB. Er því nauðsynlegt að EES EFTA ríkin fylgist grannt með þróun þessa ferlis ekki síst í ljósi

þeirra skuldbindinga sem reynslan sýnir að krafist er af EFTA ríkjunum samhliða stækkun EES-svæðisins.

Loks er þess að geta að nýlega hófust viðræður um frelsi í vegabréfsáritunum við Serbíu, Makedóníu, Svartfjallaland, Albanaíu og Bosníu-Hersegóvínu.

Kósóvó hefur verið lofað framgangi að því er varðar aðild að ESB og óljóst er hver áhrif sjálfstæðisyfirlýsingin frá í febrúar mun hafa. Leiðtogar ESB lýstu því yfir á fundi sínum í júní að mögulegt sé að stíga frekari skref að því er varðar Kósóvó og ESB á þessu ári.

Utanríkis- og öryggismál

Á sviði utanríkis- og öryggismála ber áfram hæst verkefni sem ESB hefur tekist á hendur á sviði hættuástandsstjórnunar. Hefur verið ítarlega fjallað um þennan þátt í fyrri skýrslum sendiráðsins. Við þetta má bæta að rétt fyrir sjálfstæðisyfirlýsingu Kósóvó eða 16. febrúar sl. hleypti ESB af stokkunum EULEX- aðgerðinni í Kósóvó (European Union Rule of Law Mission). Um er að ræða stærsta borgaralega verkefni ESB frá upphafi undir hinni sameiginlegu öryggis- og varnarmálastefnu. Meginmarkmiðið er að styðja yfirvöld í Kósóvó að því er varðar lög og reglu einkum á sviði lögreglu, dómstóla og tollamála. Aðgerðin mun starfa skv. ályktun Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna 1244 en er ekki ætlað að koma í stað liðs Sameinuðu þjóðanna, UNMIK. Hefur ríkjum utan ESB verið boðin þátttaka í EULEX, þ.m.t. Íslandi sem var boðið á upplýsingafundi um verkefnið. Aðgerðin er í samræmi við stefnu ESB um að leika lykihlutverk við að við halda stöðugleika á svæðinu.

Viðræður um viðskipti með landbúnaðarafurðir

Líkt og getið er um í kafla um landbúnaðarmál kom nýr samningur um framkvæmd 19. gr. EES-samningsins um endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir til framkvæmda á fyrri hluta árs 2007. Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaívilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega. Óformlegar umræður fóru fram á fyrri hluta ársins 2008 um framkvæmd samningsins og um möguleika á endurskoðun samningsins. Viðræður hafa einnig átt sér stað um viðskipti með unnar landbúnaðarafurðir, bókun 3 í EES-samningnum. Ísland og ESB hafa kynnt hvort öðru gagnkvæmar óskir og tilboð og er búist við að unnt verði að ljúka samningum á grundvelli þeirra seinni hluta árs 2008.

EES Samningurinn

Tuttugasti og níundi fundur EES ráðsins var haldinn 27. maí Brussel undir forsæti Noregs. Undir liðnum pólitískt samráð var fjallað um málefni Kósóvó, Miðausturlanda og Afghanistan. Að því búnu var haldinn hinn hefðbundni EES ráðsfundur þar sem fjallað var um framkvæmd EES samningsins og þau mál sem efst eru á baugi í EES samstarfinu. Þá var fjallað um framtíð þróunarsjóðs EES en gildistími nágildandi sjóðs rennur út vorið 2009. Að öðru leyti vísast til umfjöllunar fulltrúa einstakra ráðuneyta hér á eftir.

Á tímabilinu var 141 gerð felld undir EES-samninginn.

Stofnun vettvangs fyrir sveitarfélögin innan EFTA

Meðal þess sem ákveðið var á fundi ráðherra EFTA-ríkjanna í júní sl. var að samþykkt var tillaga um að stofnaður skyldi óformlegur vettvangur fyrir sveitarfélögin á vettvangi EFTA.

Sveitarfélögin hafa lagt áherslu á að skapaður verði slíkur vettvangur fyrir þau og hefur Ísland unnið að því að afla slíkrar hugmynda fylgis. Nú er unnið að útfærslu á þessari tillögu sem samþykkt var á ráðherrafundinum. Sjá nánar umfjöllun félagsmálaráðuneytis um þetta mál hér síðar.

ICELAND ON THE EDGE

Íslandshátíðin *Iceland on the Edge* stóð yfir frá 15. febrúar til 15. júní þessa árs. Hátíðin samanstóð af fjórum íslenskum sýningum:

- 1) Málverkasýningu með verkum eftir Kjarval, Georg Guðna og Kristján Davíðsson
- 2) Arkitektasýningu um nýja tónlistar- og ráðstefnuhúsið sem nú rís í Reykjavík
- 3) Sýningu á íslenskum drykkjarhornum frá Þjóðminjasafni Íslands
- 4) Nútímalistasýningu sem á annan tug íslenskra listamanna tóku þátt í, en sýningin var samstarfsverkefni Listasafns Reykjavíkur og BOZAR.

Jafnframt tilheyrðu um 30 einstakir viðburðir á sviði menningar- ferða, og orkumála dagskrá hátíðarinnar. Hér má til dæmis nefna:

- Tónlistarviðburði á vegum Iceland Airwaves
- Sýningar á Pétri Gauti í leikgerð Þjóðleikhússins
- Kvikmyndahátíð sem unnin var í samvinnu við Kvikmyndamiðstöð Íslands
- Sýningu frá Íslenska dansflokknum
- Orkuráðstefnu sem haldin var í tengslum við græna viku framkvæmdastjórnar ESB
- Sjónvarpshætti sem teknir voru upp sumarið 2008
- Kynningarviðburði um Ísland sem fýsilegan stað fyrir fundi og ráðstefnur.

Tímabilið frá janúar til júní 2008 einkenndist af framkvæmd þessara viðburða og markaðssetningu þeirra, en sendiráðið hafði yfirumsjón með verkefninu. Hátt í 200 íslenskir þáttakendur sóttu Brussel heim á síðustu mánuðum til að taka þátt í dagskránni.

Markmið hátíðarinnar var að efla ímynd Íslands á alþjóðlegum vettvangi með heildstæðri menningar- og listadagskrá sem og viðburðum á sviði orku-, viðskipta-, ferða- og ráðstefnumála. Sýningarnar mynduðu brú sem tengdi einstakta viðburði saman sem jök umfang og sýnileika hátíðarinnar. Brussel hefur marga kosti sem góður vettvangur fyrir slíkt kynningarverkefni sökum þeirrar alþjóðlegrar starfsemi sem einkennir borgina, en hún gerir það að verkum að ná má til afar alþjóðlegs markhóps á tiltölulega afmörkuðu svæði.

Samstarfsaðilar verkefnisins voru stærsta menningarmiðstöð Belgíu - BOZAR - og eitt vinsælasta tónlistarhús Belgíu. Sendiráðið hóf mótun og þróun verkefnisins í mars 2006 en fékk fjölmarga til samstarfs; menntamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, samgönguráðuneytið, Ferðamálastofu, Reykjavíkurborg og Útflutningsráð. Landsbanki Íslands var máttarstólpi verkefnisins og Icelandair/Icelandair Cargo eru samstarfsaðilar þess.

Heilstæð samantekt á árangri og mati á einstökum þáttum verkefnisins er nú í vinnslu en ljóst er að þegar á heildina er litið tókst vel til. Til dæmis má nefna í því samhengi:

- **Árangursríka auglýsingaherferð:**
 - Byrjað var að markaðsetja hátíðina rúmu ári áður en hún hófst, eða í mars 2007 og var unnið skipulega eftir markaðsáætlun frá upphafi. Hluti af þeirri herferð voru sjónvarpsauglýsingar, veggspjöld, dreifing fjölda bæklinga/kynningarrita um hátíðina í heild og einstaka viðburði, auglýsingar á heimasíðum, í dagblöðum svo eitthvað sé nefnt. Árangurinn af þessari vinnu endurspeglast m.a. í þeirri miklu fjölmiðlaumfjöllun sem hátíðin fékk og almennt góðri aðsókn á viðburði hennar.
- **Mikla umfjöllun:**
 - Hátíðinni var gerð góð skil í öllum helstu miðlum Belgíu og er óhætt að segja að fjölmiðlaumfjöllun hafi farið fram úr björtustu vonum. Hátt í 200 greinar birtust í prentmiðlum auk góðrar umfjöllunar í útvarpi, á vefnum og í sjónvarpi.
- **Góða aðsókn**
 - Almennt var góð aðsókn á viðburði hátíðarinnar en fleiri þúsund manns sóttu dagskrá hennar. Lokatölur liggja ekki fyrir.
- **Aukningu í sölu ferða til Íslands**
 - Fimm belgískar ferðaskrifstofur tóku þátt í verkefninu. Hluti af árangursmati verkefnisins felst í því að kanna hvort hátíðin hefur haft áhrif á starfsemi þeirra. Þegar hafa verið tekin viðtöl við tvær þeirra sem staðfesta að hátíðin hafi haft jákvæð áhrif og átt þátt í söluaukningu á árinu 2008.

Sérstakt mat á ofangreindum þáttum og verkefninu í heild verður tekið fyrir í lokaskýrslunni sem unnið er að.

Sendiráðið hefur þegar hafið eftirfylgni hátíðarinnar. Nú í vor var forstöðumönnum tveggja belgískra safna boðið á listahátíð í Reykjavík og hefur sú ferð þegar skilað árangri í því formi að það stendur til að bjóða íslenskum listamanni að taka þátt í alþjóðlegri sýningu sem verður í Belgíu vorið 2009.

Jafnframt hefur sendiráðið efnt til eftirfylgni verkefnis í samvinnu við Delhaize matvörukeðjuna sem rekur 135 verslanir í Belgíu. Stóð sendiráðið, í samvinnu við Icelandair, Ferðamálastofu og Reykjavíkurborg fyrir blaðamannaferð til Ísland í maí sl. þar sem sjónum var beint að íslenskum mat og lífstíl. Mun Delhaize keðjan fylgja þeirri blaðamannaferð eftir með fjórum íslenskum vikum í verslunum sínum í október nk. þar sem áherslan verður lögð á íslenskt sjávarfang. Mun Ísland því áfram vera í deigluinni í Brussel, a.m.k. út árið 2008.

DÓMS- OG INNANRÍKISMÁL

1. Almenn

Starf fulltrúa dóms- og kirkjumálaráðuneytisins í Brussel felst sem fyrr öðru fremur í að sinna samsettu nefndinni í ráðherraráðinu, sem fjallar um þróun og beitingu Schengen-regluverksins. Frá því í júlí 2007 hefur ráðuneytið haft tvo starfsmenn í sendiráðinu.

Schengen-samstarfið er enn óaðskiljanlegur þáttur af starfi Evrópusambandsins á sviði dóms- og innanríkismála og vægi sviðsins í pólitískri stefnumótun ESB er mikið. Þungamiðjan á sviðinu er að skapa svæði frelsis, öryggis og réttlætis í Evrópu. Eitt mikilvægasta pólitíska málið á sviðinu undanfarin tímabil hefur verið stækkun Schengen-svæðisins. Níu ný ríki hafa hafið fulla þátttöku í samstarfinu og er það umfangsmesta stækkun svæðisins sem gerð er í einu lagi frá upphafi. Í fullu samstarfi felst að persónuettirlit er afnumið á innri landamærum þátttökuríkjanna og sameiginlegar reglur gilda um vörslu ytri landamæra. Opnun landamæra milli aðildarríkjanna kallar á náið samstarf lögreglu og annarra yfirvalda og greið skipti á upplýsingum þeirra á milli.

Undanfarin ár hafa 15 ríki tekið fullan þátt í samstarfinu (13 ríki ESB, auk Íslands og Noregs), en aðildarríkjunum fer nú hratt fjölgandi. Þann 21. desember 2007 voru landamæri þessara 15 ríkja og níu nýrra ESB ríkja opnuð á landi og á sjó, en opnun innri landamæra Schengen-ríkjanna á flugvöllum var frestað til 30. mars 2008, þegar flugfélögin skiptu almennt yfir í sumarátlan. Það kom því í hlut Slóveníu sem tók við formennsku í Evrópusambandinu 1. janúar 2008 að leiða þennan síðari hluta þessa mikla stækkunarferlis, þegar landmærin opnuðust á flugvöllum í mars. Eftir stækkunina varð landsvæði Schengen ríkjanna tuttugu og fjögurra samtals 3,6 milljónir ferkílómetra sem unnt er að ferðast um án landamæraeftirlits.

Gert er ráð fyrir að þátttökuríki Schengen verði 25 í nóvember 2008, þegar Sviss bætist við. Liechtenstein hefur þátttöku síðar, svo og ESB ríkin Kýpur, Rúmenía og Búlgaría sem hafa lýst yfir vilja til fullrar þátttöku í Schengen á næstu árum. Full þátttaka í Schengen, með opnun landamæra, er ekki enn á döfinni fyrir ESB ríkin Bretland og Írland.

2. Samsetta nefndin

Tillögur að gerðum á sviði dóms- og innanríkismála eru oft þróun á Schengen-gerðunum og er því fjallað um þau mál í samsettu nefndinni, en hún var mynduð til að vera vettvangur þróunar og framkvæmdar Schengen reglna eftir að Schengen samstarfið var fært undir hatt Evrópusambandsins árið 1999. Í samsettu nefndinni eiga nú sæti, auk aðildarríkja ESB, Ísland, Noregur, Sviss og Liechtenstein sem bætist í hópinn á tímabilinu, og kemur nefndin saman á öllum stigum meðferðar mála, frá vettvangi sérfræðinga og embættismanna að vettvangi ráðherra. Fundir ráðherra í samsettu nefndinni á tímabilinu voru þrír, í febrúar, apríl og júní. Það er dóms- og kirkjumálaráðherra sem situr í nefndinni af hálfu íslenskra ráðherra.

Samstarfið í samsettu nefndinni hefur almennt gengið vel og þykir breytt verklag í samsettu nefndinni á vettvangi sendiherra og ráðherra hafa gefið góða raun. Í því felst að tryggt er að Schengen-málefni verða alltaf rædd efnislega í samsettu nefndinni áður en ESB ríkin taka þau til formlegrar samþykktar, en fundum sendiherra og ráðherra í samsettu nefndinni verður alltaf stýrt af formenskuríki ESB. Samkvæmt fyrra fyrirkomulagi hefði Ísland tekið við þessari fundarstjórn 1. júlí 2008, en í samræmi við samkomulagið hefur íslenski sendiherrann tilkynnt franska sendiherranum að Ísland mun eftirláta frönsku formenskunni að stýra fundum sendiherra og ráðherra á síðari hluta ársins 2008.

3. Mál til meðferðar í samsettu nefndinni

Fjöldi mála á ýmsum stigum er á hverjum tíma til umræðu í því kerfi undirnefnda ráðherraráðsins sem funda undir hatti samsettu nefndarinnar. Er það ýmist nýmæli eða uppfærslur og breytingar á þeim reglum sem mynda Schengen regluverkið. Meðal þeirra gerða sem nú eru í mótun í samsettu nefndinni eru þessar:

- *Reglugerð um vegabréfaáritanir (Visa Code)*
- *Breytingar á sameiginlegri handbók um útgáfu áritana.*
- *Framtíð Schengen úttektanefndarinnar*
- *Breytingar á Landamærareglugerðinni (Schengen Borders Code)*
- *Handbók um reglur Schengen ríkjanna um lögreglusamvinnu*
- *Ýmsar gerðir sem tengjast Schengen upplýsingakerfinu m.a. vegna yfirfærslunnar í nýja Schengen upplýsingakerfið, SIS II.*

Á tímabilinu lauk m.a. eftirfarandi málum í samsettu nefndinni:

- *Breytingar á reglum um form dvalarleyfaskírteina fyrir útlendinga*
- *Breytingar á ýmsum gerðum sem varða rekstur Schengen-upplýsingakerfisins vegna fjölgunar þátttökuríkjanna og nýja SIS II kerfisins.*
- *Tilskipun um eignahald og vörslu vopna.*
- *Tilskipun um samræmdar reglur við brottvísanir útlendinga.*

4. Schengen-úttektir

Eftirlit með framkvæmd Schengen-samningsins í aðildarríkjunum er hjá ríkjunum sjálfum á vettvangi samsettu nefndarinnar, Schengen-úttektir. Schengen svæðið var stækkað á landi og sjó gagnvart nýju ríkjunum nú Eistlandi, Lettlandi, Litháen, Póllandi, Tékklandi, Slóvakía, Ungverjalandi, Slóveníu og Möltu þann 21. desember 2007 og á tímabilinu hefur úttektanefndin verið að fylgja áður gerðum úttektum á löndunum eftir. Innri landamæri á flugvöllum voru sem fyrr segir opnuð þann 30. mars sl. Vinnan í úttektanefndinni á tímabilinu helgaðist að mestu af undirbúningi fyrir þá opnun auk þess sem Schengen-úttektir í Sviss hófust, með það fyrir augum að Sviss hefji fulla þátttöku í samstarfinu í nóvember 2008. Tallinn flugvöllur í Eistlandi var sérstaklega tekinn út og undirbúningur úttekta fyrir Schengen upplýsingakerfið í Búlgaríu og Rúmeníu hófst.

Framtíð Schengen úttektanefndarinnar og hugsanlega breytt fyrirkomulag á henni hefur verið til umræðu á tímabilinu. Um árabíl hefur staðið til að framkvæmdastjórnin fái aukið hlutverk við eftirlit með framkvæmd Schengen reglna. Meginmarkmið þess eru annars vegar að bæta verklag við úttektir og hins vegar að virða verkaskiptingu stofnana ESB. Inn í þessar umræður koma mörg álitæfni, svo sem hvort heimila eigi skyndiúttektir í ríkjunum, hvort úttektir eigi að miðast eingöngu við land fyrir land og/eða þema úttektir, hvort Landamærastofnun getur átt hlutverk í úttektunum, þjálfun sérfræðinga á Schengen sviðinu, viðurlög og eftirfylgni svo eitthvað sé nefnt, auk þess sem taka þarf tillit til innleiðingar annarrar kynslóðar Schengen upplýsingakerfisins og nýs upplýsingakerfis fyrir vegabréfaáritanir. Spurningalisti vegna þessa var lagður fyrir ríkin, umræður fóru fram í kjölfarið og af Íslands hálfu var með margvíslegum hætti minnt á að gæta þyrfti í þessu sambandi að stöðu þeirra Schengen ríkja sem ekki eru aðildarríki Evrópusambandsins. Framkvæmdastjórnin hyggst leggja fram tillögur sínar á næsta ári en íslensk stjórnvöld fylgjast vel með framvindu málsins.

5. Schengen-upplýsingakerfið

Dómsmálaráðherrar Schengen ríkjanna samþykktu á fundi sínum 5. júní 2008 nýja tímaáætlun framkvæmdastjórnarinnar um innleiðingu annarrar kynslóðar Schengen-upplýsingakerfisins (SIS II) sem hefur verið í smíðum um nokkra hríð. Prófanir eru nú hafnar á landskerfum og á

miðlæga grunninum. Stefnt er að því að prófanir haldi áfram og í beinu framhaldi er áætlað að yfirfærsla frá núverandi kerfi í hið nýja hefjist í Schengen ríkjunum þann 30. september 2009 og loks að nýja kerfið verði komið í notkun í öllum Schengen ríkjunum 31. janúar 2014. Við framlagningu tímaáætlunarinnar lagði framkvæmdastjórnin sérstaka áherslu á hina sameiginlegu ábyrgð sem á ríkjunum hvílir og að tryggja þyrfti fulla getu ríkjanna til þátttöku í nýja kerfinu alla leið niður á tæknimannastig. Ljóst þykir að mikil vinna er framundan og þar með talið yfir sumartímamann í ár og næsta ár.

Lagagrundvöllur nýja kerfisins liggur þegar fyrir, tvær reglugerðir og ein ráðsákvörðun, en vinna samsettu nefndarinnar við þessar gerðir hófst í íslensku formenskunni á síðari hluta ársins 2005. Hin nýja útgáfa upplýsingakerfisins stendur þeirri sem nú er notuð framar m.a. að því leyti að með notkun lífkenna í nýja kerfinu verður unnt að bera kennsl á fólk með nokkuð áreiðanlegum hætti. Upplýsingakerfið sem nú er notað er einfalt og byggir á innfærslu nafna og svörun ef sama nafn er slegið inn. Það kallar þá á sérstaka athugun í hvert sinn hvort um sama einstakling er að ræða eða alnafna hans, sem í framkvæmd getur skapað óþörf óþægindi og tafir fyrir fólk sem ferðast í löglegum tilgangi. Ýmsar aðrar nýjungar eru fólgnar í hinu nýja kerfi, svo sem gagnabanki fyrir stolna muni og ökutæki, en það er að sama skapi mun flóknara að gerð en það sem nú er notað. Nokkur bakslög hafa komið í framgang tæknivinnunar við nýja kerfið og gangsetning þess vegna dregist. Unnið er hörðum höndum að þessu verki af hálfu tæknimanna Schengen ríkjanna, þar á meðal íslenskra, sem hafa orðið drjúga reynslu í þessu samstarfi.

6. Schengen samskiptanetið

Gerð var grein fyrir stöðu mála varðandi SISNET (e. *SIS Communication Network*) á ráðherrafundi Schengen ríkjanna í júní. Á tímabilinu var samið við nýjan verktaka um að taka við rekstrinum á Schengen samskiptanetinu (SISNET) í nóvember á þessu ári. Reksturinn hefur undanfarin ár verið í höndum Belgacom en samstarfsamningurinn við þá rennur út í ár. Verkefnið var því boðið út og var í kjölfarið samið við T-Systems og GeTronics um að taka við rekstrinum. Samkvæmt tímaáætlunum er gert ráð fyrir að innleiðingu hins nýja samskiptanets ljúki um miðjan ágúst nk.

7. Brottvísanatilskipunin

Á tímabilinu náðist samkomulag innan ráðsins um tilskipun varðandi samræmdar reglur um brottvísun útlendinga á Schengen svæðinu. Tillaga að tilskipuninni var fyrst lögð fram af hálfu framkvæmdastjórnarinnar árið 2005. Síðan hefur tillagan tekið miklum breytingum, þá sérstaklega í tíð finnsku (seinni hluta ársins 2006), þýsku og portúgölsku formenskunnar (árið 2007). Málið er í samráðsferli með Evrópuþinginu og hefur gengið erfiðlega að samræma sjónarmið ráðs og þings í málinu. Slóvenska formennskan hefur lagt áherslu á að ljúka málinu og efnt hefur verið til hvers fundarins á fætur öðrum vegna þessa. Árangur mikillar vinnu náðist nú í júní með pólitísku samkomulagi ráðherranna um málamiðlunartillögu. Lokaútgáfa textans er ásættanleg miðað við íslenska löggjöf. Stefnt er að endanlegri afgreiðslu málsins á fundi dómsmálaráðherra Schengen ríkjanna í júlí 2008.

8. Breytingar á Schengen „Borders Code“

Á tímabilinu hefur verið til meðferðar tillaga um breytingu á Landamæreglugerðinni, Schengen Borders Code, vegna nýja áritanakerfisins (VIS). Í VIS reglugerðinni felst að lífkenni, nánar tiltekið fingraför áritunarhafa, skuli færð í kerfið og lagt var til að þau skuli athuga við persónueftirlit á landamærum. Deilt hefur verið um hvort það skapi óásættanlegar tafir við persónubundið eftirlit á landamærum þegar mikil umferð er. Málamiðlun um að tiltekinn sveigjanleiki skuli leyfður í ákveðnum tilfellum fyrst í stað verður sennilega

niðurstaðan og hefur þá verið miðað við fyrstu 3 árin eftir að taka fingrafara hefst yrði þá einskonar aðlögunartími.

9. Liechtenstein í Schengen

Þann 28. febrúar sl. skrifaði Liechtenstein undir samstarfssamning um þátttöku í Schengen samstarfinu. Upprunalega var áætlað að Sviss og Liechtenstein hæfu fulla þátttöku í Schengen samstarfinu á sama tíma en nú er ljóst að það mun ekki takast. Sviss mun að öllum líkindum hefja fulla þátttöku í nóvember nk. á meðan þátttaka Liechtenstein mun fyrirsjáanlega dragast eitthvað en eins og er óljóst hversu lengi.

10. Framtíð stjórnunar ytri landamæra

Í febrúar sl. sendi framkvæmdastjórnin frá sér orðsendingar um framtíð stjórnunar á ytri landamærunum, nánar tiltekið varðandi framtíð Landamærafundunar Evrópu, fyrirætlanir varðandi framtíðarskipulag skráningarkerfa á landamærum og loks fyrirætlanir varðandi evrópskt eftirlitskerfi með landamærum. Með orðsendingunum lagði framkvæmdastjórnin til breytingar á framkvæmd landamæraeftirlits Schengen ríkjanna sem telja verður stærstu breytingar frá upphafi samstarfsins og leggur línurnar að næstu kynslóð í landamæravörslu þar sem reynt er að ná jafnvægi milli öryggis og að halda Evrópu opinni fyrir hinum heimsálfunum.

Framangreindar orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar voru á tímabilinu til umræðu í þar til gerðum vinnuhópum og stýrinefndum, auk þess sem ráðherrar fjölluðu um þær á fundi sínum í Slóveníu 13. mars sl. Í kjölfarið voru samþykktar ráðsniðurstöður á fundi ráðherranna í júní 2008 sem endurspeglar afstöðu ráðsins og fyrirætlanir þeirra varðandi hvert þessara þriggja atriða.

11. Vinna á vegum framkvæmdastjórnarinnar Þróun SIS II og VIS

Stærstu verkefnið sem Ísland tekur nú þátt í undir hatti framkvæmdastjórnarinnar, eftir hina vel heppnuðu innleiðingu portúgölsku tillögunnar um SISone4ALL, er eins og fram hefur komið, vinna tæknimanna við áframhaldandi þróun kerfanna SIS II (önnur kynslóð Schengen-upplýsingakerfsins) og VIS (áritana-upplýsingakerfið), en lagagrundvöllur þessara kerfa hefur verið lagður með reglugerðum og ráðsákvörðunum ESB, sem teljast þróun á Schengen reglunum. Unnið er að því í dómsmálaráðuneytinu að undirbúa innleiðingu þessara gerða í íslenskan rétt.

Ný mikilvæg framkvæmdarnefnd (*commitology*) framkvæmdastjórnarinnar (*SIS/VIS*) var sett á laggirnar á síðari hluta árs 2007. Nefndinni er ætlað að fjalla um samstarf Schengen ríkjanna, annars vegar þau sem varða Schengen upplýsingakerfið, þar með talið SIRENE skrifstofur ríkjanna og hins vegar samvinnuna á vettvangi áritanaútgáfu og varða hið nýja VIS kerfi. Í hinum nýlega samþykktu gerðum ESB um þessi upplýsingakerfi er lagður lagagrundvöllur fyrir aukið vald til ákvarðanatöku á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar um atriði sem áður hefur verið fjallað um í samsettu nefndinni. Í málsmeðferðarreglum nefndarinnar felst full þátttaka Íslands í starfi nefndarinnar, en ekki þátttaka í atkvæðagreiðslum ESB ríkjanna fremur en endranær.

Á vettvangi framkvæmdastjórnarinnar fór fram áframhaldandi vinna um þátttöku allra Schengen-ríkja til samræmingar á því hvernig rammaákvörðun um *upplýsingaskipti lögreglu* (sænska tillagan) verður innleidd í ríkjunum, en hún er ein Schengen-gerðanna.

Fulltrúar Íslands taka einnig þátt í vinnu nefndar um *samræmt form áritana*, dvalarleyfa o.fl., sem hefur unnið tæknistaðla sem tengjast notkun lífkenna í hin ýmsu skilríki, þar á meðal í vegabréf. Unnið er nú á vettvangi nefndarinnar að tæknilegri útfærslu dvalarleyfisskírteina fyrir borgara þriðju ríkja og undirbúningi notkunar lífkenna í nýja áritanakerfinu.

Fulltrúi Íslands hefur tekið þátt í vinnu framkvæmdarnefndar framkvæmdastjórnarinnar sem ætlað er að sinna málefnum *Landamærasjóðs (External Borders Fund)*, en full þátttaka Íslands í sjóðnum er þó ekki hafin og hefst ekki fyrr en að gerðum sérstökum samningi við ESB þar um, sem gert er ráð fyrir í gerðinni sem er lagagrundvöllur sjóðsins. Samningaviðræður Íslands og ESB hófust á tímabilinu. Fyrir liggur að fjárframlag af Íslands hálfu til sjóðsins verður miklum mun hærra en þeir styrkir sem unnt verður að sækja um úr honum. Sjóðnum er ætlað að styrkja ytri landamæri Schengen svæðisins, en svo sem fram er komið hefur stækkun þess á tímabilinu í för með sér frumraun hinna nýju ríkja við eftirlit með ytri landamærum allra samstarfsríkjanna þar með talið Íslands. Þátttöku í vinnu framkvæmdarnefndarinnar er ætlað að tryggja aðild Íslands að ákvörðunum um hvernig fé sjóðsins verði best varið til þessa mikilvæga verkefnis.

Ísland tekur sem fyrr þátt í starfsemi Landamærafundunar (*Frontex*), sem staðsett er í Varsjá og hóf starfsemi í maí 2005. Hefur umfang starfsemi stofnunarinnar vaxið mjög á starfstíma hennar með tilheyrandi aukningu á fjárframlögum til hennar.

Samstarf Íslands og Evrópusambandsins á grundvelli svokallaðs *Dublin-samnings*, sem tekur til þess hvaða ríki beri að fjalla um beiðni um pólitískt hæli, hefur gengið vel sem fyrr, en vettvangur þess samstarfs í Brussel er nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Nýjar tillögur ESB um endurskipulagningu hælismála í Evrópusambandinu hafa ekki áhrif á íslenska löggjöf um hælismál, en kalla hugsanlega á breytingar á Dublin-reglum sem samstarfssamningurinn við Ísland byggir á. Þá er innan ESB hafin meðferð tillögu um að heimila lögreglu og Europol aðgang að Eurodac, sem er gagnagrunnur með upplýsingum um fingraför hælisumsækjenda. Þessi tillaga er ekki hluti af Schengen-reglum, en sendiráðið fylgist vel með framvindunni á vettvangi Dublin samstarfsins.

12. Samningar tengdir Schengen-samstarfinu

- Samningar um endurviðtöku og framkvæmd við útgáfu vegabréfaáritana

Vegna þátttöku Íslands í Schengen-samstarfinu er nauðsynlegt að gera af Íslands hálfu sambærilega samninga og ESB gerir við þriðju ríki á sviðum endurviðtöku og áritana. Unnið hefur verið að undanfögnu í samvinnu dómsmálaráðuneytis og utanríkisráðuneytis að gerð samninga um endurviðtöku við Macao og er samningsgerð á lokastigi og sama má segja um samning við Rússland um áritanamál og endurviðtöku í kjölfar samnings sem gerður var milli ESB og Rússlands. Sama fyrirmynd er að viðræðum við Úkraínu og ríkin á Balkanskaga um áritanamál og endurviðtöku, en fyrstu drög að samningum um áritanamál og endurviðtöku voru send ríkjunum á tímabilinu.

- Samningur um þátttöku Íslands í Landamærasjóði

Samningaviðræður ESB við íslensk stjórnvöld vegna þátttöku Íslands og hinna EFTA ríkjanna í sjóði fyrir ytri landamæri Schengen hófust á tímabilinu. Talsverðar tafir hafa orðið á upphafi þessara viðræðna af ýmsum ástæðum, en erfitt reyndist á ESB hliðinni að sammælast um umboð til framkvæmdastjórnarinnar til samninga við EFTA ríkin um þátttökuna í sjóðnum. Samningaviðræður hafa gengið treglega en kröfur framkvæmdastjórnarinnar um

útreikning á fjárframlögum EFTA ríkjanna eru ekki í samræmi við lagagrundvöll að mati Íslands. Áframhaldandi viðræður um málið eru fyrirsjáanlegar.

- Aðrir samningar við ESB á döfinni

Nýr samningur Íslands og ESB um þátttöku í “commitology nefndum” framkvæmdastjórnarinnar hefur dregist vegna tímaskorts þeirra sem fjalla um dóms- og innanríkismál í framkvæmdastjórninni, enda hvorki forgangsmál hjá ESB né EFTA ríkjunum í ljósi þess að þátttaka í starfi nefndanna er í raun tryggð með bréfaskiptum sem fylgdu samningnum um Schengen samstarfið frá 1999 og útfærð í málsmeðferðarreglum fyrir hverja nefnd fyrir sig. Á tímabilinu átti sér stað einn óformlegur fundur milli aðila þar sem framkvæmdastjórnin kynnti efni væntanlegs tilboðs þeirra. Formlegar viðræður eru því enn ekki hafnar.

Líklegt er að á næstunni verði boðað til samningaviðræðna við Ísland á grundvelli Dublin samstarfsins vegna fyrirhugaðra ESB reglna um aðgang lögreglu og Europol að Eurodac, en formlegar tilkynningar þar um hafa ekki borist íslenskum stjórnvöldum ennþá.

13. Lögreglusamvinna – EUROPOL-PRUM

- Endurútgáfa lögregluhandbókar

Á tímabilinu lagði slóvenska formennskan fram tillögu að endurútgáfu lögregluhandbókar sem innihalda á allar reglur ESB um lögreglusamvinnu. Formennskan setti af þessu tilefni saman 8 manna hóp sem vinnur nú að drögum að handbókinni. Árið 1998 var ákveðið að handbókina skyldi uppfæra á 6 mánaða fresti (þ.e. á hverju formennskutímabili). Þessu hefur ekki verið fylgt eftir og eru þau verkfæri, bæði lög og reglur, sem í gildi eru um lögreglusamvinnu vegna þessa sundurleit og sum jafnvel lítið þekkt. Þessu á handbókin að breyta enda er löngu orðin þörf fyrir að fara í gengum hvað er til af reglum, uppfæra þær og setja saman til einnar heildstæðrar útgáfu. Frakkar, sem tóku við formennsku í ráðinu 1. júlí sl. hafa heitið því að halda vinnunni við handbókina áfram.

- Prüm

Aukin samvinna ESB ríkja á sviði lögreglusamvinnu, sem ákveðin hefur verið á grundvelli svokallaðs Prüm-samnings, er að færast inn í regluverk Evrópusambandsins utan samsettu nefndarinnar og Schengen-samstarfsins, en unnið er að nánari útfærslu samstarfsins innan ráðherraráðsins. Gert er ráð fyrir að þeirri vinnu ljúki um mitt ár 2008. Dómsmálaráðherrar Norðurlandanna ræddu þetta mál m.a. á fundi sínum í Finnlandi 20. júní 2007 og ákváðu að nánara lögreglusamstarf ríkja þeirra skyldi rætt í ljósi þessarar þróunar. Upphaf samstarfsins mörkuðu Austurríki, Frakkland, Holland, Lúxemborg, Spánn og Þýskaland árið 2005 með milliríkjasamstarfi ótengdu ESB en þó með Schengen samstarfið sem fyrirmynd að mestu leyti. Samstarfið hefur gefist vel og fleiri ríki hafa bæst í hópinn. Samstarfið felst í auknum og einfaldari upplýsingaskiptum lögregluvalda ríkjanna, til dæmis gagnkvæmum aðgangi að gagnabönkum sem geyma lífkennaupplýsingar (DNA og fingraför), upplýsingum úr bifreiðaskráum auk náinnar samvinnu lögreglu yfir landamæri. Af hálfu Íslands og Noregs er nú unnið að drögum að samningi til þátttöku í Prüm samstarfinu og fyrstu óformlegu viðræður við formennsku og framkvæmdastjórn ESB vegna þessa eru áætlaðar nú á sumarmánuðum. Formlegar viðræður geta ekki hafist fyrr en framkvæmdastjórnin hefur aflað umboðs ráðsins til viðræðna við ríkin tvö.

14. Samvinna á sviði sakamála

Enn er grannt fylgst með þróun hinnar auknu samvinnu innan ESB á sviði opinberra mála, m.a. um gagnkvæma viðurkenningu refsíðna og fullnustuákvæðana, aðgang að sakaskráum o.fl. Þessi mál hafa ekki verið á dagskrá fyrir Ísland og eru rædd utan samsettu nefndarinnar.

15. Fundur dómsmálaráðherra og varaforseta framkvæmdastjórnar ESB

Fimmtudaginn 28. febrúar 2008 áttu fund í Brussel Björn Bjarnason, dómsmálaráðherra og Franco Frattini, þá varaforseti framkvæmdarstjórnar Evrópusambandsins, sem fór með dóms- og innanríkismál, til að ræða tengsl Íslands við ýmis málefni á vettvangi dóms- og innanríkismála.

Í fyrsta lagi ræddi dómsmálaráðherra um PNR kerfið sem ESB er að móta og felst í skráningu og miðlun persónuupplýsinga flugfarþega bæði innan Schengen-svæðisins og einnig gagnvart Bandaríkjunum. Var niðurstaða fundarins sú, að sem mest samstarf og samhæfing yrði milli Íslands og Evrópusambandsins á þessu sviði, enda væri eftirlit af þessu tagi ein öflugasta leiðin til að sporna við hryðjuverkum og skipulagðri glæpastarfsemi.

Í annan stað vék talinu að Prüm samstarfinu og upplýsti dómsmálaráðherra Frattini að ríkisstjórnin hefði samþykkt, að hann ræddi um þátttöku í þessu lögreglusamstarfi ESB-ríkjanna (sjá nánar sérkafla um Prüm hér að framan).

Í þriðja lagi var möguleikinn á aukinni samvinnu Íslands og ESB á sviði einkaréttar rædd. Frattini sagðist hafa áhuga á frekari þróun út frá Luganó samstarfinu og sagði framkvæmdastjórnina almennt hlynnta því að víkka samstarfið út, sérstaklega til einföldunar reglna um birtingu stefna og annarra skjala og sönnunarfærslu fyrir dómi. Ákveðið var að útfæra nánar í hvaða formlegan búning samstarfinu yrði best fyrir komið eftir væntanlega heimsókn fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar til Íslands.

Í fjórða lagi var rætt um fyrirhugaða tillögu framkvæmdastjórnarinnar um aðgang lögregluþyrvalda að Eurodac gagnagrunninum, sem hefur að geyma fingraför hælisumsækjenda. Fyrstu tillögur framkvæmdastjórnarinnar í þessu efni hafa hlotið mikla gagnrýni frá Evrópuþinginu. Í september nk. mun ný tillaga verða framlögð og samhliða henni er að mati Frattini möguleiki á að kanna þátttöku Íslands.

Í fimmta lagi ræddi dómsmálaráðherra um möguleikann á samstarfi Íslands og ESB varðandi framsal dæmdra manna. Frattini sagðist hlynntur útvíkkun á samstarfi af þessu tagi til Íslands og var ákveðið, að Ísland skyldi tengjast, eftir því sem unnt yrði, nýjum reglum, sem eru í mótun innan Evrópusambandsins, um framsal dæmdra manna á milli ríkja. Reglurnar miða að því að auðvelda slíkt framsal með það að markmiði, að fangar taki út refsingu í heimalandi sínu.

Í sjötta lagi ræddi dómsmálaráðherra um samstarf Íslands og ESB á sviði almannavarna og lýsti yfir áhuga af Íslands hálfu til að kanna möguleika á þátttöku í EPCIP (*European Programme for Critical Infrastructure Protection*). Í kjölfar fundarins hefur tilskipun um *identification and designation of European Critical Infrastructure (ECI) and the assessment of the need to improve their protection (9403/08)* verið merkt EES gerð. Tilskipunin er ein af mörgum sem heyra undir EPCIP verkefnið en Ísland tekur ekki þátt í verkefninu í heild, heldur tengist einungis fyrrnefndri tilskipun í gegnum EES samstarfið. Verkefnið felst í auknum forvörnum gegn hryðjuverkum í samræmi við stefnu ESB í þeim málum í kjölfar hryðjuverkaárásanna í Madrid 2004.

FÉLAGS- OG VINNUMÁL

FÉLAGSMÁL

Endurskoðuð framkvæmdaáætlun um félagsmál

Þann 2. og 3. júlí sl. lagði framkvæmdastjórn Evrópusambandsins fram yfirgripsmikla og metnaðarfulla tillögu að endurskoðaðri framkvæmdaáætlun um félagsmál (Renewed Social Agenda) sem miðar að því að auka aðgengi, tækifæri og félagslegt réttlæti borgara í aðildarríkjunum. Í áætluninni eru sett fram markmið um víðtækar félagslegar viðmiðunarreglur á nokkrum megin sviðum fyrir tímabilið 2008-2013. Nýja áætlunin inniheldur alls 19 skjöl og þar er um að ræða tillögur að tilskipunum, nokkrar tilkynningar og grænbækur (til grundvallar löggjöf), skýrslur, verkáætlanir, leiðbeiningar o.fl. Einnig er þar að finna tillögur að forangangsroðun verkefna og boðað er að fleiri gögn verði lögð fram á haustdögum. [Sjá nánar.](#)

Líkt og fyrri tillaga sama efnis frá 2005 grundvallast nýja framkvæmdaáætlunin á Lissabonstefnumörkun ESB frá árinu 2000. Nýja tillagan er mun umfangsmeiri og er ætlað að stuðla að auknu jafnvægi á milli efnahagslegra og félagslegra stöða Lissabonáætlunarinnar. Í þeirri eldri var stefnumiðið einkum að skapa nútíma félagslegt módel fyrir Evrópu með áherslu á hagvöxt og fjölgun starfa. Sú tillaga var harðlega gagnrýnd bæði af fulltrúum atvinnurekenda og verkafólksáhrifunni. Fyrstu viðbrögðin við endurskoðuðu tillögunni eru hins vegar jákvæð, sérstaklega í herbúðum launþega.

Hin endurskoðaða framkvæmdaáætlun um félagsmál tekur til eftirtalinnna sviða:

- Atvinna og félagsleg málefni
- Menntun og æska
- Heilbrigði
- Upplýsingasamfélag
- Efnahagsleg málefni

Á sviði atvinnu og félagslegra málefna eru fjölmörg atriði og má nefna tillögur að [tilskipun um evrópsk samstarfsráð \(COM\(2008\) 419/4\)](#) og [tilskipun um jafnræði einstaklinga \(COM\(2008\) 426 final\)](#). Að því er varðar heilbrigðisþáttinn er um að ræða tillögu að [tilskipun um rétt til þess að sækja sér heilbrigðisþjónustu til annarra landa \(COM\(2008\) 414 final\)](#). Um þessi atriði verður nánar fjallað hér síðar.

Þjónusta í almannapágu

Mikil umræða hefur farið fram innan ESB síðustu árin um hvernig greiða megi fyrir flæði þjónustu á innri markaði. Sérstök þjónustutilskipun var samþykkt í árslok 2006 og er hún nú til innleiðingar hjá EFTA. Á síðasta ári kynnti framkvæmdastjórn ESB sérstakt átak til að efla [innri markað sambandsins](#) og varðar það einnig þjónustu í almannapágu, þar með talið [félagslega þjónustu](#). Þá kynnti framkvæmdastjórnin nýlega tillögu sína að [tilskipun um heilbrigðisþjónustu](#). Sendiráð Íslands tók saman í maí 2008 yfirlit yfir þá umræðu sem fram hefur farið um þjónustu í almannapágu á vettvangi ESB og þær aðgerðir sem gripið hefur verið til fram til þessa.

Áætlanir á sviði félagsmála, vinnumála og jafnréttismála

- [Progress](#) er nýleg áætlun á sviði félags- og vinnumála sem tekur til árána 2007 til 2013. Áætlunin gefur fjölmörg tækifæri til samstarfs fyrir íslenska aðila á sviði vinnumála, félagsmála, vinnuverndar og jafnréttismála.

- [Daphne III](#) er áætlun gegn ofbeldi. EFTA/EES ríkin eru þátttakendur í áætluninni sem nær til tímabilsins 2007-2013.

Árið 2010 helgað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur ákveðið að helga árið 2010 baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Hún boðar heildarsýn á baráttuna gegn fátækt og nýjar áherslur til að virkja þá einstaklinga sem standa höllum fæti á vinnumarkaði og í samfélaginu. [Sjá nánar.](#)

Aðgerðaáætlun ESB í málefnum fatlaðra 2008-2009

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur birt aðgerðaáætlun sína fyrir árin 2008 til 2009 í málefnum fatlaðra. Áætlunin er hluti af stefnumörkun sambandsins á þessu sviði fyrir tímabilið 2003 til 2010 og er hún sett fyrir tvö ár í senn. Tilgangur þeirrar aðgerðaráætlunar sem nú hefur verið birt er í fyrsta lagi að greina stöðu fatlaðra í Evrópu um þessar mundir, gera grein fyrir árangri sem nást hefur í síðustu aðgerðaáætlun, og að endingu ákveða forgangsroðun verkefna næstu misserin. [Sjá nánar.](#)

Tillaga að tilskipun um jafnræði einstaklinga

Þann 2. júlí síðastliðinn sendi framkvæmdastjórn ESB frá sér tillögu að tilskipun sem kveður á um framkvæmd meginsjónarmiða um jafnræði milli fólks og bann við mismunun hvað varðar trúarbrögð eða trúarskoðanir, fötlun, aldur eða kynhneigð. Sambærileg tilskipun var sett árið 2000 um bann við mismunun vegna ofangreindra þátta á vinnumarkaði, en þessi tilskipun gengur skrefinu lengra og kveður á um bann við slíkri mismunun utan vinnumarkaðar. Samkvæmt því sem kemur fram í texta tillögunnar er tilskipunin EES tæk og því reynir á upptöku hennar í EES samninginn. [Sjá nánar.](#)

Málefni aldraðra

Félagslegir hagir aldraðra voru viðfangsefni í könnun sem ESB lét gera og kynnti í vor. Fram kom að eldra fólk er líklegra til að fá lélega þjónustu, vera vanrækt eða misnotað á einhvern hátt en aðrir hópar. Nærri helmingur svarenda, sem voru frá öllum aðildarríkjum, telja að þetta vandamál sé útbreitt í þeirra heimalandi og að vandinn geti aukist eftir því sem meðalaldur fólks hækkar. [Sjá nánar.](#)

JAFNRÉTTISMÁL

Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins

[Jafnréttisstofnun Evrópusambandsins](#) hefur formlega hafið störf þó enn eigi eftir að ráða framkvæmdastjóra og allt starfslið. Stofnuninni hefur verið valinn staður í Vilnius í Litháen. EFTA ríkin hafa gefið til kynna að þau vilji verða þátttakendur í rekstri stofnunarinnar, en enn hefur ekki verið gengið frá því hvernig sú þátttaka gæti átt sér stað.

Vegvísir í jafnréttismálum

Vegvísir í jafnréttismálum er stefnumarkandi áætlun ESB á sviði jafnréttismála og gildir til ársins 2010 ([Roadmap to equality between women and men](#)). Með honum eru sett fram 6 áherslusvið sem Evrópusambandið telur rétt að unnið sé sameiginlega að í jafnréttismálum á tímabilinu frá 2006 til 2010. Markmiðið er að auka jafnrétti meðal kvenna og karla og jafna fjölskylduábyrgð.

Skýrsla um samþættingu jafnréttissjónarmiða

Evrópusambandið sendi í vor frá sér skýrslu sérfræðinga er fjallar um samþættingu jafnréttissjónarmiða og vinnumarkaðsmála. Skýrslan á að sýna hvar vel hefur tekist til í þessum efnum og hvar er hægt að gera betur. Í skýrslunni segir að mikilvægar forsendur fyrir virku samþættingarstarfi og stefnumörkun séu:

- Skýr og gegnsæ stofnanaleg uppbygging.
- Úrræði sem hægt er að grípa til.
- Markviss vilji til að ná árangri.

Í skýrslunni er lögð áhersla á að regluleg greining á stöðu hverju sinni og framvindu jafnréttismála sé þýðingarmikil til að meta hvar sé þörf úrbóta. [Sjá nánar](#)

Þá sendi framkvæmdastjórnin frá sér í vetur skýrslu um stöðu og horfur í jafnréttismálum í aðildarríkum ESB. Skýrslan undirstrikar þörf fyrir frekari aðgerðir til að ná árangri á þessu sviði, um leið og fleiri og betri störf eru sköpuð. Jafnrétti milli kvenna og karla á vinnumarkaði þarf að vera forgangsmál, segir í skýrslunni. [Sjá nánar](#).

VINNUMÁL

Samkomulag um breytingar á vinnutímatilskipuninni og tillögu um starfsmannaleigur

Á fundi sínum 10. júní sl. náðu vinnu- og félagsmálaráðherrar Evrópusambandsins samkomulagi um hvernig ljúka ber umfjöllun um tvær tillögur frá framkvæmdastjórninni að tilskipununum. Var það einkum fyrir atbeina formenskulandsins Slóveníu. Annars vegar er um að ræða tillögu að tilskipun um breytingar á vinnutímatilskipun ESB og hins vegar tillögur að tilskipun um starfsmannaleigur.

Athyglisverðast við þær breytingar, sem lagðar eru til varðandi vinnutímatilskipunina, er að Bretland og mörg hinna nýju aðildarríkja virðast hafa knúið á um að rýmka heimildir fyrir því að fólk geti unnið lengur en 48 klukkustundir á viku. Samkvæmt tillögunni verður þakið allt að 65 klukkustundir á viku hafi aðilar komið sér saman um slíka tilhögun. En menn verða þó að búa við það samtímis að óvirkur vinnutími verði skilgreindur sem vinnutími. Varðandi starfsmannaleigurnar er samstaða um að jafnræði skuli frá fyrsta degi ríkja milli launamanna á vegum starfsmannaleigu og almennra starfsmanna hvað laun, frí, fæðingar- og foreldraorlof, ofl. varðar. [Sjá nánar](#).

Tillaga um evrópsk samstarfsráð (European Works Councils)

Þann 2. júlí síðastliðinn sendi framkvæmdastjórnin frá sér tillögu að tilskipun sem miðar að því að bæta umhverfi varðandi upplýsingagjöf og samráð stærri fyrirtækja við starfsmenn sína á grundvelli svokallaðra samstarfsráða, eða „works councils“. Tillögunni er ætlað að skjóta styrkari stoðum undir þessi réttindamál og verði hún samþykkt mun hún breyta tilskipun nr. [94/45/EB](#) um sama efni, sem tekin hefur verið upp í EES samninginn. [Sjá nánar](#).

„Flexicurity“ – stefnumarkandi viðmið fyrir ESB

Eins og greint hefur verið frá í þessum skýrslum hefur framkvæmdastjórn ESB unnið að því að móta viðhorf til þess hvernig auka megi svokallað „Flexicurity“ í aðildarríkjum ESB, en það stendur fyrir markmið um sveigjanleika á vinnumarkaði samhliða auknu félagslegu öryggi. Í júlí á síðasta ári [lagði framkvæmdastjórnin til](#) að ríki Evrópusambandsins sameinist um þau meginsjónarmið sem felast í hugtakinu og skemmst er frá að segja að á fundi vinnuáráðherra ESB ríkja þann 6. desember 2007 var tillaga þar að lútandi samþykkt samhljóða. Fundurinn samþykkti sérstakar [leiðbeinandi reglur](#) um „flexicurity“ sem aðildarríkjum ESB ber að taka mið af við stefnumörkun sína á sviði vinnumála.

Nýjustu fréttir eru þær að nú hefur framkvæmdastjórn ESB formlega hafist handa við að aðstoða þau ríki sem hyggjast aðlaga sinn vinnumarkað betur að hugmyndafræðinni um „flexicurity“. Hyggst hún heimsækja einstök ríki á árinu og er markmiðið er að auka skilning á þeim meginsjónarmiðum sem lögð eru til grundvallar með þessari aðferðarfræði. [Sjá nánar](#).

Ótilkynnt atvinnustarfsemi

Í [orðsendingu](#) sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins sendi frá sér fyrir áramót eru aðildarríki bandalagsins hvött til að herða baráttu sína gegn ótilkynntri eða svartri atvinnustarfsemi. Könnun Eurobarometer hefur leitt í ljós að um 5% launþega í Evrópu taka við óskilgreindum fjármunum fyrir vinnu sína, hlutfallið er lægst í Bretlandi og á Írlandi, eða um 3%, en hæst er það um 10%. Könnunin sýnir að svört atvinnustarfsemi er hærri meðal námsmanna, atvinnulausra og sjálfstætt starfandi, og er líklegra að hún fari fram í byggingarstarfsemi og heimilisþjónustu.

Aðgerðaáætlun til að auka för launþega

Framkvæmdastjórn ESB kynnti þann 10. desember 2007 [aðgerðaáætlun](#) til að örva flæði launamanna á milli landa EES svæðisins undir fyrirsögninni „Job mobility action plan to help more people find better jobs“. Markmiðið er að ryðja úr vegi þeim hindrunum sem kunna að vera í vegi fyrir flæði launþega á milli landa. Skipulagðar verða fimmtán aðgerðir sem skipta má upp í fjögur áherslusvið:

- Bæta gildandi löggjöf á þessu sviði og stjórnsýslulega meðferð hvað varðar félagsleg réttindi.
- Tryggja samræmda stefnumörkun og stuðning opinberra aðila.
- Efla Evrópsku atvinnumiðlunina EURES og þjónustu hennar – m.a. koma á fót nk. „one stop shop“.
- Auka vitund almennings um tækifæri sem felast í frelsi til að sækja vinnu í öðru EES landi.

Samráð um félagslega stöðu launamanna um borð í skipum

Í síðustu skýrslu var fjallað um átak sem framkvæmdastjórn ESB stóð fyrir og miðaði að því að skoða í samstarfi við aðila vinnumarkaðar og aðildarríkin hvort löggjöf ESB á þessu sviði veitir nægilega vernd fyrir launamenn á far- og fiskiskipum. Nú hefur framkvæmdastjórnin sent frá sér [formlega tillögu](#) um þetta atriði, en talið er að hún varði um 300 þúsund starfsmenn á EES svæðinu. Hin nýja tillaga er byggð á samkomulagi milli evrópskra aðila vinnumarkaðar í atvinnugreininni og tekur mið af alþjóðlegum stöðlum hvað þetta varðar.

Útsendir starfsmenn

Fyrr á árinu sendi framkvæmdastjórnin frá sér meðmæli til umræðu í ráðherraráðinu þar sem hvatt er til samstilltra aðgerða til að bæta aðstæður útsendra starfsmanna í Evrópu. Ályktunin

er framhald á umræðu sem farið hefur fram innan ESB síðustu ár um þessi málefni og hefur verið fjallað um í þessum skýrslum. Talið er að um ein milljón manns í ESB ríkjum séu sendir tímabundið af vinnuveitendum sínum til að vinna verkefni í örðu aðildarríki. Um réttindi útsendra starfsmanna hefur gilt sérstök tilskipun sem tryggja á félagslegt- og starfsumhverfi þeirra, en ýmislegt hefur bent til að brotalöm sé á framkvæmd hennar.

Framkvæmdastjórnin leggur eftirfarandi til í þessum meðmælum:

- Bætt stjórnslusamvinna á milli aðildarríkja, einkum á grundvelli bættis samskiptakerfis og upplýsingamiðlunar, milli einstakra ríkja og eins við framkvæmdastjórnina sem hefur það hlutverk að leiðbeina um framkvæmd gildandi tilskipunar.
- Betri aðgangur að upplýsingum fyrir fyrirtæki sem senda út starfsmenn til vinnu í öðrum ríkjum og fyrir starfsmennina sjálfa.
- Aukin samvinna um árangursmat milli aðildarríkja á vettvangi embættismannanefndar.

Tilskipun Evrópusambandsins (tilskipun 96/71/EB) um útsenda starfsmenn er hluti af EES samningnum og hún er innleidd á Íslandi með lögum nr. 45/2007. Meðmælin hafa því ákveðna þýðingu fyrir Ísland. [Sjá nánar](#).

ALMANNATRYGGINGAR

Endurgerð reglugerðar um almannatryggingar

Eins og greint hefur verið frá í þessum skýrslum hefur verið unnið að því að meta nýja reglugerð um almannatryggingar og réttindi þar að lútandi við för á milli landa á EES svæðinu (*Coordination of Social Security Systems – Regulation (EC) No 883/2004*). Reglugerðin er viðamikil, en megintilgangur hennar er að endurgera reglugerð nr. 1408/71 um þessi mál, sem hefur tekið ótal breytingum síðan hún var lögfest árið 1971. Með hinni nýju reglugerð er sköpuð betri yfirsýn yfir réttindi og skyldur í þessum efnum, en helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Fleiri einstaklingar falla undir réttindaákvæði reglugerðarinnar.
- Reglugerðin nær til fleiri sviða almannatrygginga (pre-retirement legislation).
- Breytingar eru gerðar á ákvæðum er varða uppsöfnun réttinda í tengslum við atvinnuleysi.
- Ákvæði um jafnræði og jafna meðferð eru styrkt.
- Ákvæði um rétt til heilbrigðisþjónustu meðan dvalið er utan heimalands eru eflað.
- Auknar skyldur eru gerðar til góðs samstarfs milli ríkja við framkvæmd á samþættingu almannatrygginga á grundvelli reglugerðarinnar.

Reglugerð 883/2004 öðlast ekki gildi fyrr en sérstök reglugerð sem hrindir henni í framkvæmd hefur tekið gildi, en tillaga að slíkri framkvæmdareglugerð er nú til umfjöllunar í stofnunum ESB. Tillagan hefur verið [rædd í áföngum í ráðherraráðinu](#), nú síðast þann 5. desember 2007 (bls. 16). Sjá nánari umfjöllun um viðfangsefni almannatryggingareglugerða ESB og innihald þeirra breytingar sem lagðar eru til með reglugerð 883/2004 á heimasíðu [Evrópuþingsins](#).

Vinnuhópur EFTA á sviði almannatrygginga hefur fylgst náið með framvindu þessa máls og nú sendur yfir vinna þar sem eldri reglugerðir eru bornar saman við þær sem taka við.

SVEITARSTJÓRNARMÁL

Samband íslenskra sveitarfélaga opnaði skrifstofu í Brussel árið 2006. Skrifstofan skapar sveitarfélögunum ný tækifæri til þátttöku í margvíslegu Evrópusamstarfi auk þess sem auðveldara verður að reka hagsmunabaráttu þeirra gagnvart nýrri löggjöf sem tekin er upp í EES samninginn.

Eitt af þeim málum sem sveitarfélögin hafa lagt áherslu á er að fundinn verði farvegur fyrir formlega aðkomu þeirra að rekstri EES samningsins. Niðurstaða komst í það mál á síðasta fundi ráðherra EFTA ríkjanna 1. júlí síðastliðinn, en þá var samþykkt að stofna sveitarstjórnarvettvang innan EFTA. Utanríkisráðherra Íslands var falið að vinna að frekari útfærslu í samvinnu við EFTA skrifstofuna í Brussel og sveitarfélagasamböndin í EFTA ríkjunum fjórum.

Samgönguráðherra og jafnframt sveitarstjórnarmálaráðherra Kristján L. Möller, heimsótti Brussel í vor og átti m.a. fund með Danita Hübner, framkvæmdastjóra ESB á sviði byggðamála. Umfjöllunarefni fundarins var byggða- og svæðasamstarf ESB og tækifæri sveitarfélaga til aukins svæðasamstarfs. Þá kynnti Kristján sér starfsemi Héraðanefndar ESB og átti jafnframt fund með framkvæmdastjóra Brusselskrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga, Önnu Margréti Guðjónsdóttur.

Sveitarfélög og svæði á Íslandi hafa tök á því að taka þátt í margvíslegu samstarfi á vettvangi EES samvinnunnar. Á nýlegri ráðstefnu sem haldin var á vegum Sambands íslenskra sveitarfélaga voru þessi tækifæri kynnt sérstaklega, sjá nánar á [heimasíðu Sambandsins](#).

FJÁRMÁL

Ríkisstyrkir

Í skýrslu sendiráðsins fyrir seinni hluta ársins 2006 er sagt frá [áætlun](#) Evrópusambandsins (ESB) „Minni og markvissari opinber aðstoð” um endurskoðun á leiðbeiningum um ríkisstyrki á árunum 2005-2009. Einnig er þar greint frá breytingum sem framkvæmdastjórn ESB gerð í leiðbeiningunum á árinu 2006 og samsvarandi breytingum á leiðbeiningum Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA), en eftir þeim þurfa íslensk stjórnvöld að fara.

Á árinu 2007 og fyrri hluta ársins 2008 vann framkvæmdastjórn ESB að endurskoðun leiðbeininga um ríkisaðstoð á eftirfarandi sviðum:

- *Fyrirkomulag tilkynninga um ríkisaðstoð til framkvæmdastjórnarinnar.* Frestur til athugasemda við drög að endurskoðuðum leiðbeiningum var til 20. ágúst 2007. Þar er fjallað um rafrænar tilkynningar á ríkisaðstoð og ákvörðun sekta í þeim tilvikum sem endurkrefja ber ólögsmæta ríkisaðstoð. Þann 30. janúar 2008 gaf framkvæmdastjórnin síðan út reglur, (EC) No 271/2008, sem fela í sér að skila þarf framkvæmdastjórninni tilkynningum á rafrænu formi gegnum vefgátt sem nefnist SANI, frá 1. júlí 2008 að telja. EES/EFTA ríkin skila tilkynningum sínum til ESA, Eftirlitsstofnunar EFTA.

- *Ríkisábyrgðir*. Þann 20. maí 2008 gaf framkvæmdastjórnin út endurskoðaðar reglur um ríkisábyrgðir. Í þeim eru settar skýrar reglur um hvernig skuli reikna út hversu mikinn styrk er að ræða í þeim tilvikum sem opinberir aðilar ganga í ábyrgð vegna skuldbindinga aðila í samkeppnisrekstri, svo sem vegna lántöku þeirra.
- *Almennar hópundanþágur* („*General Block exemption*”). Unnið hefur verið að endurskorskoðun á reglum um almennar hópundanþágur og voru þriðju drög að þeim lögð fram 28. febrúar 2008 og þær síðan ræddar í ráðgjafarnefnd í apríl 2008.
- *Endurskipulagning og björgun fyrirtækja í rekstrarerfiðleikum*. Gildandi leiðbeiningar falla úr gildi í október 2009. Frestur til að svara spurningum varðandi reynslu af þeim og láta í ljós skoðanir var til 30. nóvember 2007. Málið var rætt á fundi ráðgjafarnefndar fulltrúa aðildarríkjanna apríl 2008, en niðurstöður hafa ekki verið gefnar út þegar þetta er skrifað.
- *Umhverfisvernd*. Í framhaldi af umsagnaferli á árinu 2007 gaf framkvæmdastjórnin út nýjar leiðbeiningar um ríkisstyrki vegna umhverfisverndar þann 23. janúar 2008 ([OJ C 82, 01.04.2008](#)). Þann 19. des. 2007 framlengdi Eftirlitsstofnun EFTA [ríkisstyrkjareglum](#) sínum á þessu sviði þar til framkvæmdastjórnin hefði sett nýjar reglur.
- *Hljóðvarp og sjónvarp í almannabágu*. Frestur til að svara spurningum framkvæmdstjórnarinnar varðandi gildandi reglur og þörf á breytingum rann út 10. mars 2008.
- *Skipasmíðar*. Reglur um ríkisaðstoð við skipasmíðar tóku gildi 1. janúar 2004 með gildistíma til ársloka 2006. Gildistíminn var síðan framlengdur út árið 2008. Þann 26. feb. 2008 sendi framkvæmdastjórnin frá sér samráðsskjal þar sem lagt var til að framlengja gildandi reglur um ríkisaðstoð við skipasmíðar út árið 2011. Frestur til athugasemda rann úr 26. mars 2008 og eru innkomnar athugasemdir birtar á vef framkvæmdastjórnarinnar.
- *Rannsóknir, þróun og nýsköpun*. Framkvæmdastjórn ESB gerði breytingar á leiðbeiningum sínum á sviði [rannsókna, þróunar og nýsköpunar](#) sem giltu frá ársbyrjun 2007. Þann 7. febrúar 2007 gerði Eftirlitsstofnun EFTA samsvarandi breytingar á [leiðbeiningum](#) sínum.

Eftirlitsstofnun ESA gaf út [endurskoðaðar](#) leiðbeiningar varðandi ríkisstyrki þann 3. maí 2007 og var aðal tilgangurinn að einfalda framsetningu og gera efnið aðgengilegra.

Endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar á ríkisstyrkjaleiðbeiningum
http://ec.europa.eu/comm/competition/state_aid/reform/reform.cfm

Leiðbeiningar ESA um ríkisstyrki
<http://www.eftasurv.int/fieldsOfWork/fieldstateaid/guidelines/>

Opinber innkaup

Í skýrslu sendiráðsins vegna fyrri hluta ársins 2007 er fjallað um þróun reglna ESB um opinber innkaup. Þar er greint frá tilskipunum 2004/17/EB og 2004/18/EB um opinber innkaup og áhrif þeirra á lög nr. 84/2007 um opinber innkaup. Einnig er þar að finna yfirlit yfir ýmis mál sem framkvæmdastjórnin vann að á árinu 2007 svo sem:

- endurskoðun á tilskipunum um *réttarúrræði* vegna opinberra útboða („Public Procurement Remedies Directives”);

- tilskipun um opinber *innkaup til varnarmála* og öryggishagsmuna („Defence procurement”);
- aðferðir opinberra aðila við að *velja einkaaðila til samstarfs um stofnun félags* um opinber verkefni („IPPP, Institutionalised PPP”);
- framkvæmdaáætlun um *rafræn innkaup* („eProcurement action plan”);
- möguleika *lítilla og meðalstórra fyrirtækja* á þátttöku í opinberum innkaupum;
- *græn opinber innkaup* og
- opinber innkaup í þágu *rannsókna, þróunar og nýsköpunar*.

Helstu verkefni á framkvæmdastjórnarinnar varðandi opinber innkaup, á seinni hluta 2007 og fyrri hluta ársins 2008, voru sem hér segir:

- *Kaup á almannaþjónustu*. Í nóvember 2007 gaf framkvæmdastjórnin út skýrslu (SEC(2007) 1514) með svörum við algengum spurningum varðandi beitingu innkaupareglna vegna innkaupa á almannaþjónustu.
- *Innkaupaorðasafn*. Í lok nóvember 2007 gaf framkvæmdastjórnin út endurskoðað innkaupaorðasafn (Regulation 2008/213/EC) sem ætlað er að auðvelda fyrirtækjum að taka þátt í útboðum.
- *Aukinn réttur bjóðenda*. Í desember 2007 var gefin út tilskipun (2007/66/EC Remedies directive), sem felur í sér að bíða þarf í að minnsta kosti 10 daga með að gera samning eftir að tilboði er tekið, svo þeir sem gerðu tilboð sem ekki er gengið að geti komið sjónarmiðum sínum á framfæri. Þessi biðtími er í samræmi við lög um opinber innkaup nr. 84/2007.
- *Stofnun fyrirtækja í sameign opinberra aðila og einkaaðila*. Í febrúar 2008 gaf framkvæmdastjórnin út minnisblað (MEMO/08/95) um hvaða reglum hún telur að þurfi að fylgja þegar opinberir aðilar og einkaaðilar stofna fyrirtæki saman („Institutionalised Public-Private Partnerships, IPPP”)

Auk framangreindra verkefna stóð framkvæmdastjórnin fyrir könnun í vor meðal aðildarríkjanna á því hvaða aðferðir þau nota við að *auðvelda litlum og meðalstórum fyrirtækjum* að taka þátt í opinberum útboðum. Framkvæmdastjórnin miðar við að gefa út leiðbeiningar um þetta efni um mitt yfirstandandi ár í tengslum við væntanlega Evrópulöggjöf um smáfyrirtæki, „European Small Business Act”. Þróunarverkefni um *rafræn innkaup* („e-Procurement”) og rafræna vörulista („e-catalogues”) eru af sama meidi. Þá er framkvæmdastjórnin að móta aðgerðir til að örva *umhverfisvæn innkaup* og að lokum skal nefnt að unnið er að útgáfu handbókar um *samfélagslega ábyrgð* opinberra innkaupa („Handbook on Socially Responsible Procurement”) og er gert ráð fyrir að drög liggja fyrir á seinni hluta ársins 2008.

Fréttir og upplýsingar frá framkvæmdastjórninni um innkaupareglur
http://ec.europa.eu/internal_market/publicprocurement/news_en.htm

Starfstengdur lífeyrir

Alþingi leiddi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2003/41/EC í lög nr. 78/2007 um starfstengda eftirlaunasjóði. Þar er fjallað um starfsemi og eftirlit með lögaðilum sem sjá um starfstengd eftirlaun. Frá því tilskipunin var samþykkt hefur staðið yfir umræða innan ESB um að setja tilskipun sem tryggi að launafólk glati ekki lífeyrisréttindum sem það ávinnur sér þótt það flytji sig á milli vinnuveitenda eða á milli landa. Framkvæmdastjórnin setti 9. október

2007 fram tillögur sínar um þetta efni í tilskipun COM(2007) 603 final og er hún nú til umræðu en skoðanir skiptar og því óvíst hver niðurstaðan verður.

Lífeyrisgreiðslur

http://ec.europa.eu/employment_social/spsi/pensions_en.htm

Aukinn flytjanleiki viðbótar lífeyrisréttar

<http://europa.eu/scadplus/leg/en/cha/c10139.htm>

Að tryggja viðbótar lífeyrisrétt

<http://europa.eu/scadplus/leg/en/cha/c10520.htm>

Um fjöllum vefsíðu euractive.com

<http://www.euractiv.com/en/migration+mobility/commission-defends-proposals-pension-portability/article-169825>

Rafræn stjórnsýsla

Framkvæmdstjórn ESB stendur fyrir þróunarverkefnum á sviði rafrænnar stjórnsýslu undir heitinu **IDABC** („Interoperable Delivery of European eGovernment Services to public Administrations, Business and Citizens”). Tilgangurinn er að nýta upplýsingatæknina til að gera opinbera stjórnsýslu í Evrópu nútímalega, bæta samskipti milli stjórnvalda og gera álfuna meira aðlaðandi fyrir þá sem búa, vinna og fjárfesta þar. Unnið er að verkefnum á þessu sviði í samræmi við **IDABC áætlun** fyrir árin 2005-2009. Áætlunin er endurskoðuð árlega og samþykkt framkvæmdastjórnin fimmtu útgáfu hennar þann 21. maí 2008. Svokölluð PEGSCO-nefnd („Pan-European eGovernment Services Committee”) sem skipuð er fulltrúum aðildarríkjanna, fjallar um og samþykkir þróunarverkefni. Fjármálaráðuneytið fylgist með starfi hennar og ýmissa sérfræðihópa sem starfa að verkefnum. Þá á ráðuneytið aðild að nýstofnaðri nefnd æðstu yfirmanna upplýsingatæknimála í opinberri stjórnsýslu („Chief Information Officers”) sem ætlað er að móta sameiginlega stefnu ríkjanna. Hér á eftir verða nefnd dæmi um verkefni á IDABC áætlun:

- „*European Interoperability Framework*” (*EIF*). Tilgangurinn er að setja tæknilega staðla og reglur sem rafrænar upplýsingar stjórnvalda þurfa að fylgja.
- „*eProcurement*”. Tilgangurinn er að þróa rafræn innkaupafærli þannig að öll samskipti og upplýsingagjöf milli seljenda og kaupenda fari fram rafrænt, svo sem varðandi pantanir og greiðslur.
- *sTESTA* („Secured Trans European Services for Telematics between Administrations”). Tilgangurinn er að tryggja öryggi gagna og upplýsingakerfa.
- *EESSI* (Electronic Exchange of Social Security Information) áður *PROTECTUS*. Tilgangurinn er að auðvelda upplýsingagjöf um félagslega þjónustu fyrir almenning.
- „*Flexible Platform*” (*FPFIS*). Tilgangurinn er að þróa búnað sem þýða má á öll tungumál til að auðvelda samskipti þeirra sem vinna við rafræna opinbera stjórnsýslu („e-Government”) í Evrópu.

HEILBRIGÐIS- OG LYFJAMÁL

HEILBRIGÐISMÁL

Áætlanir á sviði heilbrigðismála

Ísland er í gegnum EES samninginn aðili að eftirfarandi áætlunum Evrópusambandsins sem veita stuðning við verkefni á sviði heilbrigðismála:

- **Heilbrigðisáætlunin.** Meginmarkmið hennar er að stuðla að auknu heilbrigðisöryggi almennings, auka almannheilbrigði og lífsgæði, og almenna þekkingu um gildi heilbrigðismála. Íslenskir aðilar hafa verið virkir þátttakendur í verkefnum sem áætlunin styrkir og mikilvægt er að tryggja að svo verði áfram.
- **Áætlun um fíkniefnaforvarnir og upplýsingar.** Þrenns konar aðgerðir verða fjármagnaðar: Í fyrsta lagi sameiginleg verkefni sem framkvæmdastjórn ESB stendur að. Í öðru lagi er henni ætlað að styrkja einstök verkefni sem a.m.k. þrjú aðildarríki áætlunarinnar standa að. Að endingu er ætlunin að styðja ýmis viðfangsefni félagasamtaka og óopinberra aðila sem vinna í samræmi við markmið áætlunarinnar.
- Í sjöundu rammaáætluninni fyrir rannsóknir og vísindi, sem er langstærsta áætlunin sem rekin er af Evrópusambandinu, er sérstakur **kafli um heilbrigðismál**. Fjölmörg tækifæri eru til samstarfs á þessu sviði en alls munu um 6.100 milljónir evra renna til heilbrigðisverkefna á tímabilinu.

Allar ofangreindar áætlanir ná yfir tímabilið frá 2007 til 2013.

Heilbrigðisstefna ESB

Haustið 2007 lagði framkvæmdastjórn ESB fram stefnumörkun fyrir sambandið á sviði heilbrigðismála. Með henni er í fyrsta skipti sett fram samræmd stefna fyrir Evrópusambandið á sviði heilbrigðismála, bæði innan bandalagsins og eins varðandi framlag þess til heilbrigðismála á heimsvísu. Meginstef stefnumörkunarinnar er samþætting heilbrigðissjónarmiða við önnur samfélagsleg viðfangsefni. Sjá nánar á [heimasíðu framkvæmdastjórnar ESB](#).

Stefnumörkunin hefur fengið pólitískan stuðning heilbrigðisráðherra ESB, en málið hefur verið til umræðu á síðustu fundum ráðherraráðsins. Sjá nánar [fundargerð](#) frá síðasta fundi heilbrigðisráðherra ESB þann 10. júní síðastliðinn (bls. 23).

Embættismannanefnd um heilbrigðisþjónustu

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur unnið að því að meta þróun á sviði heilbrigðisþjónustu einkum að því er varðar frelsi sjúklinga til þess að sækja heilbrigðisþjónustu til annarra landa. Um þessi áform er fjallað í stefnumarkandi áætlun ESB frá 2004 (*Follow-up to the high level reflection process on patient mobility and healthcare developments in the European Union*). Á vettvangi embættismannanefndar ESB, *High level group on health service and medical care*, eru þessi mál til umræðu og þar hafa verið samþykktar leiðbeinandi reglur um viðskipti milli ríkja með heilbrigðisþjónustu.

Ísland hefur ásamt Noregi átt áheyrnaraðild að störfum embættismannanefndarinnar og gefur það mikilvægt tækifæri til að fylgjast náið með framvindu umræðu á þessu sviði meðal ríkja Evrópusambandsins, og ekki síst að fylgjast með mótun reglusetningar á þessu sviði. [Sjá nánar](#).

Heilbrigðisþjónusta á innri markaði

Eins og greint hefur verið frá í fyrri skýrslum hefur verið unnið að því af hálfu framkvæmdastjórnar ESB síðustu misseri að móta tillögur að tilskipun um heilbrigðisþjónustu

á innri markaði ESB. Tillagan leit dagsins ljós þann 2. júlí síðastliðinn og eru helstu markmið hennar að tryggja og samræma ákvæði um rétt/skyldur einstaklinga varðandi það þegar heilbrigðisþjónusta er sótt til annarra landa. Tillögunni er þannig ætlað að ramma með skýrari hætti þær reglur sem um þetta gilda og byggja á ákvæðum í stofnsáttmálum ESB, auk þess að taka mið af þeirri dómaframkvæmd sem fyrir liggur hjá Evrópudómstólnum.

Helstu ákvæði þessarar nýju tillögu eru eftirfarandi:

- Sjúklingar hafa rétt á því að sækja sér heilbrigðisþjónustu og fá endurgreitt frá heimalandi á grundvelli sömu reglna og ef þjónustan hafi verið veitt þar. Tilskipunin setur skýrar reglur um þetta atriði, um takmarkanir sem eru fyrir stjórnvöld að hindra slíkt frelsi og varðandi endurgreiðsluréttinn.
- Meðal annars er kveðið á um að ekki sé heimilt að takmarka heilbrigðisþjónustu sem felur ekki í sér sjúkrahússdvöl, en kalli þjónustan á innlögn á sjúkrahús er stjórnvöldum heimilt að taka upp stýringu (prior authorization) m.a. með hliðsjón af ríkisfjármálum. Það er þó ekki takmarkalaust samkvæmt tillögunni og ákveðið hóf verður að vera á þessi stýringu.
- Aðildarríki bera ábyrgð á heilbrigðismálum hvert á sínu yfirráðasvæði, bæði stjórn og skipulagi, sem og gæðum við veitta þjónustu.
- Tilskipunin kveður á um aukið og náið samstarf á milli aðildarríkja, svo sem varðandi stjórnsýslulega upplýsingamiðlun og læknisfræðilegar upplýsingar varðandi þá sjúklinga sem fara á milli landa til að sækja sér heilbrigðisþjónustu. M.a. er fjallað um nauðsyn þess að samræma betur meðferð og gagnkvæmt samþykkti lyfseðla sem gefnir eru út á svæðinu.
- Þá eru ákvæði um eflingu upplýsingatækni varðandi samstarf aðildarríkja og heilbrigðisstofnana, svokallað „e-Health“.

Verði tilskipunin að lögum byggir hún á ákvæðum í stofnsáttmála ESB um þjónustufrelsi, en sambærileg ákvæði eru í EES samningnum. Því er dregin sú ályktun hér að verði tilskipunin að lögum væri skylt að taka hana upp í EES samninginn. Málið kann hins vegar að vera umdeilt saman ber sú umræða sem fram fór á sínum tíma um tillögu að þjónustutilskipuninni, en í upphaflegri tillögu að þeirri tilskipun voru umdeild ákvæði um heilbrigðisþjónustu. [Sjá nánar.](#)

Von á tillögu að tilskipun varðandi líffæraflutninga

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur undanfarin misseri undirbúið tillögugerð að setningu reglna varðandi líffæragjöf, flutning og ígræðslu líffæra. Á síðasta ári sendi hún frá sér formlega [orðsendingu](#) þar sem helstu viðfangsefni á þessu sviði eru skilgreind og jafnframt mörkuð stefna um frekari aðgerðir af hennar hálfu. Það felur meðal annars í sér leiðir til að tryggja gæði og öryggi slíkra aðgerða, aukið framboð á líffærum og áform um aukna skilvirkni og gegnsæi í líffæraflutningum í aðildarríkjum Evrópusambandsins.

Slík reglusetning myndi byggja á 152. grein stofnsáttmála ESB sem veitir framkvæmdastjórninni ákveðnar heimildir til aðgerða á sviði heilbrigðismála. Meðal annars byggðu nýlegar tilskipanir um blóð annars vegar og frumur og vefi hins vegar á þeirri heimild, sem allar hafa verið teknar upp í EES samninginn.

Mál þetta var til [umræðu](#) á fundi heilbrigðisráðherra ESB í júní síðastliðinn og boðaði framkvæmdastjórnin að formleg tillaga að tilskipun verði sett fram seinni hluta þessa árs.

Lýðheilsa

Á síðasta ári sendi framkvæmdastjórnin frá sér [Hvítbók](#) um leiðir í baráttunni gegn offitu. Í hvítbókinni eru settar fram ýmsar tillögur um það hvernig Evrópusambandið getur lagt baráttunni gegn þessum heilbrigðisvanda og afleiðingum hans lið.

Þá er rétt að rifja upp að í lok ársins 2006 sendi framkvæmdastjórnin frá sér Hvítbók um þann vanda sem skaðleg áfengisneysla er fyrir íbúa Evrópu. Málið hefur verið rætt í stofnunun ESB og meðal aðildarríkja þess, en hvítbókin kristallar vandann og setur upp leiðir til að vinna á honum. Hún var m.a. til formlegrar umræðu í Evrópuþinginu síðasta haust. [Sjá nánar á heimasíðu þingsins.](#)

Samráð um aðgerðir gegn útbreiðslu berkla

Evrópska smitsjúkdómastofnunin ([European Center for Disease Prevention and Control](#)) hefur sent frá sér aðgerðaráætlun sem ætlað er að vinna gegn útbreiðslu berkla í Evrópu. Ísland er ásamt öðrum EES/EFTA ríkjum aðili að stofnuninni og því tekur áætlunin einnig mið af stöðu mála hér á landi.

Unnið hefur verið að þessari áætlunargerð síðustu árin af hálfu Evrópsku smitsjúkdómastofnunarinnar í samstarfi við einstök aðildarríki. Aðgerðaráætlunin kemur með tillögur um aðgerðir í einstökum ríkjum sem og sameiginlega á vettvangi Evrópusambandsins, auk þess að fjalla um tíðni berkla í löndum utan Evrópska efnahagssvæðisins. Markmiðið er að ná betri tókum á sjúkdómnum bæði í Evrópu og utan, en áætlunin tekur jafnframt mið af þúsaldarmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna hvað þessi mál varðar og aðgerðum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar á þessu sviði. [Sjá nánar.](#)

Geðheilbrigðismál

Geðheilbrigðismál hafa verið í brennidepli hjá Evrópusambandinu, meðal annars var sett fram [grænbók](#) um þessi viðfangsefni í september 2005, sem lagði meginlínur fyrir þá umræðu sem átt hefur sér stað innan sambandsins síðan. Þann 13. júní síðastliðinn var haldinn ráðstefna í Brussel þar sem lagður var fram [sáttmáli um geðheilbrigðismál](#) (*European Pact for Mental Health and Well-being*). Sáttmálin er nokkurskonar viljayfirlýsing um áframhaldandi eindrægni í því að vinna áfram að því að bæta geðheilbrigði Evrópubúa. Fjögur meginviðfangsefni á þessu sviði eru sett fram í sáttmálanum: Koma í veg fyrir sjálfsvíg og þunglyndi, bætt geðheilsa meðal ungmenna og í skólakerfi, bætt umhverfi á vinnustöðum og geðheilsa aldraðra. Á grundvelli sáttmálast verður ráðist í ýmis verkefni á árunum 2009 til 2010.

LYFJAMÁL

Reglur um upplýsingar til sjúklinga

Evrópusambandið hefur í hyggju að leggja fram breytingatillögur við gildandi reglur er varða upplýsingagjöf til sjúklinga og almennings um lyf (m.a. með því að breyta gilandi tilskipun nr. [2001/83/ESB](#)). Markmið slíkra tillagna er að tryggja hlutlausar, áreiðanlegar og áróðurslausar upplýsingar um lyfseðilsskyld lyf og samræma um leið framkvæmd í einstökum aðildarríkjum. [Sjá nánar.](#)

Samráð um lyfjagát

Nýlega birti framkvæmdastjórn ESB niðurstöður úr samráðsferli um frekari aðgerðir til að stuðla að aukinni lyfjagát (pharmacovigilance). Margvíslegar ábendingar komu fram hvernig

styrkja megi regluverk Evrópusambandsins á þessu sviði og auka samstarf aðildarríkja, lyfjaframleiðenda og hagsmunasamtaka sjúklinga hvað þessi mál varðar. Líklegt er að í kjölfar þessa samráðs leggi framkvæmdastjórnin fram ákveðnar tillögur um breytingar á gildandi reglum hvað lyfjagát og lyfjaeftirlit varðar og munu þær reglur væntanlega einnig varða EES samninginn.

[Sjá nánar.](#)

Lyfjapakinn

Unnið hefur verið að því frá árinu 2000 að endurskoða lyfjareglur ESB. Ný tilskipun var sett árið 2001 sem var ætlað að bæta ferli við markaðssetningu lyfja og auka um leið samkeppnishæfni evrópska lyfjaiðnaðarins á heimsvísu. Árið 2004 samþykkti Evrópusambandið tvær tilskipanir og eina reglugerð sem var ætlað að ná fram enn frekari framþróun lyfjamála á innri markaði ESB (sjá tilskipanir 2004/27/ESB og 2004/28/ESB). Breytingarnar hafa gengið undir nafninu **Lyfjapakinn**. Unnið hefur verið að því að meta upptöku tilskipananna í EES samninginn á vettvangi EFTA skrifstofunnar, sú vinna er langt komin og því mun það liggja fyrir innan tíðar að innleiða lyfjapakinn í íslenskan rétt. [Sjá nánar.](#)

Samráðsvettvangur á sviði lyfjamála ofl. – Pharmaceutical forum

Eins og rakið hefur verið í fyrri skýrslum er starfandi sérstakur lyfjavettvangur Evrópusambandsins (Pharmaceutical Forum). Þar koma saman lyfjamálaráðherrar Evrópusambandsríkja, lyfjaframleiðendur og hagsmunaaðilar. Verkefnið er eftirfarandi:

Addressing the fragmentation of the European pharmaceutical market, work will focus on R&D issues and regulatory matters at Member state level, such as the crucial issues related to pricing and relative effectiveness.

EFTA ríkin eiga kost á því að senda sameiginlega einn áheyrnarfulltrúa á þennan vettvang og hefur framkvæmdastjóri EFTA gegnt því hlutverki. Þá eiga EFTA ríkin kost á að senda fulltrúa til starfa með vinnuhópum lyfjavettvangsins, en Ísland situr fundi í vinnuhópi er fjallar um lyfjaverðlagsmála annars vegar og upplýsingagjöf til sjúklinga hins vegar. Á næsta fundi samstarfsvettvangsins sem haldinn verður 2. október nk. verður tekin ákvörðun um framhald þessa samstarfs, en það var upphaflega sett á laggirnar sem þriggja ára tilraunaverkefni og rennur sá tími út nú á haustdögum.

Ísland hefur vakið sérstaka athygli á þeim vanda sem minni markaðssvæði á evrópska efnahagssvæðinu eiga við að glíma þegar kemur að lyfjaverði og lyfjaframboði. Þetta álitamál er nú skoðað sérstaklega af hálfu framkvæmdastjórnarinnar og taka fulltrúar Íslands þátt í þeim umræðum. Vert er að vekja sérstaka athygli á könnun sem gerð var í tengslum við vinnuhóp á sviði lyfjaverðs, „Analysis of differences and commonalities in pricing and reimbursement systems in Europe“. Sjá.

Þá hefur framkvæmdastjórnin boðað, í tengslum við [almennt átak til eflingar innri markaðar ESB](#), aðgerðir á sviði lyfjamarkaðsmála. Áfram verður unnið að því að bæta og einfalda eftirlit með lyfjum með öryggi neytenda í fyrirrúmi og áhersla er lögð á mikilvægi aðgengilegra upplýsinga um lyf og lyfjaþjónustu. Í stefnumörkuninni kemur fram að framkvæmdastjórnin hyggst fljótlega kynna fjölda aðgerða á þessum sviðum, sem jafnframt á að stuðla að því að Evrópa geti áfram verið í fararbroddi varðandi framleiðslu og þróun lyfja.

Tillaga frá ESB um lækningatæki

Nýlega samþykkti ESB nýja tilskipun (nr. 2007/47/ESB) um breytingu á þremur tilskipunum sem í gildi eru varðandi markaðsleyfi fyrir og eftirlit með lækningatækjum. Umræddar tilskipanir hafa allar verið teknar upp í EES samninginn. Markmiðið er að auka enn öryggi hvað þessi mál varðar með því að bæta upplýsingar um lækningatæki og öryggisgæði þeirra. [Sjá nánar.](#)

Samræmdar reglur um sérhæfð lyf

Fyrir liggur reglugerð sem kveður nánar á um fyrirkomulag framleiðslu og markaðsleyfa á nýjum sérhæfðum lyfjum er byggja á genavísindum, frumum og vefjum (advanced therapies). Þessar nýju aðferðir geta haft áhrif við meðferð margskonar sjúkdóma og slysa sem erfið hafa verið viðureignar, svo sem Alzheimer, krabbamein, brunasár ofl. [Sjá nánar.](#)

IÐNAÐAR- OG ORKUMÁL

ORKUMÁL

Hinn 19. september 2007 voru birtar tillögur framkvæmdastjórnar ESB um afnám hafta í orkumálum¹. Er þar að finna tillögur að ítarlegri útfærslum á núgildandi löggjöf í orkumálum sem er ætlað að tryggja að val neytenda sé raunverulegt og skilvirkt. Tillögurnar, sem hafa verið nefndar þriðji orkupakkinn samanstanda af nokkrum tillögum, m.a. tillögu að tilskipun um sameiginlegar reglur fyrir innri raforkumarkað (*Directive amending Directive 2003/54 concerning common rules for the internal market in electricity*) COM (2007) 0528². Tillögurnar eru allar merktar af hálfu Evrópusambandsins að þær varði EES samninginn.

Nýjum tillögum að löggjöf um afnám hafta á orkumarkaðinum er ætlað að koma til framkvæmda meginmarkmiðum orkustefnu ESB um samkeppni, sjálfbærni og öruggt orkuframboð. Raunverulegt val neytenda, sanngjarnt verð, hrein orka og öryggi orkuafhendingar er sett á oddinn.

Hvað varðar stöðu málsins þá voru tillögurnar lagðar fram á ráðsfundi orkuráðherra til kynningar þann 3. desember 2007, en umræða fór ekki fram þar sem aðildarríkin eru enn ósammála, m.a. um þann hluta sem snýr að sundurgreiningu á eignarhaldi. Þýskaland og Frakkland hafa farið fyrir hópi átta ríkja sem hafa lagt fram málamiðlunartillögu, svo kallaða þriðju leið í stað kröfu um sundurgreiningu eignarhalds en sú tillaga fjallar um sjálfstæða flutningsaðila (*e. independent transmission operators*). Meirihluti virtist styðja þá leið á fundi orkuráðherra 6. júní sl. Skýrsla „rapporteur“ í orkunefnd Evrópuþingsins styður þó enn upphaflega tillögu ráðsins um algjöra sundurgreiningu (*e. effective unbundling*)³. Gert er ráð fyrir að umræðu um pakkann verði lokið í desember eða á fyrstu vikum 2009.

¹ http://ec.europa.eu/energy/electricity/package_2007/index_en.htm.

² http://ec.europa.eu/prelex/detail_dossier_real.cfm?CL=en&DosId=196176

³ <http://www.europarl.europa.eu/sides/getDoc.do?pubRef=-//EP//NONSGML+REPORT+A6-2008-0191+0+DOC+WORD+V0//EN>

Loflagspakinn

Pann 23. janúar kynnti framkvæmdastjórnin nýja löggjafarpakka, sem nefndur hefur verið loftlagspakinn (e. *Climate Change Package*). Er þar að finna nákvæma verkáætlun um hvernig þeirri pólitísku stefnumörkun sem sett var fram á sl. ári í umhverfis og orkumálum ESB verði náð fram. En þau eru:

- að ná fram 20% samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir 2020, og er ESB tilbúið að fara í 30% með alþjóðlegum samningi
- að 20% orkunýtingar verði með endurnýjanlegri orku fyrir 2020

Í pakkanum er jafnframt að finna tillögur er varðar:

- breytingu á viðskiptakerfi með losunarheimilir (e. *Emmission Trading Scheme, ETS*) til að búa til viðskiptakerfi án landamæra til að unnt verði að ná fram samdrætti í losun frá iðnfyrirtækjum sem losa mikið.
- Bindandi markmið fyrir hvert ríki svo ríkjum sé ljóst hvað þau þurfi að gera fyrir utan þá geira sem falla undir ETS, s.s. samgöngur, byggingar, landbúnaður og úrgangur.
- Ný nálgun sem ætlað er að ýta undir notkun endurnýjanlegra orkugjafa með bindandi markmiðum aðildarríkja.
- Nýjar reglur til að ýta undir „carbon capture and storage”, tækni morgundagsins ætla til að draga úr losun.
- Nýjar ríkisstyrkjareglur.
- Bindandi markmiðu um 10% hlut lífræns eldsneytis í samgöngum.

Tillaga að tilskipun um endurnýjanlega orku

Tillagan byggir á orkupakkanum sem birtur var í janúar 2007 sem ráðherrar aðildarríkjanna lýstu stuðningi við tveimur mánuðum síðar. Markmið um að 20% orkunotkunar verði fengin frá endurnýjanlegum orkugjöfum 2020 er metnaðarfullt, en í dag eru 8,5% orkugjafa ESB ríkjanna fengnir frá slíkum orkugjöfum. Markmið um 20% kallar því á ögrandi átak allra atvinnugreina og allra aðildarríkja ESB.

Til að ná fram framangreindu markmiði hefur framkvæmdstjórnin lagt fram tillögu að tilskipun, sem ætlað er að setja fram markmið fyrir hvert og eitt aðildarríki sem leiða til þess að endanlegt markmið um 20% orkugjafa frá endurnýjanlegum orkugjöfum og 10% lágmarks markmiði fyrir lífrænt eldsneyti í samgöngum 2020 verði náð.

Tillögurnar eru hluti af heildarpakka aðgerða ESB til að berjast gegn aukinni losun gróðurhúsalofttegunda m.a. með því að minnka orkunotkun frá jarðefnaeldsneyti til annarra orkugjafa. Enn fremur að samræmdra aðgerða sé þörf til að bregðast við vandanum. Það að ESB þurfi að treysta í auknum mæli á innflutning orkugjafa skapar hættu á öryggi framboðs og leiðir til hærri kostnaðar. Hins vegar hefur það víðtækar hagsbætur að ýta undir fjárfestingu í orkunýtingu, endurnýjanlegri orku og nýrri tækni auk þess að stuðla að áætlun ESB um vöxt og atvinnu.

Endurnýjanlegir orkugjafar eru fyrst og fremst innlendir og byggjast ekki á framtíðar framboði hefðbundinna orkugjafa. Þetta eðli endurnýjanlegra orkugjafa gera hagkerfið síður veikt fyrir óstöðugu orkuframboði.

Endurnýjanleg orka varðar þrjú svið: rafmagn, hitun og kælingu og samgöngur. Það er lagt í hendur aðildarríkjanna að ákveða hvernig framlag hvers atvinnusviðs verður til að

lokamarkmiði ríkisins verði náð. Þátttaka í þróun endurnýjanlegrar orku í öðrum aðildarríkjum eða þriðju ríkjum er jafnframt leið til að ná markmiðum.

Lágmarks markmið ESB um að hlutur lífræns eldsneytis verði 10% í samgöngum nær til allra aðildarríkja.

Tillagan er í samræmi við áætlun fyrir orkurannsóknir í Evrópu (SET-PLAN, COM (2007)723) sem birt var í nóvember. Áætlunin dregur fram mikilvægi þess að næsta kynslóð endurnýjanlegrar orkutækni verði samkeppnishæf.

Í dag eru tvær tilskipanir á sviði endurnýjanlegrar orku, annars vegar fyrir raforku og hins vegar lífrænt eldsneyti. Um þriðja sviðið, hitun og kælingu, hefur ekki gilt evrópsk löggjöf fram að þessu.

Tilskipun 2001/77 um endurnýjanlega orku var tekin upp í EES samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES nefndarinnar nr. 102 frá 8. júlí 2005. Sú tilskipun byggir eins og nýja tillagan á 175 gr. sáttmála Evrópusambandsins, sem fjallar efnislega um umhverfismál. Tilskipunin var tekin inn í samninginn með aðlögun hvað varðar Noreg og Ísland en Liechtenstein er undanþegið.

Tilskipun 2003/30 um notkun lífræns eldsneytis í samgöngum er ekki hluti af EES samningnum. Tillagan er merkt EES tæk og er hún til umræðu í EFTA vinnuhópi um orkumál. Mikil hreyfing er á málinu og er það eitt af forgangsmálum frönsku formennskunnar. Stefnt er að því að málinu verði lokið með einni umræðu í desember 2008 eða á fyrstu vikum árs 2009.

„Small business Act”

Þann 19. júní kom framkvæmdastjórnin fram með tillögur sem ætlað er að bæta hag smárra og meðalstórra fyrirtækja, SMEs, sem nefnd hefur verið *Small Business Act, SBA*. Fela tillögurnar í sér 10 leiðbeinandi markmið og leggja til aðgerðir sem framkvæmdastjórnin þarf að grípa til auk aðildarríkjanna sjálfra. Leggur framkvæmdastjórnin til að haft verði pólitískt samráð milli ESB og aðildarríkjanna um vilja til að viðurkenna mikilvægi smárra og meðalstórra fyrirtækja í efnahagskerfi ESB. Þá verði í fyrsta skipti sett fram heilstæð stefna um málefni slíkra fyrirtækja.

Framkvæmdastjórnin hefur þá upplýst að lagðar verði fram lagatillögur á fjórum sviðum sem varða smá og meðalstór fyrirtæki sérstaklega.

1. Nýrri *reglugerð um hópundanþágur vegna ríkisstyrkja* er ætlað að einfalda ferla og draga úr kostnaði. Í henni verður hækkað hámark styrkja til SMEs (e. *aid intensity*) auk þess sem þeim verður gert auðveldara að njóta styrkja vegna þjálfunar, rannsókna og þróunar, umhverfisverndar og annarra tegunda ríkisstyrkja.
2. Þá verður lögð fram *tillaga um löggjöf um evrópsk einkahlutafélög*, sem lúta munu sambærilegum markmiðum og löggjöf um evrópsk hlutafélög. Eru þau samin sérstaklega til að draga úr takmörkunum sem lagðar eru á starfsemi SMEs vegna starfsemi þeirra á milli landa, þ.e. að setja þurfi upp dótturfyrirtæki í öðrum ríkjum. Með tillögunni er gert ráð fyrir að SMEs geti sett upp fyrirtækið í sama formi, hvort heldur sem fyrirtækið hyggst starfa í heimaríki eða öðru ríki.
3. Nýjar *tillögur um virðisaukaskatt*.

Nánari upplýsingar er að finna á: http://ec.europa.eu/enterprise/entrepreneurship/sba_en.htm

LANDBÚNAÐAR- OG SJÁVARÚTVEGSMÁL

LANDBÚNAÐUR

Hin almenna landbúnaðarstefna ESB

Hin almenna landbúnaðarstefna Evrópusambandsins á sér enn sem fyrr meginstoð það samkomulag sem náð var árið 2003. Samkomulagið (Reform 2003) byggði á tillögum framkvæmdastjórnarinnar um endurskoðun á Agenda 2000 er markaði stefnu ESB í landbúnaðarmálum.

Aðalmarkmið framkvæmdastjórnarinnar þá var að hverfa frá framleiðslutengdum styrkjum í landbúnaði og greiða þá almennt án markaðstruflandi áhrifa s.s. með hliðsjón af umhverfisþáttum, dýravernd og heilbrigði dýra og afurða. Samkomulagið sem náðist var enn fremur byggt á fyrri ákvörðunum ESB um ramma fyrir fjárhagslegan stuðning til landbúnaðarins, sem nær fram til 2013 og var settur fram samhliða og með hliðsjón af ákvörðun um stækkun Evrópusambandsins.

Einnar-greiðslu kerfi (SPS)

Megineinkenni þessa nýja kerfis frá 2003 er einnar-greiðslu kerfi („SPS - Single Payment Scheme”). Greiðslur fara fram að mestu leyti sem árleg eingreiðsla og verið er að sameina með henni hinar ýmsu stuðningsgreiðslur sem hver bóndi fékk áður eftir mismunandi styrkjakerfum fyrir hverja afurð. SPS er ætlað að tryggja bændum sveifluminni afkomu með því að aftengja opinber framlög framleiðslunni. Framleiðsluákvarðanir hvers bónda í þessu kerfi hafa ekki lengur áhrif á hlut hans í framlögum þess opinbera, sem verða því eingöngu teknar með hliðsjón af markaðspörf fyrir afurðina og því markaðsverði sem hún skilar bóndanum.

Markmið breytinganna árið 2003 voru í meginatriðum þessi:

- Framleiðsluval bænda ráðist af markaði án opinberrar íhlutunar.
- Hvetja til að búskapur verði sjálfbær umhverfislega og efnahagslega
- Gera landbúnaðarstefnuna einfaldari fyrir bændur og framkvæmdaraðila hennar
- Styrkja stöðu ESB í samningum um WTO.

Aðildarríkjunum var gefinn allt að 2ja ára frestur til janúar 2007 til að innleiða þær breytingar, sem hófust 1. janúar 2005. Þá eru ákvæði í samningnum um mat og endurskoðun sem á að fara fram eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá því að öll eldri ríki ESB (15) hafa innleitt samninginn, sem er þá í síðasta lagi 2009.

Í október 2006 var samþykkt starfsáætlun um einföldun CAP „Simplification of the Common Agricultural Policy” sem er unnið eftir í dag. Þann 20. nóvember sama ár staðfesti framkvæmdastjórnin enn fremur tillögur að svokallaðri “heilbrigðisúttekt” (Health Check) landbúnaðarstefnunnar, sem kemur til með að endurmóta hana frá og með árinu 2009 til loka

samningsins án þess þó að breyta grunni hennar. Horft er til nýrra sjónarmiða varðandi loftslagsbreytingar, notkunar vatns sem takmarkaðrar auðlindar og lífrænna orkugjafa frá landbúnaðinum.

Að höfðu samráði við hagsmunaaðila kom framkvæmdastjórnin þann 20. maí sl. fram með tillögur sem taka til þriggja meginsviða:

- Beinna stuðningsgreiðslna
- Framleiðslu- og markaðsstjórnunar aðgerða
- Dreifbýlisstefnumála

Kerfi beinna stuðningsgreiðslna er talið of flókið og það þarf að gera einfaldara og hagkvæmara. Bændum þurfa að vera ljósari tengsl opinberra styrkja (SPS) við skyldur á sviði umhverfis, heilbrigðis manna, dýra og plantna. Jöfnun greiðslna milli bænda á tilteknar grunneiningar (lands) kemur einnig til álita til að draga úr mismun. Möguleikar á að fella undir þessar greiðslur aðstoð vegna árferðisáfalla eru einnig á dagskrá, sem kemur þá til lækkunar á beinum stuðningsgreiðslum til bænda.

Takmörkun verðlagsaðgerða með markaðsinngrípum til að stuðla að bættri afkomu bænda eða vegna markaðsaðstæðna er til athugunar með hliðsjón af minni hættu á verðhruni og almennt hækkandi verði afurða. Þá er talið rétt að fella niður möguleika bænda á fá greitt fyrir að taka landbúnaðarland úr notkun („set aside”) og að kvóti til framleiðslu mjólkur verði smám saman aukinn þar til hann verður lagður niður árið 2015, en athugað með þörf á stuðningsaðgerðum fyrir mjólkurframleiðendur á erfiðum svæðum valdi þessi breyting þeim fjárhagslegum vanda.

Vegna breyttra áskorana, sem landbúnaðurinn stendur frammi fyrir frá því sem var árið 2003 er varða loftslagsbreytingar, varúð gagnvart vatnsbúskap og lífræna fjölbreytni og framleiðslu lífrænnar orku, verði lögð ríkari áhersla á þessi atriði innan hinnar almennu landbúnaðarstefnu með tilfærslu fjármuna. Lagt er til að færð verði 8 % af beinum greiðslum til þessara verkefna.

Áður en kemur að breytingum laga um framkvæmd landbúnaðarstefnunnar, sem er ætlað er að taka gildi í byrjun ársins 2009, mun Evrópuþingið fjalla um málið og gefa sitt álit á þeim atriðum sem um ræðir. Gert er ráð fyrir að nýjar áherslubreytingar geti orðið í formennskutíð Frakklands, sem stendur yfir fyrri hluta árs 2008.

Tvíhliða samningur um landbúnaðarafurðir - endurskoðun

Nýr samningur um framkvæmd 19. gr. EES samningsins um endurskoðun viðskiptaávilnana með óunnar landbúnaðarafurðir kom til framkvæmda á fyrri hluta árs 2007. Hann fól í sér í aðalatriðum gagnkvæmar niðurfellingar á tollum afskorinna blóma og plantna, ótímabundnar heimildir til tollfrjáls innflutnings til Íslands á agúrkum, tómötum, papriku og káli fyrir Evrópusambandslöndin. Niðurfellingu tolla af öllum útflutningi Íslands á hestum til Evrópusambandslandanna og aukin kvóta við útflutning lambakjöts og auk þess nýjan kvóta á smjöri, skyri og pylsum fyrir Íslandi. Á móti fékk ESB ámóta magn í kvótum af nautgripakjöti, svínakjöti, kjúklingakjöti, rjúpum, pylsum, sérupprunamerktum afurðum, ostum og kartöflum. Samkvæmt ákvæðum EES samningsins er gert ráð fyrir að endurskoðun viðskiptaávilnana með óunnar landbúnaðarafurðir gerist reglulega, sem var undirstrikað í þessu samkomulagi. Óformlegar umræður fóru fram á fyrri hluta ársins 2008 um framkvæmd samningsins og um möguleika á endurskoðun samningsins. Framkvæmdastjórnin mun leita eftir umboði landa ESB til endurskoðunar á samningnum með frekari liðkun viðskipta í huga.

Bókun 3 – endurskoðun

Á grundvelli óska framkvæmdastjórnarinnar í lok árs 2006 um endurskoðun á viðskiptaávilnunum skv. bókun 3, hafa farið fram samningaviðræður milli ESB og Íslands um endurskoðun bóknarinnar. Norskum stjórnvöldum var kynnt á fyrri hluta árs 2008 staða samningsumleitana Íslands og ESB og kannað hvort þau vildu koma að samningaferlinu, sem þau höfnuðu á sömu forsendum og þau gerðu við upphaf samningaferilsins. Norðmenn telja að samningurinn á því formi og með því efnisinnihaldi sem er, þjóni vel hagsmunum allra aðila og þurfti ekki endurskoðunar við að svo komnu máli. Ísland og ESB hafa kynnt hvort öðru gagnkvæmar óskir og tilboð og er búist við að unnt verði að ljúka samningum á grundvelli þeirra seinni hluta árs 2008.

Lífrænn landbúnaður

Í júní árið 2007 var birt reglugerð Ráðsins (EC) No 834/2007 um lífræna framleiðslu, og merkingar lífrænna afurða, sem felldi úr gildi reglugerð 2092/1991 um sama efni. Reglugerð 834/2007 var unnin af ráðherraráðinu og því enginn aðgangur fyrir Ísland og Noreg að koma að vinnslu hennar á fundum á vegum framkvæmdastjórnarinnar. Kynningarfundur var haldinn á vegum EFTA þann 28. nóvember 2006 með fulltrúum frá framkvæmdastjórninni, sem kynntu drög sem lágu fyrir á þeim tíma. Meðal atriða voru ákvæði sem bönnuðu notkun á grindum í búpeningshúsum við lífræna framleiðslu, sem Ísland gerði athugasemd við á þeim tíma. Í framhaldi af þessari lagasetningu hefur framkvæmdastjórnin unnið að tillögum að nýrri reglugerð um reglur við innleiðingu reglugerðar 834/2007 með tilliti til lífrænnar framleiðslu, merkinga og eftirlits. Í júní 2008 voru tillögur að þessum reglum afgreiddar og samþykktar af fastanefnd framkvæmdastjórnarinnar um lífrænan búskap. Í reglunum eins og þær voru samþykktar er m.a. að finna útfærsla á áðurnefndu atriði um búpeningshús í grein 11 sem segir að „*livestock housing shall have smooth, but not slippery floors. At least half of the indoor surface area as specified in Annex III shall be solid, that is, not of slatted or of grid construction*” Einnig er í þeim að finna í viðauka V lista yfir fódurefni sem má nota við lífræna framleiðslu og um takmarkanir á notkun fódurefnanna, sem geta átt við skv. ákvæði í 22. gr. reglugerðarinnar. Þannig er notkun á fiskafurðum sem fódur við lífræna framleiðslu einungis leyfð séu þær fengnar með sjálfbærum veiðum. Þá er ennfremur sett sú takmörkun á notkun þeirra sem fódur að einungis er heimilt að fódra önnur dýr en grasbíta á fiskimjöli eigi afurðirnar að teljast lífrænt ræktaðar. Þessar reglur eru því þrengri en „TSE reglugerðin” 999/2001 hvað þetta varðar, sem bannar notkun á fiskimjöli í fódri jörturdýra annarra en ungra dýra. Hér er því gengið vísvitandi lengra af SCOF en SCFAH gerir. Leitað verður staðfestingar ráðherraráðsins í framhaldi af þessari samþykkt fastanefndarinnar en stefnt er að því að reglugerðin taki gildi í byrjun árs 2009.

Framkvæmdastjórnin hefur enn fremur lagt fram vinnuskjal að reglugerð um lífrænan búskap með vatnadýr og vatnagróður. Reglur verði settar um lífræna framleiðslu fiskeldis, um eldi lindýra og um öflun á þangi og þara með stoð í reglugerð 834/2007, greinum 13 og 15. Reglurnar munu fjalla m.a. um aðbúnað, ræktun, fódur, lyfjanotkun, flutning á lifandi fiski auk fleiri atriða. Tæknilegar lýsingar verður að finna í viðaukum. Rík áhersla verður lögð á sjálfbærni framleiðslu s.s. við uppskeru á þara og þangi og öflun fódurs til lífrænnar framleiðslu.

Súnósur

Í matvælaöggjöf, reglugerð 178/2002, er lögð áhersla á að takmarka eftir föngum að sjúkdómar berist frá dýrum í fólk, svonefndar súnósur. Um er að ræða sjúkdóma sem BSE/TSE („*bovine/transmissible spongiform encephalopatier*”), salmonella, campýlóbakter og MRSA („*Methicillin-resistant Staphylococcus aureus*”).

BSE/TSE

Frá því að ESB hóf lagasetningu til varnar riðuveiki um mitt ár 1989, hefur verulegur árangur í vörnum og fækkun sjúkdómstílfella nást. Varnaraðgerðir náðu hámarki árið 2001 með setningu reglugerðar 999/2001, sem m.a. leiddi til þess að bann var sett við notkun á dýramjöli í fóður þ.e. kjöt og beinamjöli og fiskimjöli. Megintilgangur lagasetningarinnar hefur verið að fækka sjúkdómstífellum í dýrum og koma í veg fyrir möguleika á að smit bærast í fólk, sem m.a. hefur verið fólgið í að tilteknir áhættuvefir við slátrun jórturdýra eru fjarlægðir og þeim eytt. Um mitt ár 2005 samþykkti framkvæmdastjórnin sk. vegvísir vegna riðumála („TSE Roadmap”), sem unnið er eftir. Það hefur leitt m.a. til að leyft er á ný að nota fiskimjöl í fóður annarra dýra en vaxinna jórturdýra (ung jórturdýr undanskilin) en notkun á kjöt- og beinamjöli af landdýrum er áframhaldandi bönnuð. Á fyrri hluta ársins 2008 hafa enn á ný verið stigin tvö skref til viðbótar vegna þess árangurs sem hefur nást við að fækka riðutilfellum. Annars vegar hefur aldur nautgripa, sem þarf að fjarlægja tiltekna áhættuvefi frá við slátrun, verið hækkaður úr 24 í 30 mánuði og hins vegar er aðildarþjóðunum gefinn kostur á að draga úr skyldubundnu eftirliti með riðu. Hið síðarnefnda er grundvallað á sífellt fækkandi kúariðusmitstífellum.

Salmonella, kampýlóbakter og MRSA

Með tilskipun 2003/99/EC er ákveðið að Matvælastofnun Evrópu (EFSA) hafi eftirlit með og gefi út árlegt yfirlit um dýrasjúkdóma er kunna að berast í fólk (súnósur) þ.á.m. um tíðni og útbreiðslu þeirra. Framkvæmd og form þessa eftirlits þ.m.t. til hvaða sjúkdóma athuganirnar taka, fer eftir ákvörðunum framkvæmdastjórnarinnar hverju sinni. Þetta fyrirkomulag hefur verið í gildi frá árinu 2005. Kannanir á þessum grunni hafa þegar farið fram um tíðni salmonellu í varphænsnabúum og í framhaldi af því settar reglur sem fela í sér að draga skuli úr tíðni salmonellu við framleiðslu eggja. Þá er ennfremur að finna ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/407, sem kveður á um að tíðni súnósumengunar við alifuglaframleiðslu og svínarækt verði vöktuð á samræmdan hátt innan landa ESB.

Á grundvelli þeirrar ákvörðunar (2007/407) hafa verið teknar ákvarðanir um skimun eftir salmonellu og kampýlóbakter á kjúklingabúum og í nýslátruðum kjúklingum (2007/516/EC) og ákvörðun um athugun á tíðni salmonellu og MRSA („Methicillin-resistant Staphylococcus aureus”) í alisvínahjörðum (2008/55/EC). Athuganirnar skulu fara fram á næsta ári og fara fram í hverju aðildarlandi ESB fyrir sig. Framkvæmdastjórnin endurgreiðir meginhluta þess kostnaðar sem löndin verða fyrir.

Framkvæmdastjórnin hefur haft til athugunar að settar verði reglur um eftirlitsáætlanir með salmonellu, sem gefi möguleika á að þau lönd sem vinna skv. þeim og uppfylla þau skilyrði sem sett eru, geti krafist vottorða um að tilteknar afurðir séu lausar við salmonellumengun þegar innflutningur á sér stað frá öðru aðildarríki en að öðrum kosti framkvæmt sýnatöku og greiningar á mengun af salmonellu við innflutning. Framkvæmdastjórnin er með þessu að opna fyrir þá möguleika að öðrum ríkjum ESB verði veitt samskonar heimild til eftirlits og Finnland og Svíþjóð fengu í aðildaarsamningi sínum að ESB árið 1995. Í júní 2008 var þetta mál til umræðu í fastanefnd framkvæmdastjórnarinnar um öryggi matvæla og heilbrigði dýra (SCFCAH). Framkvæmdastjórnin lagði fram drög að leiðbeiningum um efnislegt innihald og kröfur sem eftirlitsáætlanir sem þessar þurfa að uppfylla. Leiðbeiningarnar sem slíkar eru ekki bindandi að lögum en setja umgjörð um þetta verkefni. Fyrir liggur að Danir munu sækja um að fá heimild til að krefjast viðbótarábyrgðar í framhaldi af setningu reglnanna. Framkvæmdastjórnin mun vinna að tillögum að ákvörðun sem verður lögð fyrir fastanefndina væntanlega að loknum sumarleyfum 2008.

Leiðbeiningarnar hlutu efnislega stuðning allra ríkja að undanteknu einu þeirra, sem vildi að sett yrðu sólarlagsákvæði um þetta fyrirkomulag innan ákveðinna tímamarka.

MATVÆLAMÁL

Breytingar á Viðauka I og II við EES samninginn

Þann 26. október 2007 var felld inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið, með stjórnskipulegum fyrirvara, löggjöf Evrópusambandsins um meginreglur á sviði matvælaöryggis eins og lengi hefur verið stefnt að. Meginstoð matvælastefnunnar er að finna í reglugerð EB nr.178/2002, um almennar meginreglur og kröfur um matvæli og um stofnun Matvælaöryggisstofnunar Evrópu. Reglugerðin fjallar einnig um hollustuhætti í matvælaiðnaði og eftirlit með fóðri og matvælum og um málsmeðferð vegna öryggis matvæla auk annarra atriða.

Markmið matvælastefnunnar er víðtæk heilsuvernd. Lagður er grunnur að því að tryggja heilbrigði matvæla og veita hagsmunum neytenda víðtæka vernd með tilliti til matvæla og taka mið af fjölbreyttu framboði matvæla. Með reglugerðum er verið að samræma reglur um matvæli í aðildarríkjunum og tryggja frjálsan flutning örugggra og heilnæmra matvæla. Löggjöfin nær til allra stiga við framleiðslu matvæla; frá framleiðslu matvæla og fóðurs til sölu og afhendingar matvæla til neytanda (frá haga til maga) því sérhver hlekkur getur haft áhrif á öryggi matvæla.

Uptaka framangreindrar löggjafar ESB kallaði á endurskoðun á undanþágu Íslands varðandi þann kafla EES samningsins sem varðar dýraafurðir þ.e.a.s. Viðauka I og II. Eru því samhliða teknar inn í samninginn fjölmargar gerðir EB hvað það varðar. Undanþágur sem Ísland hafði skv. þessum viðaukum skulu þó gilda áfram um löggjöf er varðar lifandi dýr önnur en lifandi fisk, nema í nokkrum tilfellum þar sem innleiddar verða gerðir er varða lifandi dýr, sem hafa fyrst og fremst mögulega áhrif á dýraafurðir og öryggi þeirra. Enn fremur var samið um að tilteknar undanþágur frá þeim gerðum sem verða yfirteknar. Þannig mun Ísland áfram viðhalda banni á innflutningi á kjöt- og beinamjöli, áfram verður leyfilegt að fóðra jörturdýr með íslensku fiskimjöli og reglur ESB um sauðfjárríðu eru aðeins að litlu leyti teknar yfir.

Samið var um að Ísland hefði átján mánuði auk stjórnskipulegs fyrirvara til að innleiða löggjöfina sem varðar landbúnaðarafurðir og aðlaga matvælaframleiðsluna að henni. Á þeim tíma mun Ísland útfæra sérstaka aðgerðaráætlun vegna salmonella í nautakjöti, svínakjöti, alifuglakjöti og eggjum til að viðhalda heimild til að rannsaka ofangreind matvæli m.t.t. salmonellamengunar við innflutning til Íslands og eiga möguleika á að stöðva hann standist hann ekki skoðun.

Löggjöfin sem er verið að innleiða, byggir á þeim grunni að gera lagaumhverfið samræmdara, gegnsærra og heillegra með virku eftirliti í öllu ferlinu ásamt því að efla vísindalegar leiðbeiningar við ákvarðanatöku stjórnvalda og setningu laga. Megin reglugerðir um framkvæmd matvælastefnunnar sem koma til innleiðingar við þessar breytingar eru:

- Reglugerð EB nr. 178/2002 um “almenn ákvæði og reglur í matvælalöggjöfinni og um Matvælaöryggisstofnun Evrópu og reglur varðandi öryggi matvæla”.
- Reglugerð EB nr. 852/2004 um hollustuhætti í matvælaiðnaði
- Reglugerð EB nr. 853/2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli

- úr dýraríkinu.
- Reglugerð EB nr. 854/2004 um sértækar reglur um skipulag opinbers eftirlits með
- afurðum úr dýraríkinu sem eru ætlaðar til manneldis
- Reglugerð EB nr. 882/2004 um opinbert eftirlit til að tryggja sannprófun þess að lög
- um fóður og matvæli og reglur um dýraheilbrigði og velferð dýra séu virtar
- Reglugerð EB nr. 1774/2002 um “heilbrigðisreglur varðandi úrgang frá framleiðslu
- dýraafurða, sem ekki er til neyslu”
- Reglugerð EB nr. 999/2001 um “reglur til að fyrirbyggja, hafa eftirlit með og útrýma
- vissum riðusjúkdómum (BSE/TSE - bovine/transmissible spongiform encephalopatier)” er enn fremur hluti af öryggisreglum um framleiðslu matvæla sem
- spratt upp úr því fári sem kúariða olli á kjötmörkuðum ESB og víðar.

Landbúnaðarráðuneytið, umhverfisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið fóru yfir drög að ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar og samþykktu hana fyrir sitt leyti.

Frá 1.janúar 2008 hafa þeir málaflokkar sem varða matvæli verði sameinaðir og falla nú undir verksvið sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytis. Ljóst er að innleiðing áður nefndra reglugerða kallar á viðamiklar lagabreytingar á Íslandi. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra lagði fram á alþingi frumvarp til breytinga á lögum 93/1995 auk annarra laga þann 1.4. 2008. Frumvarpið varð ekki að lögum fyrir sumarþinghlé og er frumvarpið enn til umræðu í sjávarútvegs- og landbúnaðarnefnd.

HELSTU STEFNUMÁL ESB Á SVIÐI SJÁVARÚTVEGS ÁRIÐ 2008

Almennt um sjávarútvegsstefnu ESB

Sameiginleg sjávarútvegsstefna ESB er tæki til að stjórna fiskveiðum og fiskeldi og tekur hún til verndar, stjórnunar og nýtingar lifandi auðlinda sjávar, fiskeldis og vinnslu og markaðssetningar fisk- og fiskeldisafurða.⁴ Einn af hornsteinum sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar er jafn aðgangur að miðum aðildarríkjanna og eru markmið hennar þau sömu og markmið landbúnaðarstefnunnar, þ.e. að auka framleiðni, tryggja sjómönnum sanngjörn lífskjör, stuðla að jafnvægi á mörkuðum, tryggja stöðugt framboð á vörum og að tryggja neytendum sanngjarnt verð.

Það var árið 1970 sem EB tók að setja reglur um sjávarútveg og varð sjávarútvegsstefnan ítarlegri í framhaldi af útfærslu landhelgi aðildarríkjanna árið 1977. Árið 1983 tók hún á sig þá mynd sem hún hefur í raun enn í dag, en þá sömdu aðildarríkin meðal annars um að skipta heildarkvóta helstu fiskistofna á milli sín samkvæmt svokölluðum hlutfallslegum stöðugleika (relative stability). Í því felst að fyrst og fremst er miðað við veiðireynslu sem skip aðildarríkjanna höfðu á árunum 1973-1978, en jafnframt tekið tillit til þarfa svæða sem eru sérstaklega háð fiskveiðum og þeirrar skerðingar á veiðitækifærum sem aðildarríkin urðu fyrir vegna útfærslu lögsögu ríkja utan EB í 200 mílur. Árið 1992 var sjávarútvegsstefnan endurskoðuð og hún mótuð 10 ár fram í tíman eða til ársins 2002 þegar hún var endurskoðuð á ný. Þá náðist ekki samstaða meðal aðildarríkjanna um að hrófla við ákvæðinu um hlutfallslegan stöðugleika en engin trygging er fyrir því að það verði ekki gert síðar. Stefnt er að því að næsta endurskoðun á sjávarútvegsstefnunni fari fram árið 2012 og er framkvæmdastjórnin nú þegar farin að huga að þeirri vinnu. Frakkland sem er í formennsku í ráðinu hefur lýst því yfir að það hafi áhuga á að framkvæma nokkurs konar stöðumat, eða

⁴ Reglugerð ESB nr. 2371/2002, OJ L 358, 31.12.2002

“health check” á sameiginlegu sjávarútvegsstefnu ESB, líkt og hefur verið gert með sameiginlegu landbúnaðarstefnunna.

Ólöglegar fiskveiðar (IUU fisheries = Illegal, Unregulated or Unreported fisheries)

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins lagði í október 2007 fram tillögu að reglugerð⁵ og gaf út orðsendingu⁶ um aðgerðir sambandsins gegn ólöglegum fiskveiðum og voru hugmyndir framkvæmdastjórnarinnar kynntar og ræddar á ráðherrafundi í Lissabon í lok október, en sjávarútvegsráðherra sótti þann fund. Byggja hugmyndirnar á þeim aðgerðum sem þegar hafa verið samþykktar á ýmsum svæðisbundnum vettvangi og miða að því að nýta á breiðari grundvelli þau tæki sem þegar hafa skilað árangri sem sértækar aðgerðir. Þannig stendur m.a. til að beita víðar viðskiptaaðgerðum sem undanfarin ár hefur verið beint að ríkjum sem ekki hafa uppfyllt skyldur sínar sem fánaríki í túnfiskveiðum. Áhersla er lögð á að hindra að afurðir ólöglegra veiða komist á markaði innan ESB, án þess að hafa neikvæð áhrif á verslun með löglegar afurðir.

Umtalsverður árangur hefur náðst í Norður-Atlantshafi. Samstarf þjóðanna þar, bæði sín á milli og við fjarlægari þjóðir, hefur m.a. orðið til þess að í ár hafa engin ólögleg skip stundað karfaveiðar á Reykjaneshrygg. Er það í fyrsta skipti í fjölda ára sem engin slík skip taka þátt í karfaveiðunum. Innan Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) hefur verið unnið mikið starf, sérstaklega varðandi samstarf um eftirlit á hafi, bann við því að skip sem staðfest er að hafi stundað eða stutt við ólöglegar veiðar komi til hafna í aðildarríkjunum og aukið eftirlit með löndun frystra afurða úr erlendum skipum.

Á fundi ráðsins þann 24. júní 2008 var reglugerðin samþykkt og tekur hún gildi 1. janúar 2010.

Vernd viðkvæmra hafsvæða

Framkvæmdastjórnin gaf út orðsendingu⁷ þann 17. október 2007 um tillögur til að bregðast við veiðiaðferðum á úthafinu sem geta haft skaðleg áhrif á umhverfið og vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins. Jafnframt kynnti framkvæmdastjórnin drög að reglugerð⁸ sama efnis. Í megindráttum fela þessar tillögur í sér að Evrópusambandið mun vinna að vernd viðkvæmra vistkerfa hafsins, innan viðeigandi fiskveiðistjórnunarstofnunar. Megináhersla er lögð á að auðkenna svæðin og banna notkun botnveiðafæra á þeim svæðum. Þá er einnig lagt til að skipum Evrópusambandsins verði óheimilt að stunda fiskveiðar á svæðum sem liggja utan svæða sem stjórnað er af svæðisbundnum fiskveiðistjórnunarstofnunum án þess að hafa fengið til þess sérstakt leyfi sem er svæðisbundið og jafnframt verður þeim óheimilt að stunda veiðar með botnveiðafærum á meira dýpi en 1000m. Með þessum tillögum sínum er framkvæmdastjórn ESB að halda áfram á sömu braut og mörkuð var á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna með ályktun nr. 61/105, 8. desember 2006⁹ Þann 17. júlí 2008 samþykkti Evrópuráðið reglugerðina en hana á að endurskoða fyrir 20. júní 2010.

⁵ COM (2007) 602, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0602en01.pdf

⁶ COM (2007) 601, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0601en01.pdf

⁷ COM (2007) 604, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0604en01.pdf

⁸ COM (2007) 605, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0605en01.pdf

⁹ UNGA Resolution 61/105,

<http://daccessdds.un.org/doc/UNDOC/GEN/N06/500/73/PDF/N0650073.pdf?OpenElement>

Hópundanþága fyrir ríkisaðstoð í sjávarútvegi

Þann 3. júlí 2008 samþykkti framkvæmdastjórnin reglugerð um hópundanþágur fyrir ríkisaðstoð í sjávarútvegi, þar sem samþykkt er að ákveðnar tegundir ríkisaðstoðar til sjávarútvegs þurfi ekki að tilkynna og fá samþykktar af framkvæmdastjórninni, áður en aðildarríkin geta beitt aðstoðinni. Með þessari reglugerð er ætlunin að einfalda reglur um ríkisaðstoð, með því að lýsa ákveðnar tegundir aðstoðar samræmanlegar reglum innri markaðarins. Reglugerðin nær yfir allar tegundir ríkisaðstoðar sem eru í samræmi við EFF (European Fisheries Fund), nema þær sem ná yfir fjárfestingar/endurnýjun skipa og aðstoð við sjálfbæra þróun veiða. Ríkisaðstoð í forni skattaundanþága á eldsneyti er einnig undanþegin að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Framkvæmdastjórnin telur að þær tegundir ríkisaðstoðar sem njóta undanþágunnar skaði ekki samkeppni. Reglugerðin kemur í stað reglugerðar (EB) nr. 1595/2004 um sama efni.

Stefna ESB í málefnum hafsins („Maritime Policy“)

Stefnumörkun ESB í málefnum hafsins var hleypt úr vör með útgáfu grænbókar í júní 2006. Markmið ESB er að móta heildstæða stefnu í málefnum sjávar og siglinga í náinni samvinnu við hagsmunaaðila, sem sporni gegn minnkandi líffræðilegum fjölbreytileika sjávar vegna mengunar, loftslagsbreytinga og ofveiði og stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda hafsins. Nálgun grænbókarinnar tekur mið af markmiðum Lissabon áætlunarinnar um að efla hagvöxt og skapa atvinnutækifæri en í sátt við ólík sjónarmið varðandi vernd og nýtingu sjávar. Stefnumótunin er yfirgripsmikil og fjallar um málefni hafsins á breiðum grunni og nær yfir málefni margra ráðuneyta sem á einhvern hátt hafa beinan eða óbeinan snertiflöt við hafið. Þannig er t.d. fjallað um umhverfismál, nýtingu auðlinda, siglingamál, ferðamál við ströndina, hafnamál, byggðamál strandbyggða, vernd fyrir ógnum og ólögmætum aðgerðum frá hafinu, vöktun siglinga og lífríkis, rannsóknir og þróun, þróun upplýsingakerfa, og fyrirtækjanet í tengdum iðnaði og þjónustu.

Opnu samráði um stefnumótunina um málefni hafsins lauk í júní 2007 og sendi Ísland inn athugasemdir sem var vel tekið og hefur Joe Borg lýst yfir ánægju sinni með þátttöku Íslands í samráðsferlinu. Þann 10. október 2007 gaf framkvæmdastjórnin út orðsendingu um samræmda stefnu ESB í málefnum hafsins, svonefnda blábók¹⁰. Jafnframt var gefin út aðgerðaáætlun¹¹ og mat á áhrifum samræmdrar stefnu¹². Ráðherraráðið staðfesti loks heildstæða stefnu sambandsins í málefnum hafsins á fundi sínum 17. desember 2007.

Um mitt sumar 2008 kynnti framkvæmdastjórnin ný skjöl sem eru nú til skoðunar hjá sendiráðinu og varða meðal annars stjórnunarhætti á hafinu, eftirlitskerfi og rannsóknir. Munu þessir málaflokkar koma til frekari athugunar á haustmisseri, í starfi því sem varðar stefnu ESB í málefnum hafsins.

¹⁰ COM (2007) 575, http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/site/en/com/2007/com2007_0575en01.pdf

¹¹ SEC (2007) 1278, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/ActionPaper/action_plan_en.pdf

¹² SEC (2007) 1280, http://ec.europa.eu/maritimeaffairs/pdf/summary/sec_2007_1280_en.pdf

TVÍHLIÐA SAMSKIPTI ÍSLANDS OG ESB Á ÁRINU 2008

Tvíhliða samningur Íslands og ESB um fiskveiðar.

Árlegar viðræður Íslands og ESB um fiskveiðimál og lífríki hafsins fóru fram í Reykjavík þann 10. apríl 2008. Í íslensku sendinefndinni voru Stefán Haukur Jóhannesson sendiherra sem leiddi viðræðurnar af Íslands hálfu, Steinar Ingi Matthíasson skrifstofustjóri hjá sjávarútvegsráðuneytinu, Eyþór Björnsson forstöðumaður Veidieftirlitssviðs Fiskistofu, Þorsteinn Sigurðsson sviðstjóri nytjastofnasviðs, Hafrannsóknastofnuninni og Guðríður M. Kristjánsdóttir fulltrúi SLR í Brussel. Á fundinum náðist samkomulag um framkvæmd samningsins fyrir árið 2008. Farið var yfir stöðu þeirra fiskistofna sem samningurinn fjallar um, þ.e. karfa og loðnu og skipst var á upplýsingum um veiðar á sl. ári.

Samkvæmt samningnum er Íslandi heimilt að veiða allt að 30.000 tonn af loðnu sem ESB fær frá Grænlandi á grundvelli tvíhliða samnings þeirra á milli. Íslandi er heimilt að veiða hlutdeild sína hvort sem er innan íslenskrar eða grænlenkrar lögsögu. Vegna ástands loðnustofnsins hefur heildaraflamarkið verið ákveðið lægra undanfarin ár. Þannig verður Íslandi heimilt að veiða 8.376 tonn af loðnu á árinu 2008. Þar sem ESB hefur ekki getað úthlutað öllu því magni sem samningurinn kveður á um, hefur samkomulag náðst um að Íslandi verði bætt það sem upp á vantar á næsta ári. Ísland vakti máls á því hvort ESB gæti veitt íslenskum skipum heimild til að veiða kolmunna í lögsögu ESB til að bæta uppsafnaðan halla. ESB léði ekki máls á þeirri lausn. Á móti veiðiheimildum Íslands í loðnukvóta ESB, kemur að ESB hefur rétt til að veiða 3.000 tonn af karfa á afmörkuðum svæðum innan íslenskrar lögsögu. Fram kom að mikill árangur hefur náðst í að draga úr meðafla í þorski í veiðum ESB vegna sérstakra lokunaraðgerða sem gripið var til á veiðitímabilinu. ESB kvartaði hins vegar yfir að þessar aðgerðir væru íþyngjandi og yllu því m.a. að afli þeirra hefði minnkað umtalsvert milli ára. Fallist var á að leita leiða til að gera framkvæmd þessara lokana minna íþyngjandi fyrir karfaveiðar ESB.

MENNTA-, MENNINGAR- OG ÆSKULÝÐSMÁL

Áætlanir

Nýjar áætlanir ESB á sviði menntamála, myndmiðlunar, menningarmála og æskulýðsmála tóku gildi í ársbyrjun 2007. Árangur íslenskra umsækjenda var viðundandi miðað við fyrri ár en athygli vekur að aðeins **örfá verkefni undir íslenskri stjórn** hlutu brautargengi og er ástæðan fyrst og fremst sú að mjög fáar umsóknir bárust frá Íslandi. Sú þróun hefur átt sér stað undanfarin ár og stendur trúlega í sambandi við þá stefnu ESB að styrkja einkum stór verkefni, sem að jafnaði eru of stór biti fyrir íslenska aðila að standa fyrir. Hins vegar taka íslenskir aðilar þátt í fjölmörgum verkefnum sem samstarfsaðilar, þ.e. að verkefni eru á ábyrgð erlendra aðila en Íslendingar eru meðskipuleggjendur.

Nýtt fyrirkomulag við stuðning ESB við rekstur upplýsingaskrifstofa varð til þess að framkvæmd æskulýðsáætlunarinnar á Íslandi raskaðist nokkuð í fyrra. Nýja fyrirkomulagið felur m.a. í sér að þátttökuríki áætlunarinnar bera fulla ábyrgð á rekstri þessara skrifstofa. Sama var uppi á tengingum í ár en von til þess að breyting verði á, m.a. vegna mannaskipta hjá skrifstofu áætlunarinnar á Íslandi.

Nokkrar niðurstöður um framkvæmd áætlana ESB, á sviðum sem heyra undir menntamálaráðuneyti, eru birtar í skýrslu til menntamálaráðherra fyrir árið 2007. Ber þar hæst

að áætla má að um 8-9000 manns hafi komið að ESB verkefnum á árinu, þar af um 6400 nemendur grunn- og framhaldsskóla. Staðfest er um þátttöku meira en 7000 manns en annað er varlega áætlað af starfsmönnum upplýsingaskrifstofa áætlananna á Íslandi. Erlendir þátttakendur voru a.m.k. um 1000 og fjöldi verkefna, sem Íslendingar tóku þátt í, eru talin vera um 300. Samtals var veitt um 980 millj.kr. til Íslands árið 2007 frá ESB en úr ríkissjóði var veitt um 565 millj.kr. í aðildargjöld og rekstur upplýsingaskrifstofa.

Tilskipun um sjónvarp án landamæra

Tilskipun um breytingar á tilskipuninni um sjónvarp án landamæra var samþykkt í lok árs 2007. Hún hefur gildi fyrir EES/EFTA ríkin og efnisákvæði hennar verða að vera komin í lög eða reglugerðir innan tveggja ára frá gildistöku, sem þýðir fyrir árslok 2009. Nú þegar er hafinn undirbúningur að gerð frumvarps til fjölmiðlalaga, sem tekur mið af tilskipuninni og á fyrri hluta árs 2008 hafa verið haldnir fundir í Brussel um einstök ákvæði hennar og hafa fulltrúar menntamálaráðuneytis sótt þá. Staðalskjal var sent menntamálaráðuneyti til meðferðar í janúar 2008.

Tilmæli o.fl.

Skrifstofa EFTA hefur sent menntamálaráðuneyti óskir um staðfestingu („standard sheet”) á að tilmæli verði tekin upp í EES-samninginn. Um er að ræða:

1. *„Recommendation of the European Parliament and the Council of 23 April 2008 on the establishment of the European Qualifications Framework for lifelong learning (EQF)”.*
2. *„Recommendation 2006/952/EC of the European Parliament and of the Council of 20 December 2006 on the protection of minors and human dignity and on the right of reply in relation to the competitiveness of the European audiovisual and on-line information services industry”.*

Önnur tilmæli, sem eru til meðferðar hjá sameiginlegu EES/EFTA – ESB nefndinni eru:

1. *„Recommendation of the European Parliament and of the Council, 2006/961/EC, European Quality Charter for Mobility”.*
2. *„Recommendation of the European Parliament and of the Council, 2006/962/EC, Key competence for citizens.”*

Þá hefur framkvæmdastjórnin lagt fram tillögu til ráðsins og Evrópuþingsins um tilmæli er varða starfsmenntun:

1. *„Proposal for a recommendation of the European Parliament and of the Council on the establishment of the European Credit system for Vocational Education and Training (ECVET)”*
2. *„Proposal for a recommendation of the European Parliament and of the Council on the establishment of a European Quality Assurance Reference Framework for Vocational Education and Training (EQARF-VET)”*

Í lok júní var kynnt grænbók um menntun og innflytjendur og verður nánar fjallað um hana í næsta yfirliti („GREEN PAPER, Migration & mobility: challenges and opportunities for EU education systems”).

Ákveðið hefur verið að árið 2009 verði tileinkað sköpunargáfu og nýsköpun og hefur menntamálaráðuneyti tilnefnt fulltrúa í samráðshóp á vegum framkvæmdastjórnarinnar um málefnið („*European Year of Creativity and Innovation*” (2009).

Í ársbyrjun var lögð fram skýrsla um framkvæmd „*Education & Training 2010 – áætlunarinnar*”, þar sem tekinn er saman árangur þátttökuríkja við að ná markmiðum sem sett hafa verið. Þá er í vinnugögnum greint frá árangri einstakra ríkja við að ná tölusettum markmiðum, t.d. hvað varðar lestrarkunnáttu, brottfall úr skólum o.s.frv. („*Delivering lifelong learning for knowledge, creativity and innovation 2008 joint progress report of the Council and the Commission on the implementation of the "Education & Training 2010 Work Programme" (February 2008)*”).

Orðsendingar

Frá framkvæmdastjórn ESB hafa á árinu borist eftirtaldar orðsendingar: („*Communications*”):

1. „*Communcation from the Commission to the European parliamentand, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions on An European approach to media literacy in the digital environment*”.

2. „*Communication from the Commission to the European Parliament, the Council, the European Economic and Social Committee and the Committee of the Regions on Creative Content Online in the Single Market {SEC(2007) 1710} - COM(2007) 836 final, 03.01.2008*”

Skýrsla til menntamálaráðherra

Unnið var við gerð skýrslunnar *Skýrsla til menntamálaráðherra um EES-samstarfið á sviðum menntamálaráðuneytis og verkefni mennta- og menningarfulltrúa og vísindafulltrúa í sendiráði Íslands í Brussel fyrir árið 2007* og áætlað að hún verði send menntamálaráðherra í byrjun júlí 2008. Gert er ráð fyrir að skýrslan verði birt á heimasíðu menntamálaráðuneytisins ásamt handbók um EES-samstarfið á sviði menntamálaráðuneytis. Í henni eru upplýsingar um öll verkefni á vegum ESB og sem falla undir verksvið menntamálaráðuneytis, upplýsingar um fulltrúa í nefndum og stjórnnum, tilmæli, tilskipanir og öll helstu gögn er varða starf og stefnu ESB á þessum sviðum.

Annað

Mennta- og menningarfulltrúi sinni ýmsum störfum er vörðudu íslenska menningarkynningu í Brussel vorið 2008. Vinnuferð var farin í menntamálaráðuneyti í maílok og í samstarfi við vísindafulltrúa var m.a. haldinn kynningarfundur með starfsfólki ráðuneytisins og tveimur fulltrúum EFTA-skrifstofunnar í Brussel. Þá var einnig haldinn fundur með skrifstofustjórum ráðuneytisins.

RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN

Sjöunda rammaáætlun ESB um rannsóknir og tækniþróun 2007-2013

Sjöunda rammaáætlun ESB hóf göngu sína þann 1. janúar 2007. Ein af þeim breytingum sem gerðar voru á rammaáætluninni um áramótin var lenging hennar úr fjórum árum í sjö. Aðrar áhugaverðar breytingar sem urðu á rammaáætluninni var aukin áhersla á grunnrannsóknir,

aukið samstarf við iðnaðinn og fyrirheit framkvæmdastjórnarinnar um einfaldari stjórnsýslu. Þá mun framkvæmdastjórnin halda áfram þeirri viðleitni sinni að koma á sjálfviljugu samstarfi milli rannsóknasjóða í aðildarlöndunum (ERA-NET verkefni).

Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) annast upplýsingagjöf og aðstoð við háskóla, rannsóknastofnanir, fyrirtæki og einstaklinga með kynningarfundum, námskeiðum, rekstri heimasíðu, tölvupóstsendingum og fundum. Í júní 2008 höfðu íslenskir aðilar sent inn 138 umsóknir og gert 29 samninga um verkefnastyrki úr áætluninni. Árangurshlutfall íslenskra umsækjenda er því 21%. Flest verkefni og hæstu styrkirinn renna til umhverfisrannsókna. Sjá nánar: www.rannis.is/7ra

Evrópska rannsóknasvæðið

Árið 2007 gaf Evrópusambandið út Grænbókar um „*The European Research Area: New Perspectives*” um árangur af evrópsku rannsóknasamstarfi með hliðsjón af Lissabon markmiðunum um að Evrópa verði eitt rannsóknasvæði (ERA), með framúrskarandi rannsóknaraðstöðu sem laðar til sín bestu vísindamenn heims og fjárfestingar frá atvinnulífinu og að framlög til rannsókna og þróunar verði að lágmarki 3% af þjóðarframleiðslu.

Yfir 800 athugasemdir og ábendingar bárust frá háskólum, rannsóknastofnunum, fyrirtækjum og einstaklingum og var ítarleg greining unnin upp úr þeim. Niðurstöðurnar voru birtar í „*The European Research Area: Public Consultation*” og sýna þær víðtækan stuðning við ERA og nánara samstarf um aukna samnýtingu rannsóknaniðurstaðna, uppbyggingu evrópskra rannsóknainnviða, innri vinnumarkað fyrir rannsóknafólk, eflingu evrópskra rannsóknastofnana (þ.m.t. háskóla), samvinnu í alþjóðlegu rannsóknasamstarfi og aukna samvinnu og samræmingu rannsóknasjóða þvert á landamæri á tilteknum sviðum. Í framhaldi skipaði framkvæmdastjórnin 7 sérfræðingahópa til að fjalla um hvert þessara 6 ofangreindu sviða auk eins um grundvöll og framtíðarsýn fyrir Evrópska rannsóknasvæðið. Niðurstöður sérfræðingahópanna eru notaðar sem undirstaða nýrrar stefnmótunar um ERA sem gengur undir nafninu „*The Ljubljana process*”.

Sjá nánar: http://ec.europa.eu/research/era/pdf/eg7-era-rationales-final-report_en.pdf

Ljubljana ferlið

Í yfirlýsingu hins *óformlega fundar rannsóknaráðherra Evrópu* í Slóveníu 15. apríl sl. ítrekuðu ráðherrarnir mikilvægi ERA sem forsendu Lissabon markmiðanna. Löndin þurfi að ná samkomulagi um *sameiginlega framtíðarsýn fyrir ERA, vegvísi fyrir aðgerðir og virkari stýringu og eftirlit af hálfu ráðherranna*. Stefnt er að því að sameiginleg framtíðarsýn fyrir ERA liggi fyrir í lok árs 2008. Efnt verður til samstarfs milli aðildarlöndanna 7.RÁ á fimm sviðum sem undirbyggja ERA: *meðferð hugverkaréttinda opinberra rannsóknastofnana, aukinn hreyfanleiki rannsóknafólks innan Evrópu, sameiginlegar rannsókn- og þróunaráætlanir á lykilsviðum, uppbygging evrópskra rannsóknainnviða og samstarf um eflingu alþjóðlegs rannsóknasamstarfs*. Framkvæmdastjórnin hefur gefið út *orðsendingar* vegna tveggja þessara samstarfsverkefna:

- „*COMMISSION RECOMMENDATION on the management of intellectual property in knowledge transfer activities and Code of Practice for universities and other public research organisations*”

Sjá nánar: http://ec.europa.eu/invest-in-research/pdf/ip_recommendation_en.pdf

- **„BETTER CAREERS AND MORE MOBILITY: A EUROPEAN PARTNERSHIP FOR RESEARCHERS”**

Sjá nánar: http://ec.europa.eu/research/press/2008/pdf/com_2008_31_1_en.pdf

Orðsendingar um hin þrjú samstarfsverkefni eru væntanlegar á haustmánuðum. Samstarfið verður unnið skv. aðferðafræði *opins samráðs* („*Open method of Coordination*”) undir hatti CREST.

„The Committee for Scientific and Technical Research” (CREST)

Ísland á aðild að „*The Committee for Scientific and Technical Research*” (CREST), sem hefur það hlutverk að vera ráðgefandi fyrir ráðherraráðið og framkvæmdastjórn Evrópusambandsins um málefni rannsókna og tækniþróunar. Frá árinu 2003 hefur CREST haldið úti samráðssviðum þar sem unnið er samkvæmt vinnulagi opins samráðs („*Open Method of Coordination – OMC*”), þar sem þátttökulöndin vinna að sameiginlegum stefnumótandi tillögum til aðildarlandanna annars vegar og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar. Samkvæmt samþykktri vinnuáætlun CREST fyrir árið 2008 mun nefndin fjalla um árangur að 3% markmiðinu og Ljubljana-ferlið.

Sjá nánar: <http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/08/st01/st01204.en08.pdf>

European Research Council Executive Agency (ERC) og Research Executive Agency (REA).

Umfang rammáætlunar Evrópusambandsins um rannsóknir og þróun hefur aukist mjög á undanförunum árum meðan fjöldi starfsmanna framkvæmdastjórnarinnar sem fer með þennan málaflokk er óbreyttur. Til að bregðast við auknu vinnulagi voru settar á fót í byrjun árs tvær stofnanir, svokallaðar “executive agencies” til að sjá um framkvæmd áætlunarinnar að hluta. Starfsmenn þessara framkvæmdastofnana, þ.e. „European Research Council Executive Agency” (ERC) og „Research Executive Agency” (REA) eru starfsmenn þessara stofnana en ekki starfsmenn framkvæmdastjórnarinnar. Rekstur stofnananna er greiddur af rekstrarframlagi 7. RÁ sem EFTA ríkin greiða í. EFTA fór fram á að ráðningar í stöður þessara stofnana væru opnar þegnum EFTA landanna og var það samþykkt 4. júní sl. og var auglýst í fyrsta sinn í stöður ERC og REA. Í lok júní var auglýsingin afturkölluð og er málið nú í endurskoðun hjá DG Research, m.a. réttur þegna EFTA landanna til þessara starfa.

Sjá nánar: http://europa.eu/epso/non_permanent_posts/temp-staff_ercea_en.htm

Sérfræðingar hjá framkvæmdastjórn ESB - Seconded National Experts (SNEs)

Evrópuþingið hefur gert athugasemdir við að framkvæmdastjórnin samþykki sérfræðinga frá einkafyrirtækjum í stöður svokallaðra „*Seconded National Experts (SNEs)*”. Í kjölfarið gaf DG Admin út leiðbeiningar til framkvæmdastjórnarinnar um að ekki mætti manna þessara stöður með sérfræðingum sem koma frá fyrirtækjum eða stofnunum sem ættu hagsmuna að gæta í rannsóknáætlun ESB um rannsóknir og þróun eða væru í samstarfi við einkafyrirtæki. Þessa þrönga skilgreining DG Admin útilokar nær alla sérfræðinga frá opinberum rannsóknastofnunum og háskólum og mun hafa áhrif á samninga margra þeirra 65 sérfræðinga frá EFTA löndunum sem nú starfa hjá framkvæmdastjórninni. Búast má við að þessum tilmælum DG Admin verði mótmælt af hálfu rannsóknaráðherra aðildarlanda ESB og ráðherrum samstarfslanda um 7.RÁ.

SAMGÖNGU- OG FJARSKIPTAMÁL

Samgönguráðherra kom til Brussels í apríl sl. og ræddi samgöngumál og sveitarstjórnarmál við þrjá framkvæmdastjóra ESB, þ.e. framkvæmdastjóra samgöngumála, fjarskiptamála og byggðamála. Ýmis mál báru á góma og lýsti hann m.a. áhyggjum sínum vegna tillagna um að færa flug undir viðskiptakerfi með gróðurhúsalofttegundir. Þá ítrekaði hann ósk íslenskra stjórnvald um aðilda að loftferðasamningi ESB og Bandaríkjanna sem tók gildi í lok apríl sl.

Einnig heimsótti samgönguráðherra EFTA og Eftirlitsstofnun EFTA. Þá leit hann við á skrifstofu sveitarstjórnarmála þar sem hann kynnti sér málefni hennar og það sem efst er á baugi í þeim efnunum.

Slóvenar gegndu formennsku í ráðherraráði ESB fyrri hluta ársins 2008. Í upphafi kynntu þeir áherslur sínar. Hvað samgöngur varðar settu þeir öryggismál samgangna á oddinn auk Galileo verkefnisins, málefni er varða loftlagsbreytingar og málefni Balkanskaga.

Undir formennsku Slóvena náðu svo samgönguráðherrarnir samkomulagi um fjármögnun og framkvæmd Galileo verkefnisins sem hefur lengi verið í óvissu. Ráðherraráðið náði samkomulagi um sk. flutningapakka sem fjallað er nánar um hér að neðan. Það samþykkti einnig sk. “common position” 5 gerða af 7 úr þriðja siglingapakkanum en þær tvær gerðir standa útaf gengur erfiðlega að þoka áfram. Tillögurnar 5 fara við þetta til annarrar umræðu þingsins. Loks náðu ráðherrarnir pólitísku samkomulagi um tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum. Ráðherrarnir fjölluðu um ýmis önnur mál s.s. orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar um framvindu verkefnis um sameiginlegt evrópsk loftrými, um orðsendingu um framtíð almenns flugs ofl. Þá urðu þeir sammála um tillögur umhverfisskrifstofunnar sem miða við að skuldbinda opinbera aðila til þess að taka umhverfisáhrif bifreiða inn í opinber innkaup á bifreiðum og þjónustu bifreiða.

Ráðherrar fjarskiptamála fjölluðu á tímabilinu um fjarskiptapakkan. Ráðherraráðið leggur til að starfsemi ENISA stofnunarinnar um öryggismál fjarskipta verði framlengt um 3 ár en í reglugerð um stofnunina er að finna sólarlagsákvæði um rekstur stofnunarinnar. Þá náðist samkomulag um leiðir til þess að nýta tíðnir sem losna við stafræna útvörpun sjónvarps.

Eftirfarandi er slóð á fréttatilkynningar vegna funda ráðsins á tímabilinu.

http://www.consilium.europa.eu/cms3_applications/applications/newsRoom/loadBook.asp?BI D=87&LANG=1&cmsid=354

Hér á eftir er fjallað nánar um málefni sem voru efst á baugi fyrri hluta ársins 2008. Í mörgum tilfellum er um framhaldsumfjöllun að ræða og má í þeim tilfellum finna frekari upplýsingar í yfirlitsskýrslu sendiráðsins seinni hluta árs 2007.

FLUGMÁL

Almennt

Flugmál voru ofarlega á baugi á tímabilinu og var fjallað um þau víða innan stofnana ESB. Loftferðasamningur ESB við Bandaríkin tók gildi þann 30. mars og hófust viðræður um annan áfanga Open Skies samningsins stuttu seinna. Þá var sk. SES II pakki birtur í lok tímabilsins og BASA samningur á milli ESB og BNA undirritaður um gagnkvæma viðurkenningu ríkjanna á öryggisvottun flugvéla, íhluta og flugstarfsemi.

Loffferðarsamningar

Ráðherraráðið samþykkti á fundi sínum í apríl samningsumboð til framkvæmdastjórnarinnar um að ganga til samninga fyrir hönd aðildarríkjanna um nýjan loftferðasamning við Ísrael, Ástralíu og Nýja Sjáland. Miðað er við að ákvæði samninganna kveði á um frekari opnun flugmarkaða ríkjanna auk samstillingu regluverks samningsaðila er varðar flugöryggi, flugvernd, samkeppni, ríkisstyrki, umhverfismál, neytendavernd og flugumsjón.

Open Skies samningurinn á milli ESB og BNA kom til framkvæmda frá og með 1. mars 2008. Eins og fram kom í síðustu skýrslu sendu íslensk stjórnvöld bréf á sl. ári og óskuðu eftir aðild að samningunum. Í heimsókn sinni til Brussel í apríl sl. tók samgönguráðherra málið upp við Barrot framkvæmdastjóra samgöngumála. Noregur hefur einnig leitað eftir aðild að samningnum og hafa Ísland og Noregur átt góða samvinnu um málið. Ríkin funduðu með framkvæmdastjórninni sem var mjög jákvæð í garð þeirra. Ræddar voru leiðir til þess að yfirfæra samninginn á EES- EFTA ríkin og hvernig mætti framkvæma það á fljótan hátt. Í framhaldi af því samþykktu ESB ríkin annars vegar og BNA hins vegar áheyrnaraðild Íslands og Noregs að fundum stýrinefndar samningsins.

Önnur lota viðræðna ESB og BNA var formlega hrundið af stað í Slóveníu, 15. maí með fundi samninganefndanna. ESB vonast til þess að ná samningum um frekari heimildir um fjárfestingu í bandarískum flugfélögum en þær eru nú takmarkaðar við 25% af atkvæðisberandi hlutfé og/eða að hámarki 49% af hlutfé í bandarískum flugfélögum, samtals atkvæðisberandi og þeirra sem ekki fylgir atkvæði. Í fyrstu lotu var opnað fyrir að ríkisborgarar ESB gætu fjárfest í flugfélögum skráðum í tilteknum þriðju ríkjum án þess að það kæmi niður á rétti þeirra til flugs til Bandaríkjanna. Gert er ráð fyrir opna þetta enn frekar í annarri lotu. Þá boðuðu Bandaríkjamenn að þeir myndu fara fram á 7 réttindi fyrir farmflug. Þá er búist við að viðræðurnar muni koma inn á umhverfismál s.s. hávaðatakmarkanir við flugvelli og einnig tillögur um að taka flug inn í viðskiptakerfi með gróðurhúsategundir.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að loftferðasamningum:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/international/index_en.htm

Sameiginlegt Evrópskt loftrými – Single European Sky

Fjallað var á tímabilinu um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar um framvindu áætlunar um sameiginlegt evrópskt loftrými á vettvangi ESB sem birt var í lok desember sl. Þau sjónarmið hafa komið fram að góður árangur hafi nást en leggja þurfi aukna áherslu á skilvirkni flugs og flugleiðsöguþjónustu. Þann 26. júní sl. lagði svo framkvæmdastjórnin fram sk. SES II pakka. Hann samanstendur af orðsendingu og tveimur tillögum að reglugerðum. Í greinargerð með pakkanum segir að tillögurnar byggi á 4 stöðum.

- Fyrsta stöðin er að binda skilvirkni í regluverk og fylgir pakkanum tillaga að reglugerð í þá veru. Lagt er til að sett verði upp sérstök stjórnarnefnd sem hefur það hlutverk að fylgjast með og meta skilvirkni flugstjórnarkerfisins. Henni er ætlað að þróa mælikvarða fyrir ólíka þætti kerfisins. Miðað er við að framkvæmdastjórnin staðfesti bindandi markmið um aukna skilvirkni fyrir sérhvert flugstjórnarsvæði. Undir stöðina heyra einnig tillögur sem miða að samruna t.d. með því að byggja upp sk. FAB og er lagt til að sk. neðra loftrými innifeli einnig flugvelli. Loks falla hér einnig undir tillögur sem ætlað er að styrkja leiðarnet og leiðarstjórnun sem ætlað er að stuðla að hagkvæmustu leið frá hliði til hliðs (gate to gate).

- Flugöryggi er skilgreint sem önnur stoðin og er í pakkanum tillaga að reglugerð sem leggur til að fela flugöryggisstofnun Evrópu aukið hlutverk sem felst í að taka að sér öryggismál flugleiðsöguþjónustu og flugvalla.
- Þriðja stoðin er ný kynslóð tækni við stjórnun flugumferðar og felst í þróun SESAR flugstjórnarkerfisins. Framkvæmdastjórnin boðar að hún muni leggja kerfislýsingu SESAR fyrir ráðherraráðið til umfjöllunar og samþykktar
- Fjórða stoðin snýr svo að flugvöllum, stjórnun umferðar á þeim, afkastagetu þeirra og tengingu á landi við þá. M.a. boðar framkvæmdastjórnin að hún muni setja upp nefnd sem fylgist með og fjalli um málefni flugvalla.

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu um SEL til frekari upplýsingar.

Slóð fyrir vinnu framkvæmdastjórnarinnar að sameiginlegu evrópsku loftrými:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/traffic_management/index_en.htm

Endurskoðun þriðja pakkans í flugi

Niðurstaða (common position) náðist í ráðinu um sk. þriðja pakka í flugi. Evrópuþingið kláraði svo aðra umræðu um hann í Júlí. Framkvæmdastjórnin vinnur nú að útfærslu á framkvæmd reglugerðarinnar og að birtingu hennar.

Reglugerð 216/2008 um ný verkefni EASA var birt í stjórnartíðindum ESB 20. febrúar sl. Unnið er að undirbúningi að yfirfærslu í löggjöf EFTA- EES ríkjanna á vegum EFTA. Ljóst er að leysa þarf úr nokkrum mikilvægum atriðum svo hún geti fallið að löggjöf ríkjanna og ekki er séð fyrir endann á þeirri vinnu.

Hér að neðan er slóð á málið:

<http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2008:079:0001:0049:EN:PDF>

Flugvallapakinn

Í síðustu skýrslu var sagt frá sk. flugvallapakka sem samanstendur af tillögu að tilskipun um gjaldtöku á flugvöllum, tilkynningu um afkastagetu flugvalla í Evrópu og skýrslu um framkvæmd reglugerðar um flugafgreiðslu. Ráðherraráðið samþykkti (political agreement) tillöguna að tilskipun á fundi sínum 7. apríl með þeirri breytingu að hún gildi fyrir alla flugvelli sem um fara 5 milljón farþega eða fleiri. Að auki gildir hún um stærsta flugvöll í hverju aðildarríki um sig. Skv. þessu fellur Keflavíkurlugvöllur undir hana.

FLUGÖRYGGIS- OG FLUGVERNDARMÁL

ESB og BNA hafa lengi unnið að gerð sk. BASA samnings sem fjallar um gagnkvæma viðurkenningu á öryggisvottun stjórnvalda á flugvélahlutum, viðhaldsstöðvum og öryggiskerfum í flugi. Samkomulag náðist svo loks um þau atriði sem útaf stóðu og var skrifað undir BASA samninginn 30. júní sl. Flugöryggisstofnun Evrópu gegnir lykilhlutverki við framkvæmd samningsins en Ísland hefur aðild að henni. Íslensk stjórnvöld hafa fylgst vel með þessari vinnu og skoðað leiðir til þess að ná hliðstæðum samningi við BNA.

Flugöryggisnefnd framkvæmdastjórnarinnar kom saman í apríl sl. og var m.a. nýr svartlisti birtur yfir flugfélög sem óheimilt er að fljúga til ríkja sambandsins. Samþykktur var nýr listi sem má finna á eftirfarandi slóð: http://ec.europa.eu/transport/air-ban/list_en.htm

Eftirfarandi er slóð á vefsíðu ESB um flugöryggi:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/safety/index_en.htm

Evrópuþingið og ráðið náðu samkomulagi um frumvarp að reglugerð um flugvernd sem ætlað er að koma í stað grunnreglugerðarinnar 2320/2002 og vikið var að í síðustu skýrslu. Reglugerðin hefur verið birt sem reglugerð nr. 300/2008. Sérfræðingar vinna að því að skoða álitamál er varða innleiðingu hennar á EES svæðið.

Slóðir fyrir vefsíður framkvæmdastjórnarinnar um flugöryggismál og flugverndarmál:
http://ec.europa.eu/transport/air_portal/security/index_en.htm

LOSUN GRÓÐURHÚSALOFTTEGUNDA FRÁ FLUGVÉLUM

Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu varðandi þetta efni. Evrópuþingið og ráðið hafa unnið mjög að þessu máli á tímabilinu. Umhverfisnefnd þingsins fjallaði um málið með hliðsjón af samþykkt ráðsins í annarri umræðu þingsins og komst að niðurstöðu fyrir sitt leyti. Í framhaldi af því hófst óformlegur sáttaferill þingsins og ráðsins með þátttöku framkvæmdastjórnarinnar. Samkomulag tókst á milli þessara aðila í lok júní sem var lagt fyrir þingið. Þingið samþykkti svo samkomulagið 8. júlí.

Helstu efnisatriði samkomulagsins eru eftirfarandi:

- Allt flug sem á upphaf eða endi í Evrópu verður hluti af ETS frá og með 2012. Þetta á einnig við um flug milli heimsálfa.
- Sú skylda er lögð á herðar ESB að leita eftir samkomulagi um hnattrænar aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá flugi. (Tvíhliða samkomulag, t.d. við Bandaríkin, gæti verið fyrsta skrefið).
- 85% losunarheimilda verður úthlutað ókeypis í samræmi við árangursviðmið.¹³ 15% verða boðnar upp. Þessi prósentu gæti komið til endurskoðunar við almenna endurskoðun tilskipunarinnar
- Markmið niðurskurðar losunar, sem er miðuð við meðaltal losunar flugrekenda á árunum 2004 – 2006, eru eftirfarandi: Á fyrsta tímabili árið 2012 er skerðing 3%, á öðru tímabili frá og með 2013 er skerðingin 5%. Prósentutölurnar geta komið til endurskoðunar við almenna endurskoðun ETS kerfisins
- Breytingar á undanþágum frá kerfinu eru eftirfarandi:
 - Flug vegna rannsóknastarfsemi bætist við undanþágur
 - Flugrekendur með árlega losun minni en 10.000 tonn eru undanþegnir
 - Felldar eru niður undanþágur fyrir þjóðhöfðingja og ráðherra ríkistjórna aðildarríkjanna
- Tekjurnar af uppboðum losunarheimilda skal nota á eftirfarandi hátt:
 - Til að draga úr loftslagsbreytingum
 - Til að aðlagast áhrifum loftslagsbreytinga í ESB eða öðrum löndum, sérstaklega í þriðja heiminum
 - Til rannsókna á umhverfisvænum flugvélum
 - Til að draga úr skógareyðingu í þróunarlöndum
 - Til stuðnings samgöngugreinum með litla losun gróðurhúsalofttegunda. Hér er átt við lestir og langferðabíla

¹³ Þessi tala gæti lækkað í 82% vegna ákvæðis um að 3% ókeypis heimilda fari í varasjóð

- Til að fjármagna framlög til *Global Energy Efficiency and Renewable Energy Fund*

Af öðrum atriðum í samkomulaginu má nefna að gert ert ráð fyrir:

- Að bætt flugleiðsaga í Evrópu bæti eldsneytisnýtingu um 12%.
- Rannsóknnum á áhrifum vatnsgufuskýja frá flugvélum.
- Að flugrekendur sem fá úthlutað úr varasjóði á grundvelli ákvæðis um 18% aukningu starfseminnar geta að hámarki fengið 1.000.000 heimilda.
- Að flýtt verði um hálf t. ári til 1. desember 2014 ákvæði um að endurskoða ákvæði tilskipunarinnar m.t.t. flugs með hliðsjón af því hvernig þau hefðu reynst. Bætt er við ákvæði um samkeppnissjónarmið í þessu sambandi. Þar sem fjallað var um mat á áhrifum á fjarlæg svæði er bætt við hugtakinu *outermost regions* (var áður *islands, landlocked regions and peripheral regions*)
- Í stað staðlaðs þunga farþega og farangurs sem nemur 110 kg við útreikning á tonn - kílómetravíðmiði skal reikna með 100 kg
- Aðildarríkin eiga að setja lög og reglugerðir varðandi tilskipunina innan 12 mánaða frá því hún tók gildi.

Helstu atriði samkomulagsins eru að flug er fellt undir viðskiptakerfi með losunarheimildir frá og með árinu 2012. Við ákvörðun heildarkvóta verður miðað við reynslutölur árána 2004-2006 en á fyrsta tímabili frá og með 2012 verður kvótinn skertur um 3%. Á næsta tímabili verður hann svo skertur um önnur 5%. Kvótanum verður úthlutað án endurgjalds að stærstum hluta eða 85% en 15% fara á uppboðsmarkað. Hlutfall losunarheimilda sem settar verða á uppboðsmarkað eykst jafnt og þétt frá árinu 2012 og er miðað við að allar losunarheimildir verði komnar á markað frá árinu 2020. . Miðað er við að uppboðstekjur verði eyrnamerkta mótþægisaðgerðum þ.e. til að draga úr loftslagsbreytingum.

Að mati ESB liggja kostnaðaráhrif tillagnanna miðað við 2020 á bilinu frá 4,6 Evrum til 39,6 Evrum eftir lengd flugleiðar.

Kynning sendiráðsins í Brussel vegna tillagnanna

Sendiráðið í Brussel hefur vegna þessara tillagna staðið fyrir viðamikilli kynningu á íslenskum aðstæðum, mikilvægi flugs fyrir samgöngur til og frá landinu og sjónarmiðum íslenskra stjórnvalda gagnvart tillögnum. M.a. hefur sendiherra tekið málið upp við sendiherra og sendinefndir nánast allra ríkja Evrópusambandsins auk þess sem íslenskir sendifulltrúar hafa tekið það upp við kollega í sendiráðunum. Einnig kynnti sendiherra sjónarmið Íslands fyrir æðstu embættismönnum bæði stjórnarskrifstofu samgöngu- og umhverfismála auk þess sem farið hefur verið yfir það með helstu sérfræðingum skrifstofanna sem vinna að málinu. Umhverfisráðherra átti fund með Stavros Dimas, umhverfisstjóra ESB og með norrænum ráðherrum og kom sjónarmiðum Íslands á framfæri við það tækifæri. Þá hefur sendiherra átt fundi með þingmönnum sem eru í forsvari málsins í umhverfisnefnd og einnig samgöngunefnd þingsins. Loks hafa yfirmenn í ráðherraráðinu verið heimsóttir og sjónarmið íslenskra stjórnvalda kynnt fyrir þeim.

Vefslóðir fyrir umhverfismál flugsamgangna:

http://ec.europa.eu/transport/air_portal/environment/index_en.htm

http://ec.europa.eu/environment/climat/aviation_en.htm

(<http://register.consilium.europa.eu/pdf/en/07/st16/st16855.en07.pdf>)

SIGLINGAMÁL

Grænbók um málefni sjávar og siglinga

Áfram var unnið að málefnum sjávar og siglinga. M.a. var stjórnarskrifstofa sjávar og fiskimála endurskipulögð til þess að endurspegla breyttar áherslur á þessu sviði. Á vegum ráðherraráðsins var sett á laggirnar nefnd háttsettra embættismanna sem vinnur að framgangi málsins. Íslandi var boðið aðild að þessari nefnd og situr Magnús Jóhannesson ráðuneytisstjóri umhverfissráðuneytisins í henni. Einnig er starfandi á vegum stjórnarskrifstofu sjávar og siglinga sérfræðinganevnd sem er ráðgefandi í málinu við þróun og framkvæmd stefnu í málefnum sjávar og siglinga. Á tímabilinu voru tveir fundir haldnir í sérfræðinganevndinni og einn í nefnd háttsettra embættismanna. Þá var ráðstefna haldin um málefni Miðjarðarhafsins. Til umfjöllunar voru stjórnun málefna hafsins, eftirlitskerfi á hafinu og skipulagsmál sjávar.

Vefslóð fyrir málefni sjávar og siglinga: <http://ec.europa.eu/maritimeaffairs>

Þriðji siglingapakinn

Þriðji siglingamálapakinn var áfram til meðferðar hjá ráðherraráðinu undir formennsku Slóvena. Ráðið náði saman um 5 af upprunalegum 7 gerðunum sem nú eru reyndar orðnar 6 vegna þess að einni þeirra var skipt upp. Málamiðlun hefur ekki tekist í ráðinu um þær tvær sem eftir standa. Miðað er við að áfram verði unnið að málinu. Vísað er til umfjöllunar í síðustu skýrslu til nánari upplýsinga.

FLUTNINGAMÁL

Skipulagning flutningakeðjunnar (Freight transport logistics)

Sk. flutningapakki hefur á tímabilinu verið til umfjöllunar hjá þinginu og ráðinu. Pakkinn samanstendur af tillögum að þremur reglugerðum; reglum um starfsemi flutningaaðila, reglum um aðgang að markaði fyrir áætlunar- og hópferðir og loks reglum um aðgang að milliríkjaflutningum. Evrópuþingið kláraði fyrstu umræðu í maí og á júnífundum sínum komst ráðið að pólitísku samkomulagi um innihald pakkans. Markmiðið með pakknum er að skýra og bæta núverandi reglur um fólks- og vöruflutninga í aðildarríkjunum. Helsta ágreiningsefnið var hversu mikið frjálsræði ætti að gilda um aðgang að flutningamarkaði fyrir aðila skráðan í öðru ríki, í drögunum getur flutningsaðili tekið að sér eitt verkefni í hverju því ríki sem hann fer um á þriggja daga tímabili á leið til baka eftir að hafa skilað af sér farmi. Þá samþykkti þingið ákvæði sem heimilar bílstjóra í áætlunarferðum sem fer um fleiri en eitt ríki að vinna í 12 daga án þessa að taka helgarleyfi.

Í síðustu skýrslu var skýrt frá vinnu framkvæmdastjórnarinnar við þróun flutningakeðjunnar. Áfram er unnið að þessu málefni en ekki komu fram gerðir á tímabilinu.

Slóð á forsíðu verkefnisins: http://ec.europa.eu/transport/logistics/index_en.htm

VEGA- OG UMFERÐARMÁL

Grænbók um samgöngur í borgum

Frestur til þess að leggja inn athugasemdir við grænbók um samgöngur í borgum rann út í mars sl. Framkvæmdastjórnin vinnur að aðgerðaráætlun fyrir borgarsamgöngur en ekki liggur fyrir hvenær hún verður birt.

Sjá: http://ec.europa.eu/transport/clean/green_paper_urban_transport/preparation_en.htm

Önnur umferðar- og vegamál

Tillaga að tilskipun um vegrýni hefur verið til 2. umræðu hjá Evrópuþinginu á tímabilinu. Í upphaflegu tillögunni var lagt til að ríkin innleiddu reglur um rýni vega á hönnunar-, framkvæmda- og notkunarstigi þeirra í öryggisskyni. Umræðan í þinginu bendir til þess að niðurstaða þess verði að það verði að mestu undir ríkjunum komið hversu langt þau ganga við að lögbinda þetta og að reglurnar gildi fyrir TEN-T vegakerfið.

Eftirfarandi er slóð á viðkomandi mál:

http://ec.europa.eu/transport/roadsafety/infrastructure/introduction_en.htm

FJARSKIPTAMÁL

Endurskoðun fjarskiptapakks

Vísað er til síðustu skýrslu til nánari upplýsinga um fjarskiptapakksinn. Eftirfarandi er slóð á tillögur framkvæmdastjórnarinnar og fylgiskjöl:

http://ec.europa.eu/information_society/newsroom/cf/itemdetail.cfm?item_id=3701

Fjarskiptapakksinn var mjög til umfjöllunar á tímabilinu bæði fyrsta umræða í þinginu og ráðinu en umfjöllun þingsins var sérstaklega áberandi. Mesti ágreiningurinn var um tillögu að stofnun nýrrar fjarskipta- og markaðseftirlitsstofnunar ESB. Þingið hafnaði tillögu framkvæmdastjórnarinnar og kom í stað þess fram með eigin tillögum um að stofna vettvang innan samtaka fjarskiptaeftirlitsstofnana Evrópu. Þessum vettvangi yrði falið nokkur þau hlutverk sem væntanleg stofnun átti að sjá um einkum er snúa að samræmingu markaða ríkjanna. Þá felldi þingið út tillögu um að færa framkvæmdastjórninni vald til þess að hafna tillögum eftirlitsstofnunar ríkis að kvöðum á markaðsráðandi fyrirtæki í viðkomandi ríki. Tillaga um að heimila eftirlitsstofnunum að krefjast verkefnalegs aðskilnaðar í markaðsráðandi fyrirtækjum verður áfram í tillögum þingsins þó eitthvað breytt. Þá varð mikil umræða um hvar jafnvægið lægi um eftirlit með ólöglegu efni á internetinu og frjálrsræði við miðlun efnis. Loks var ráðstöfun tíðna sem losna við innleiðingu stafræns sjónvarps mikið rædd og hlutverk framkvæmdastjórnarinnar við að úthluta tíðnum. Í upphaflegu tillögunum voru ákvæði sem fólu framkvæmdastjórninni aukið hlutverk á þessu sviði auk þess sem lagt var til að búa til eftirmarkað með tíðnir. Loks hefur komið upp nokkur umræða hvernig megi greiða fyrir fjárfestingu í háhraðanetum, eða ljósleiðarakerfum, en innan ESB er upp ótti um að bandalagið sé að dragast aftur úr í þessum eignum.

Gjaldtaka fyrir lok símtala

Framkvæmdastjórnin hefur lengi haft athugasemdir við mikinn mun á gjaldtöku símafyrirtækja fyrir sk. lúkningu símtala í fastlínukerfi og/eða farsímakerfi sín. Gjaldtakan er allt frá um 2 Evrusentum í 19 evrusent. Hún hefur nú auglýst eftir athugasemdum og tillögum við drög að tilmælum um lúkingagjöld sem hún hyggst gefa út. Tilmælunum er ætlað að færa

fjárhæð gjaldanna nær kostnaði og samræma vinnubrögð eftirlitsstofnana varðandi þessi gjöld. Hægt er að koma með ábendingar fram til 3. september nk.

Slóð:

http://ec.europa.eu/information_society/policy/ecommlibrary/public_consult/termination_rate/index_en.htm

Samráð um reglugerð um alþjóðlegt reiki

Á tímabilinu auglýsti framkvæmdastjórnin eftir sjónarmiðum hagsmunaðila varðandi reglugerð um alþjóðlegt reiki. Einkum er óskað eftir innleggi varðandi hugmyndir um að víkka gildissviðið til SMS skeyta og gagnaflutningsþjónustu í farsíma. Vísað er til þess að Reding framkvæmdastjóri stjórnarskrifstofu upplýsingamála ESB sagði fyrr í vetur að hún liti svo á að 12 evrusent væri hófleg gjaldtaka fyrir SMS skeyti í útlöndum og 35 evrusent væri hóflegt fyrir megabyte gagnaflutnings í útlöndum. Þá var tilsvareandi meðalgjaldtaka símafyrirtækjanna 21 Evrusent og 5,24 Evra fyrir notkun utan heimalands farsímanúmers. Samráðið nær einnig til annarra atriða s.s. tilfella þegar alþjóðlegt reikigjald er innheimt í eigin landi en við landamæri, þess að símafyrirtækin rukki nú fyrir hverja byrjaða mínútu í stað sekúndu og einnig til þess hversu langs tíma reglugerðin eigi að gilda. Hægt var að koma með tillögur fram til 2. júlí.

Slóð:

http://ec.europa.eu/information_society/activities/roaming/roaming_regulation/consultation_may08/index_en.htm

PÓSTMÁL

Vísað er til umfjöllunar í síðustu tveimur skýrslum um þetta mál. Evrópuþingið kláraði aðra umræðu um tillögu að tilskipun um póstmál í lok janúar og var niðurstaðan svo til samhljóða niðurstöðu ráðsins. Frumvarpið var því stuttu síðar staðfest og bíður nú birtingar. Samkvæmt því opnast markaðir fyrir póstburð frá og með 2011 utan nokkurra ríkja sem hafa heimild til þess að fresta gildisstökunni til 2013.

Slóð fyrir póstmál: http://ec.europa.eu/internal_market/post/index_en.htm

ALMENN SAMGÖNGUMÁL

Galileo

Í síðustu tveimur skýrslum var greint ýtarlega frá Galileo verkefninu sem er forgangsverkefni ESB og líklega stærsta verkefni sem sambandið hefur ráðist í. Á tímabilinu tók ríkisstjórnin ákvörðun um að ganga ásamt Norðmönnum til samningaviðræðna við ESB um þátttöku í Galileo verkefninu. Þessar viðræður standa nú yfir og er vænst niðurstöðu í haust.

Slóð fyrir Galileo verkefnið: http://ec.europa.eu/dgs/energy_transport/galileo/index_en.htm

UMHVERFISMÁL

Orku- og loftslagspakinn (Energy and Climate Change Package)

Forsaga.

Stefna ESB í loftslagsmálum var mörkuð í júní 2000 með staðfestingu "European Climate Change Programme" (ECCP), sem er aðgerðaráætlun m.a. til að undirbúa mat á áhrifum loftslagsbreytinga og marka stefnuna á því sviði í framhaldi af Kyotobókuninni 1997. Settar voru á fót nokkrar vinnunefndir, sem skipaðar voru fulltrúum stjórnvalda, atvinnulífsins (iðnaðarins), frjálsra félagasamtaka (NGOs) og háskólasamfélagsins. Í framhaldinu (2003) var samþykkt framkvæmdaáætlun (Action Plan) þar sem útfærðar voru 42 mögulegar aðgerðir sem komu út úr starfi vinnunefndanna.

Hinn 10. janúar 2007 samþykkti framkvæmdastjórn ESB "energy and climate change package" og lagði til við ráðherraráðið og Evrópuþingið að staðfest yrði: 20% samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda árið 2020 miðað við árið 1990 (30% ef um það næðist alþjóðlegt samkomulag). 20% skyldubundið hlutfall endurnýjanlegs eldsneytis (renewables) af heildarnotkun árið 2020 miðað við 1990 þar sem hlutur "biofuel" yrði a.m.k. 10% af heildarnotkun.

Ráðið og þingið staðfestu þessa stefnu í mars 2007 og fólu framkvæmdastjórninni að setja fram nákvæmar tillögur um hvernig markinu skyldi náð og byrðinni skipt (effort sharing) milli aðildarríkjanna.

Orku- og loftslagspakinn, sem lagður var fram á þinginu 23. janúar sl., er svar framkvæmdastjórnarinnar við þeirri ákvörðun, þar sem fram koma lykilatriði varðandi framkvæmd stefnunnar. Þar er gerð tillaga um endurskoðun tilskipunar 2003/87 um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir "Emission Trading Scheme" (ETS) og tillaga um skiptingu byrðarinnar vegna þátta sem eru utan ETS s.s. á sviði samgangna, bygginga, þjónustu, smærri iðnfyrirtækja, landbúnaðar og úrgangs. Til að ná settu marki, sbr. ofangreint, er einnig lagt til að samþykkt verði tilskipun um notkun endurnýjanlegrar orku (renewables) og rammi utan um föngun og geymslu karbondíoxíðs í jarðlögum (CO2 capture and storage) auk nýrra reglna um opinbera aðstoð (state aid).

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar og tengslin við EES samninginn.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar eru í fimm þáttum sem hér segir:

1. Amending Dir. 2003/87/EC - ETS endurskoðun - COM(2008)16 final.
2. Decision on the effort of Member States to reduce their greenhouse gas emissions to meet the Community's greenhouse gas emission reduction commitments up to 2020 - COM(2008)17 final.
3. Directive on the geological storage of carbon dioxide and amending dir an regulation - COM(2008)18 final.
4. Directive on the promotion of the use of energy from renewable sources - COM(2008)19 final.
5. Community guidelines on state aid for environmental protection.

Tillögurnar eru nú til meðferðar hjá ráðherraráðinu og þinginu og er stefnt að því að málið verði afgreitt fyrir lok árs 2008 eða fljótlega í byrjun árs 2009.

Eftir yfirferð yfir tillögur framkvæmdastjórnarinnar og eftir fund og viðræður við sérfræðing Umhverfisskrifstofu ESB (DG Environment), sem heldur utan um loftslagsmálin á vegum framkvæmdastjórnarinnar, virðist ljóst að af þessu fimm tillögum geti a.m.k. tvær varðað

EES-samninginn, þ.e.a.s. breytingin á Dir. 2003/87/EC (ETS), sbr. COM(2008)16 final, og reglur sambandsins um opinbera aðstoð. Athugunarefni er hins vegar hvort ákvörðunin um skiptingu byrðarinnar, sbr. tl. 2 hér að ofan þegar í hlut eiga þættir utan ETS falli undir EES samninginn sem og tilskipunin um endurnýjanlega orku og tilskipunin um geymslu CO₂ í jarðlögum. Tilskipunin um geymslu er ekki skyldubundin (mandatory) þ.e.a.s. leggur ekki skyldur á herðar ESB ríkjanna um neinar slíkar aðgerðir heldur setur hún ramma utan um undirbúning og framkvæmd ef ætlunin er að ráðast í slíkar aðgerðir. Hún tekur ekki yfir rannsóknir í þessu skyni.

Hér á eftir verður fjallað almennt um tillögurnar og sérstaklega um þær sem lúta að breytingu á dir.2003/87/EC um ETS, sbr. COM(2008)16 final. Einnig verður reynt að rýna í þær breytingar á tilskipuninni sem sérstaklega snerta Ísland.

Almennt um tillögur framkvæmdastjórnarinnar.

Tillagan um breytingar á ETS tekur mið af því að þær nái fram að ganga frá og með 2013 eða eftir að Kyotobókunin hefur runnið sitt skeið en er annars ótengd henni að öðru leyti en því að hún nær til sömu lofttegunda og Kyotobókunin. Tillagan tengist þannig beint framhaldi Kyotobókunarinnar eftir 2012 (post Kyoto) og er stefnt að því að hún verði framlag ESB til áframhaldandi samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda en sambandið hyggst taka afgerandi forystu í þeim efnum á heimsvísu og freista þess að alþjóðlegt samkomulag um að minnka slíkan útblástur um 30% náist fyrir 2020, Að öðrum kosti verði miðað við 20% innan ESB landanna hvort sem eitthvað framhald verður eftir 2012 eftir að Kyotobókunin rennur sitt skeið. Tillagan byggist á því að baráttan og viðbrögðin við áhrifum loftslagsbreytinga sé meginviðfangsefni 21stu aldarinnar. Reiknað er með að aðgerðirnar komi í veg fyrir að hitastig hækki meira en 2°C á yfirstandandi öld. Auk þess að draga úr losun er meginverkefnið að bregðast við með aðgerðum vegna óhjákvæmilegra breytinga sem verða hvað sem gert verður og skilur þar á milli tillagnanna og Kyotóbókunarinnar.

ETS tekur þegar yfir 11.500 fyrirtæki (energy installations) sem losa um helming CO₂ innan ESB landanna. Um er að ræða orkuveitur, olíuhreinsunarstöðvar, stáliðjuver og sementsverksmiðjur. Ætlunin er að hverfa frá landsáætlunum (NAP) sem gilda um losun á tímabilinu 2008-2012 og að hver þjóð úthluti ekki losunarkvótum, heldur verði í skrefum losun færð út á uppboðsmarkað og því verði að fullu fylgt eftir 2020.

Frá og með 2013 verði öll rafmagnsframleiðsla, önnur en með vistvænum aðferðum (vindorka, sólarorka og jarðorka til húsa hitunar), að fullu á uppboðsmarkaði. Aðrir þættir og flugið (aviation) færast yfir á uppboðsmarkað í skrefum frá og með 2013 til og með 2020. Frá og með 2013 verði 1/5 hl. losunarheimilda á uppboðsmarkaði og við bætast 10% stig á ári þau átta ár sem áætlunin nær til þannig að 100% markinu verði náð 2020. Tekjur af sölu losunarheimilda á uppboðsmarkaði renni til aðildarríkjanna. Rétt er að vekja athygli á að Barroso framkvæmdastjóri ESB svaraði því aðspurður þegar hann kynnti tillögurnar í þinginu 23. jan. sl. að ef nauðsyn bæri til, t.d. ef alþjóðasamkomulag næðist ekki, yrði að vera hægt að halda áfram úthlutun með sama hætti og gert er í dag því ekki mætti raska samkeppnishæfni og -umhverfi evrópskra fyrirtækja, s.s. álvera. Sagði hann að þetta yrði sérstaklega athugað 2010 og lagðar til breytingar ef þörf væri á.

Starfsemi, sem ekki fellur undir ETS (samgöngur, byggingar, úrgangur o.fl.) eiga einnig að leggja fram sinn skerf og lagt er til að skipting byrðarinnar í því tilviki taki mið af GDP eða vergri þjóðarframleiðslu á mann í aðildarríkunum, sem þýðir að sum lönd fá að auka losun,

allt upp í 20%, s.s. Rúmenía og Búlgaría, en önnur verða að minnka losun allt upp í 20% s.s. Lúxemborg.

Tillögur framkvæmdastjórnarinnar um 20% samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda þýða í raun 14% samdrátt í losun þeirra fyrir 2020 og 11.5% aukingu endurnýjanlegrar orku, hvort tveggja miðað við tölur frá 2005 sem segir að nokkur árangur náðist í minnkun losunar og aukningu endurnýjanlegrar orku frá 1990 til 2005.

Ætlunin er að notkun lífræns eldsneytis (biofuels) verði 10% a.m.k. í heildareldsneytisnotkun 2020. Miklar deilur hafa staðið um þetta atriði og gagnrýna frjáls félagasamtök (NGOs) það og telja að þessi krafa geti jafnvel aukið á vandann vegna þess lands sem undir slíka eldsneytisframleiðslu verður tekið jafnvel á kostnað landbúnaðar. Við þessu er reynt að bregðast með því að skilgreina í "renewables" tilskipuninni hvað teljist ósjálfbært „biofuel“ en þar er tekið mið af svæðum 1. jan. 2008 og það „biofuel“ telst ósjálfbært, og þar með ekki viðurkennt sem slíkt, sem framleitt er á svæðum þar sem skógur er ósnortinn af umtalsverðum umhverfisáhrifum, svæðið nýtur verndar, er t.d. á náttúruminjaskrá, eða ef land er mjög ríkt af fjölbreyttum tegundum og er þar að auki óræktað.

Tillagan um opinbera aðstoð (guidelines on state aid) gengur út á það að heimila auknar skattaávilnanir til fyrirtækja til að auðvelda þeim að draga úr útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

Tillagan um geymslu á CO₂ (CCS), sem ekki verður þó skylda að framkvæma er stuðningsaðgerð en talið er að nauðsynlegt sé að þróa geymsluaðferðir og setja þeim ramma til að auka öryggi og lækka kostnað. Framkvæmdastjórnin ætlar að eyrnamerkja 600 þús. evrur á ári í þessu skyni en CCS er þegar viðurkennt innan EU Strategic Energy Technology Plan (SET-Plan) en tæknin sem slíkt þarfnast frekari rannsókna og þróunar áður en hún verður sett á markað. Til þessa hafa verið í gangi tilraunir s.s. í Grikklandi, Noregi og Íslandi (Orkuveita Reykjavíkur. - Hellisheiðarvirkjun). Einnig er ætlunin að slíkar rannsóknir og þróun falli undir sjöundu rammaáætlunina um rannsóknir og þróun (R&D Framework Programme). Opinber aðstoð (state aid) kemur einnig til greina í formi skattaávilnana og styrkja. Settar eru fram í tilskipuninni kröfur um viðurkenningar s.s. á landsvæðum og hvar geymsla skal óheimil, mat á áhrifum, leka, vöktun, eftirlit o.s.frv. Einnig um umhverfisábyrgð t.d. vegna skemmda á landi eða loftslagi og að það tengist tilskipuninni um umhverfisábyrgð 2004/35/EC.

Reiknað er með að orkuverð muni hækka um 10-15% fram til 2020 skv. áhrifamati framkvæmdastjórnarinnar, sem fylgir með tillögum. Reiknað er með að nái tillögurnar fram muni kostnaður af framkvæmd þeirra vera 150-160 evrur á hvert mannsbarn innan ESB á ári að meðaltali.

Sem kunnugt er er engin orka hagkvæmari með hliðsjón af losun CO₂ en kjarnorka (nuclear power). Henni er hins vegar fullkomlega úthýst sem endurnýjanlegri orku og er ekki á dagskrá framkvæmdastjórnarinnar sem slík. Andris Piebalgs, orkustjóri ESB, hefur skýrlega tjáð sig í því máli og segir kjarnorku ekki vera endurnýjanlega orku.

ESB er þeirrar skoðunar að framkvæmd ETS, sem nú er á fjórða ári, hafi tekist vel og sé áhrifaríkt tæki til að markaðstengja lausnir til að draga úr losun GHG. Árangri verði ekki náð nema með lögbundnum aðgerðum sem skylda aðildarríkin til þátttöku og aðgerða.

Áhrifin á Íslandi og vinnan framundan

Umhverfissráðherra og sendiherra Íslands í Brussel hafa ásamt aðstoðarfólki rætt málið við Stavros Dimas, umhverfisstjóra ESB, m.a. út frá hugsanlegum áhrifum á Íslandi sérstaklega í tengslum við áliðnaðinn út frá þeirri staðreynd að um viðkvæma starfsemi sé að ræða og ef ekki næst alþjóðleg samstaða um aðgerðir eftir 2012 um hvernig á þeim málum verður tekið geti það leitt til gjörbreyttrar samkeppnisaðstöðu og flutnings slíkra fyrirtækja frá Evrópska Efnahagssvæðinu til landa sem ekki gera sömu kröfur til minnkunar útblásturs.

Ljóst virðist að breytingar á 2003/87/EC (ETS) og leiðbeiningar um framkvæmd opinberrar aðstoðar (state aid) séu hluti af EES samningnum. Álitamál er hins vegar hvort tilskipunin um "renewables" og tilskipunin um geymslu CO2 falli undir EES samninginn og ákvörðunin um skiptingu byrðarinnar þegar í hlut eiga atriði utan ETS falla þar ekki undir.

Eins og ráða má af breytingum sem lagðar eru til á ETS er það fyrst og fremst álframleiðslan, járnblendiframleiðslan, sementframleiðslan og steinullarframleiðslan sem koma til skoðunar. Þessir þættir eru til skoðunar út frá því hvort þeir falli undir breytta tilskipun sem og plastbátasmíði sem gæti fallið hér undir og einnig er verið að kanna hvort einhver efnaiðnaður er á Íslandi sem fellur hér undir.

Starfshópur á vegum umhverfissráðuneytisins, utanríkisráðuneytisins, og iðnaðarráðuneytisins fjallar sem stendur um málið og metur út frá EES samningnum sem og þau áhrif sem þetta hefur á starfsemi á Íslandi og áður er nefnd.

Fundur í Umhverfisnefnd Evrópuþingsins (EN VI) 23. júní 2008 um CCS og „Renewables”.

Þann 23. þ.m. var fjallað um ofangreind mál í ENVI. Annars vegar gerði Chris Davies, þingmaður á EP, „rapporteur" umhverfisnefndar þingsins grein fyrir drögum að breytingum á tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sbr. tilskipun. um CCS, COM(2008)18, og hins vegar gerði Anders Wijkman, þingmaður á EP, „draftsman" Umhverfisnefndarinnar grein fyrir drögum að breytingum á tillögu framkvæmdastjórnarinnar, sbr. tilskipun um „renewables", COM (2008) 19, en bæði þessi mál voru kynnt í þinginu af hálfu framkvæmdastjórnarinnar 23. jan. sl. ásamt tillögum að tilskipun um breytingar á ETS 2003/87/EC, sbr. COM (2008)16, og ákvörðun um "effort sharing", sbr. COM (2008) 17.

1. CO2 Capture and Storage (CCS)

Chris Davies fór nokkrum orðum um ástand mála sérstaklega í tengslum við kolaverin. Sagði hann að fyrirhugað væri að byggja 150 kolaver á næstu árum í USA, Kína og Indlandi sem væri gríðarleg aukning eða um 70% miðað við afkastagetu kolavera á þriðja áratug síðustu aldar. Um 30% kolavera í heiminum væru úrelt og enginn virtist bera ábyrgð á leka frá þeim. Sérfræðipækning á CCS væri lítil og einstök lönd varla í stakk búin til að takast á við verkefnið. Engin fjárhagslegur grunnur væri heldur fyrir hendi t.d. engir sjóðir hjá ESB. Ekki væri vitað um burði ESB landanna til að takast á við verkefnið og spurningin væri hvort ekki ætti að skyldubinda hlutaðeigandi fyrirtæki til að nota CCS í stað þess að skylda þau til að fara eftir settum reglum ef þau hygðust nota CCS. Hans skoðun var sú að hyggilegast væri að skyldubinda CCS en til þess að svo mætti vera þyrfti að vinna málið betur og vanda sérlega til verksins. Hann taldi vel geta komið til greina að skyldubinda notkun CCS hjá iðnaðinum 2015 og í annarri starfsemi sem losar CO2 frá og með 2025.

Chris Davies sagði það engum vafa undirorpið að með nýtingu CCS væri stigið stórt skref fram á við og það hlyti að verða keppikefli hlutaðeigandi að taka upp þá tækni og selja

losunarkvóta sína þegar verðið væri komið í 30 evrur tonnið og bankar í Evrópu farnir að gera út á kvótakaup og sölu.

Helstu breytingar sem Chris Davies leggur til snúast um notkun hugtaka þannig að ekki fari milli mála hvað átt sé við með einstökum orðum og orðasamböndum. Orðið „significant“ er nánast „manifestó“ eða gegnumgangandi í tillögu framkvæmdastjórnarinnar án nokkurrar skilgreiningar. Sem dæmi má nefna hvað þýðir: „Significant leakage“? Einnig leggur hann til að settir verði raunhæfir frestir og einnig að fyrirtækjum verði veitt forskot séu þau í stakk búin til að byrja.

Góður rómur var gerður að breytingartillögum Chris Davies. Helsta gagnrýnin kom frá ítölskum þingmanni Proti þar sem hélt því fram að CCS væri eingöngu friðþæging til þess að hægt væri að halda áfram á sömu braut og verið hefur. CCS væri ekkert annað en losun og því engin lausn. Hjá framkvæmdastjórninni kom fram að 20% markmiðinu 2020 yrði ekki náð nema með CCS. Tæknin sé hins vegar ekki það langt komin að hægt sé að gera þetta að skyldu („mandatory“) auk þess sem setja þurfi strangar reglur um það hvernig brugðist skuli við leka, s.s. með leyfissviptingum og umhverfisábyrgð („dir. on environmental liability“).

Frestur til að setja fram aths. við drögin var til hádegis þann 8. júlí. Reiknað er með að fyrri yfirferð í þinginu um málið ljúki 21. september nk. en stefnt er að afgreiðslu málsins eins og alls orku- og loftslagspakkans fyrir áramót og eigi síðar en fyrstu vikur næsta árs. Umhverfissráðuneytið sendi inn athugasemd við CCS og minnti á að tilskipunin yrði líka að taka mið af því að verið væri að koma gróðurhúsalofttegundum fyrir endanlega en ekki aðeins til geymslu. Var í því tilviki bent á tilraunaverkefni Orkuveitu Reykjavíkur við Hellisheiðavirkjun en tilraunin gengur út á það að dæla gróðurhúsalofttegundum djúpt í jörðu þar sem þær mundu síðan umbreytast í berg (basalt). Svar hefur borist frá Chris Davies þar sem fram kemur að slíkt fyrirkomulag muni rúmast innan tilskipunarinnar.

2. Endurnýjanleg orka (renewables).

Í máli Anders Wijkman kom fram að menn litu loftslagsmálin miklu alvarlegri augum í dag en þegar framkvæmdastjórnin lagði fram tillögur sínar fyrir tæpu hálfu ári. Margt hefði komið fram á síðustu mánuðum sem sýndi að grípa þyrfti til aðgerða strax ef ekki ætti illa að fara. Þess vegna skipti endurnýjanleg orka höfuðmáli við að ná árangri í því að ráðast gegn loftslagsvandannum. Í þessu tilviki væri ákveðið vandamál bundið við það hvar ætti að staðsetja „renewables“. Á það að vera undir umhverfismálum eða orkumálum innan ESB. Fram kom í máli hans að „biofuels“ væri nánast út úr myndinni sem gerði málið erfiðara og að 10% „binding target“ næðist ekki. Hann leggur því til 8%. Einbeita þurfi kröftum ESB meira að því að nota sellulósa, sólarorku og sjávarfallaorku. Aukning á framleiðslu „biofuels“ auki losun GHG bæði vegna reksturs og landnotkunar og brennslan á því, t.d. á vélum valdi gróðurhúsalofttegundum.

Í stuttu máli má segja að umræðan hafi fyrst og síðast snúist um „biofuels“ en að öðru leyti ríki nokkuð góð sátt um málið og almennt virtist sú skoðun ríkjandi að „biofuelsmálið“ ætti ekki að granda málinu enda hlutdeild þess það lítil eða samtals 3% af heildinni.

Þar sem tillögur Anders Wijkman voru fyrst lagðar fram á fundinum og þátttakendur því ekki haft tóm til að kynna sér þær varð engin umræða um fresti til að skila athugasemdum en það verður tilkynnt síðar og hvernig ENVI hyggst landa málinu og hvenær. Sama á við um yfirferð í þinginu en stefnt er að því að klára málið með öðrum þáttum „orku- og loftslagspakkans“, sbr. það sem áður segir.

Drög að tilskipun um endurnýjanlega orku eru til skoðunar hjá iðnaðarráðuneytinu. Hvort gerðin er EES tæk er til athugunar hjá hlutaðeigandi ráðuneytum. Þessi tilskipun hefur litla þýðingu fyrir Ísland að öðru leyti en því að það þarf að vera alveg klárt að jarðhiti falli hér undir. Umhverfisstjórnuneytið hefur bent á þennan þátt sérstaklega og fengið skýr svör um að svo sé.

ETS - Tillögur „Rapporteur“ Avril Doyle um breytingar á COM(2008)16

Avril Doyle þingkona á Evrópuþinginu og „rapporteur“ Umhverfisstjórnunar þingsins vegna tillagna um breytingar á ETS 2003/87/EC kynnti í ENVI 25. júní sl. drög að breytingum við tillögur COM(2008)16. Drög að breytingum eru í 38 liðum. Frestur til að skila athugasemdum við **drögin var til 2. júlí. og er stefnt að því að** málið fari í fyrstu yfirferð í þinginu sem ætlunin er að ljúka í september og að klára málið með annari yfirferð í desember og eigi síðar en fyrstu vikur næsta árs eftir samráð við ráðherraráðið. Þetta hangir allt saman við „pakkann“ sjálfan sem ætlunin er að afgreiða saman en hann tekur einnig til tilskipunar um „renewables“, sbr. COM(2008)19, tilskipunar um CCS, sbr. COM(2008)18 og ákvörðunar um „effort sharing“, sbr. COM(2008)17.

Helstu atriði og breytingar sem koma fram hjá Avril Doyle eru:

- Stuðst er við tillögur framkvæmdastjórnarinnar í meginráttum og tillagan um 20% samdrátt fyrir 2020 talin eina færa leiðin til þess að ná alþjóðlegu samkomulagi um málið. Ef auka ætti kröfurnar upp í 30% gætu ESB löndin staðið frammi fyrir því að ekkert samkomulag næðist um post -Kyoto á Kaupmannahafnarfundinum í des. 2009. Ná þyrfti „pólitísku“ samkomulagi á heimsvísu og pólitík er list hins mögulega, komst Doyle að orði.
- Doyle vísar frá öllum hugmyndum um að ákveðin starfsemi eins og kolaverin fái ókeypiss úthlutun utan uppboðs og leggur til að öll hlutaðeigandi starfsemi sitji við sama borð. Fram kom í máli hennar að tækist að „hreinsa“ kolaverin um 1% þá gæfi það meira af sér til loftslagsverndar en öll endurnýjanleg orka sem notuð er í ESB í dag en hún er um 4% af heildarnotkuninni. Hún vísar einnig á bug þeirri tillögu framkvæmdastjórnarinnar að settur verði fram listi yfir starfsemi sem telst viðkvæm af samkeppnisástæðum, t.d. vegna hugsanlegs flutnings til annarra landa þar sem kröfur eru minni, þar sem það gæti verið skaðlegt í viðræðunum um post -Kyoto og að taka verði á málinu á heimsvísu.
- Doyle leggur mikla áherslu á að aðildarríkin samþykki að minnst 50% af uppboðstekjum vegna losunarheimilda fari í sérstakan ESB sjóð eða alþjóðlegan sjóð, sem verði varið til loftslagsbætandi aðgerða, uppgræðslu skóga, tækniframfara og aðlögunar. Rétt er að benda á að tillögu framkvæmdastjórnarinnar um 20% hefur þegar verið vísað frá af hálfu margra landa ESB. Mikilvægt sé að nota fjármunina til þess að aðstoða þjóðir sem ekki hafa átt þátt í því að skapa loftslagsvandann.
- Doyle leggur til að ETS nái einnig yfir „maritime“ og siglingar komi inn 2015 en fram að því verði farið með losun frá siglingum skv. NON-ETS reglum sem eiga að gilda um samgöngur á landi, landbúnað o.fl. Einnig leggur hún til að skógareyðing falli hér undir með hliðsjón af því að gera skógrækt sjálfbæra.

- Varðandi CCS leggur Doyle til að losun 60 milljón tonna af CO2 fari ókeypis til þeirra 12 fyrirtækja sem hefja starfsemi og verslun með CCS fyrir 2015 en ætlun ESB er að 15 fyrirtæki taki þátt í þessu verkefni og hafa þegar tvö norsk fyrirtæki verið viðurkennd í þeim hópi af þeim 8 sem þegar hafa verið valin. Þessi "bónus" standi einnig til boða hverju landi sem staðfestir nýjan alþjóðlegan loftslagssamning sem taki við að Kyoto. Fyrirtækin geti síðan selt þessar heimildir þar sem þau losi ekki CO2 út í andrúmsloftið.
- Doyle vill auka magn þess losunarkvóta sem fyrirtæki geta keypt vegna JI („Joint Implementation“)/CDM („Clean Development Mechanism“) en eingöngu í þeim tilvikum þar sem uppfylltar séu strangar kröfur sem sýni fram á árangur („goal standard type“). Mörg verkefni séu í gangi og lítið sem ekkert sé vitað um árangur og í sumum tilvikum liggja fyrir að hann sé enginn.

Í umræðunni sem fylgdi á eftir kom aðallega fram gagnrýni á að ekki skyldi miða við 30% samdrátt 2020 þar sem fyrir lægi að draga þyrfti úr losun milli 25-40% fyrir 2020. Því væri óraunhæft að koma með þau skilaboð til viðkomandi starfsemi að 20% væri nóg í iðnríkjunum.

Efasemdir komu fram við að taka siglingar og skógareyðingu inn á þessu stigi. Betra væri að ná alþjóðlegum samningi um málið.

Gagnrýnt var að gert væri ráð fyrir því að vararafstöðvar s.s. fyrir sjúkrahús og aðra neyðarstarfsemi væri inni enda sáralítið notuð og viktaði ekki neitt.

„Grænir“ gagnrýndu sérstaklega CDM og að ef auka ætti hlutdeild þess væru það skilaboð um að ríkin sjálf þyrftu ekki að taka til í eigin garði því þau gætu gert það í annarra gördum.

„Liberals“ bentu á að ef ekki tækist að ná alþjóðlegum samningi eftir Kyoto væri til lítils að ESB gerði nokkuð í málinu þar sem starfsemi innan ESB vægi aðeins 15% af heildinni og því óraunhæft að setja kröfur á þau fyrirtæki sem þar starfa auk þess sem það viktaði lítið af heildinni. Umræða um þennan þátt varð ansi heit m.a. út frá því forystuhlutverki sem ESB hyggst taka í málinu og var m.a. bent á að USA og Japan væru að taka upp svipað kerfi og ETS.

Það liggur ljóst fyrir að í tillögum Avril Doyle er ekki gert ráð fyrir neinum ívilnunum til „viðkvæmra“ fyrirtækja heldur sitji allir við sama borð frá upphafi og kaupir losunarkvóta á uppboði. Þótt kolaverin hafi sérstaklega verið nefnd, enda einn helsti losunarvaldurinn, gildir þetta einnig um álver og stáliðjuver.

Doyle leggur áherslu á aukna hlutdeild JI/CDM að uppfylltum ströngum kröfum um árangurssýnileika. Þetta ætti að koma Íslandi til góða sé áhugi á því.

Doyle leggur til að skógrækt verði tekin inn í ETS. Ekki er hins vegar minnst á uppgræðslu lands og jarðvegsvernd. Umhverfisráðuneytið hefur formlega bent Avril Doyle á mikilvægi þess að lítið verði til landgræðslu lands og jarðvegsvernd í þessu skyni enda hægt að ná verulegri bindingu á þann hátt. Hér er um áhersluverkefni að ræða hjá Íslandi í baráttunni við loftslagsbreytingar. Umhverfisráðherra, Þórunn Sveinbjarnardóttir, mun hitta Avril Doyle um miðjan september n.k., sérstaklega til þess að ræða þessi mál og önnur er varða hagsmuni

Íslands og tengjast framkvæmd breyttrar tilskipunar um viðskipti með gróðurhúsalofttegundir (ETS).

Flóðatilskipunin. (Dir 2007/60/EC on the assessment and management of flood risks):

"Tilskipunin fjallar um varnir, viðbrögð og viðbúnað til þess að bregðast við flóðum. Þar eru lagðar skyldur á stjórnvöld til að meta hættu af völdum flóða, setja fram vákort vegna flóða, þ.e.a.s. hvaða verðmæti eru í húfi, gera áætlun um stjórnun aðgerða og ábyrgð á aðgerðum ef grípa þarf inn í atburðarrásina. Aðildarríki ESB skulu setja samræmd lög í þessum tilgangi eigi síðar en 26. okt. 2009.

Tilskipunin nær til flóða og flóðavarna jafnt á landi, s.s. flóða í ám og vötnum, skyndiflóða og flóða í þéttbýli sem og sjávarflóða. Tilgangurinn er að hafa áhrif á skipulag til þess að vernda fólk (almannavarnir), umhverfið, menningarminjar, atvinnurekstur og innra skipulag samfélagsins en talið er að hægt sé að fyrirbyggja tjón af völdum flóða með samræmdum aðgerðum eða draga verulega úr því með það í huga að mörg alvarleg flóð má rekja til manngerðar hluta.

Tilskipunin nær til verkefna á sviði nokkurra ráðuneyta á Íslandi en að mati Evrópusambandsins fellur tilskipunin undir EES samninginn. Það er nú til skoðunar í hlutaðeigandi ráðuneytum, en margt í tilskipuninni skírskotar ekki til íslenskra aðstæðan eins og t.d. samræmdar aðgerðir milli landa með sameiginleg vatnasvæði."

Haftilskipunin. (Dir 2008/56/EC establishing a framework for community action in the field of marine environmental policy (Marine Strategy Framework Directive):

"Þingið og ráðið samþykktu tilskipunina 17. júní sl. Tilskipunin byggir á því að nauðsynlegt sé að samræma aðgerðir innan Evrópusambandsins til þess að takast á við missi líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa, draga úr losun hættulegra efna í hafið sem og losun næringarefna. Til þess að ráðast gegn vandanum þurfi að grípa til aðgerða sem varða verndun fiskistofna og veiðisvæða, vernda haf og strendur gegn mengun, draga úr mengun frá siglingum sem og olíumengun og draga á þann hátt úr loftslagsáhrifum (Climate Change)."

Af hálfu ESB er málið talið falla undir EES samninginn og er það nú til athugunar í hlutaðeigandi ráðuneytum.

Úrgangstilskipunin (COM 2005/667),

Tilskipun um úrgang („Waste management directive” (COM 2005/667)) var samþykkt í Evrópuþinginu 17. júní sl. Nokkrar deildur urðu um efni tilskipunarinnar og var henni breytt talsvert af hálfu ráðherraráðsins, sem þingið hefur nú samþykkt. Framkvæmdastjórnin er ekki að fullu sátt við niðurstöðuna enda hennar skoðun að málið hafi verið útvatnað töluvert. Framkvæmdastjórnin telur hana eigi að síður til bóta þar sem gildandi tilskipun er næstum þriggja áratuga gömul, að vísu með töluverðum breytingum síðan þá, þannig að hér sé alla vega um „andlitslyftingu” að ræða.

Tilskipunin mun öðlast gildi strax og hún hefur verið þýdd yfir á öll 23 tungumál ESB og birt í framhaldi af því, sem tekur nokkrar vikur, og frá og með þeim tíma hafa aðildarríkin 2 ár til þess að leiða ákvæði hennar í landslög.

Tilskipunin gerir ráð fyrir fimm stigmagnandi þáttum („five-tier hierarchy”) sem eru í forgangs röð:

- „Prevention” (minnkun úrgangs),
- „re-use” (endurnotkun),
- „recycling” (endurvinnsla),
- „recovery” (endurheimta) og
- „elimination” (eyðing).

Í tilskipuninni eru lagðar til skýrar skilgreiningar á hvað sé átt við með endurvinnslu, endurheimt og eyðingu og einnig hvað sé „by-products” og „end of waste”. Einnig er bundinn endir á deilurnar um brennslu („incineration”) þannig að hún getur talist „recovery” að uppfylltum tilteknum skilyrðum um hagkvæmni („energy efficiency standards”).

Engin skilgreining er á hvað sé átt við með minnkun úrgangs þar sem ekki náðist samkomulag um það en ætlunin er að taka það til sérstakrar athugunar þegar komin er 2ja ára reynsla á framkvæmdina eða eftir mitt ár 2010. Eigi að síður eru sett endurvinnslumarkmið þannig að 2020 verði endurvinnsla á heimilissorpi, pappír, gleri, málmum og plasti 50% og á iðnaðarúrgangi þ.á.m. byggingarúrgangi 70%.

Tilskipunin, sem án vafa er EES tæk, verður væntanlega tekin upp í EFTA ferlinu að loknu sumarleyfi eða í lok ágúst eða byrjun september. Við bíðum eftir að tilskipunin verði birt en það verður í júlí, sbr. það sem áður segir. Nauðsynlegt er að umhverfisráðuneytið fari vel yfir málið með sveitarfélögum og Samtökum atvinnulífsins sem fyrst.

Tilskipun um vatnsgæði („water quality standards”),

Hinn 17. júní sl. samþykkti þingið tilskipun um vatnsgæði („water quality standards”), sem tengist framkvæmd vatnatilskipunarinnar (Dir 2000/60/EC - „Water Framework Directive” eða WFD). Um er að ræða stórt skref í þá átt að ákveða hvaða efnum eigi að halda í lágmarki eða útiloka í vatni svo það geti fallið undir „environmental quality”. Um er að ræða í þessum áfanga 33 efni (þrávirk lífræn efni, þungmálma o.fl.) sem ná skal tókum á fyrir 2015 en þá eiga aðildarríkin að hafa sett sér grunnáætlanir skv. WFD. Nokkur efni (13) fengu ekki náð hjá framkvæmdastjórninni vegna þess að ekki vannst tími til að bæta þeim við skv. ósk þingsins en framkvæmdastjórnin ætlar að gera bragabót á því og koma með tillögur til breytinga innan tveggja ára (2011).

Ráðherraráðið á fyrir sitt leyti eftir að leggja blessun sína yfir málið en það verður væntanlega gert fljótlega og eftir það verður tilskipunin birt að fenginni þýðingu yfir á tungumál ESB. Umhverfisráðuneytið í samráði við iðnaðarráðuneytið og sveitarfélögin þarf að fara yfir málið og væri rétt að gera það í tengslum við nauðsynlega lagasetningu vegna innleiðingar vatnatilskipunarinnar sem nú stendur yfir og í samræmi við þá fresti sem þá voru ákveðnir miðað við að sjálf vatnatilskipunin er frá 2000 en hún var að svo miklu leyti sem hún er talin EES tæk tekin upp í EES samninginn í lok árs 2007.

Áherslur frönsku formennskunnar í umhverfismálum

Frakkland, sem fer með formennsku í ESB á fyrra misseri 2008 leggur megináherslu á fjóra þætti þar á meðal loftslagsmálin og orkumálin. Stóra málið er „orku- og loftslagspakkinn”, en frönsk stjórnvöld ætla að kappkosta að ná samkomulagi um þá fjóra þætti sem þar eru undir (ETS, Effort Sharing, CCS og Renewables) fyrir áramót og ekki síðar en fyrstu vikur ársins 2009 enda telja þau „pakkann” verða framlag ESB til loftslagsumræðanna (Balí vegvísirinn), sem ætlunin er að fjalla um í Kaupmh. í des. 2009. Því megi engan tíma missa. Frönsk stjórnvöld eru vongóð um að „pólítísk” sátt náist um þessi mál að svo miklu leyti sem þau eru „pólítísk” en CCS hlýtur fyrst og fremst að teljast „tæknilegt” mál en ekki „pólítískt”. Helsti vandinn sé fólgin í CCS vegna fyrirsjáanlegrar fyrirstöðu Ítalíu og Grikklands, sem telji sig

ekki vegna jarðfræðilegra aðstæðna geta geymt CO₂ og þurfi því að kaupa geymslu og tækni frá norðlægari aðildarríkum auk þess sem þær raddir hafi heyrst að hér sé um að ræða geymslu en ekki eyðingu í tímans rás.

Síðan Frakkland gerði grein fyrir áherslum sínum á sviði umhverfismála hefur nokkuð vatn til sjávar runnið og hefur nú verið ákveðið að bæta við tveimur málum á listann sem eru; sjálfbær neysla og framleiðsla („sustainable consumption and production”) og GMO („genetically modified organisms”) sem við höfum þýtt „erfðabreyttar lífverur”. Fyrra málið ætla frönsk stjórnvöld að skoða út frá endurskoðaðri áætlun um sjálfbæra þróun frá 2006 („sustainable development strategy 2006”) fyrst og fremst með það að leiðarljósi að hefja umræðuna og búa í haginn fyrir næstu tvö formennskulöndin, Tékkland og Svíþjóð („trio of Presidencies”) sem í reynd þýðir að meginvinnan mun lenda á þeim löndum. Varðandi GMO stendur vilji franskra stjórnvalda til að opna umræðuna á ráðherrafundi 3.-5. júlí (nokkurs konar „kick-off”) og síðar með fullum þunga á ráðstefnu sem haldin verður í París í lok október n.k. Einnig hefur komið fram að Frakkland muni taka upp drög framkvæmdastjórnarinnar að tilskipun um vernd jarðvegs, sem sett var á ís í desember sl. m.a. vegna andstöðu Frakklands en þeirri skoðun vex fylgi að ekki sé hægt að aftengja verndun jarðvegs aðgerðum til að bregðast við loftslagsbreytingum, sbr. ráðstefnu framkvæmdastjórnarinnar um loftslagsmál og jarðveg sem haldin var í Brussel 12. júní sl..

Í tengslum við "orku- og loftslagspakkann" ætlar Frakkland einnig að leggja áherslu á að sett verði reglugerð um „emission standards for cars” og um gæði eldsneytis. Einnig endurskoðun IPPC - COM (2007)844 („Integrated Pollution Prevention and Control Directive”) og svokallað ENVI VI um kröfur á þung ökutæki (COM (2007)851. Einnig að halda áfram umræðunni um tillögu að tilskipun um endurskoðaða „þaktílskipun” („national emission ceilings”) (NEC Dir) og WEEE („wasted electrical and electronic equipment”) en sá hængur er á gjöf Njarðar að framkvæmdastjórnin hefur ekki lagt fram tillögur í þeim efnum enn. Frönsk stjórnvöld telja þessa þætti rúmast undir áherslum á sviði loftslagsmála og beinlínis tengjast sjálfum „pakkanum”.

VIÐSKIPTAMÁL

Undir svið viðskiptaráðuneytis falla margir málaflokkar; fjármálaþjónusta, svið neytendaréttar og samkeppnisréttar og félagaréttur. Á þessum sviðum er margt að gerast og er aðeins vikið að stærstu málum sem hafa verið til umræðu á fyrri helming ársins.

FJÁRMÁLAPJÓNUSTA

Fjármálastöðugleiki

Fundur fjármálaráðherra Evrópusambandsins 8. og 9. október 2007 var helgaður miklum sviptingum á fjármálamörkuðum. Á fundinum var samþykkt vinnuáætlun þar sem ráðið fól framkvæmdastjórninni að vinna að aðgerðum á ýmsum sviðum á árinu 2008, og hefur það verið nefnt ECOFIN roadmap, þetta eru:

1. Auka gangsæi markaðarins, m.a. með því að krefjast þess að fjármálafyrirtæki upplýsi um alla áhættu, m.a. vegna fjármálagerna sem tryggðir eru með veði, til að fá fram

tölfræðilegar upplýsingar á markaðnum og til að bæta magn og gæði upplýsinga sem veittar eru fjárfestum.

2. Bæta skýrsluskil og mat á fjármálagerningum svo unnt verði að veita fjárfestum ítarlegri upplýsingar um einstaka samninga og til að tryggja að eigur séu réttilega metnar
3. Styrkja „prudential” reglur bankamarkaðarins, m.a. með breytingum á tilskipun CDR. Umsagnarferli vegna tillagna að breytingum lauk 16. júní sl.
4. Rannsaka atriði sem varða uppbyggingu markaðarins, s.s. hlutverk matsfyrirtækja og hugsanleg „failures in the context of the financial turmoil”.

„Single Euro Payment Area, SEPA”

Hið svokallað „Single Euro Payment Area, SEPA,” fór formlega af stað 1. janúar 2008. Með SEPA er ætlunin að ljúka því verkefni sem hófst með tilkomu evru. Markmiðið með SEPA er að gera allar rafrænar greiðslur innan evrusvæðisins eins auðveldar og innlendar greiðslur auk þess að neytendur geti notað debetkort til greiðslu utan heimaríkis með sama hætti og í heimaríki. SEPA er einnig ætlað að hafa í för með sér betri bankaþjónustu, gagnsæja verðlagningu, tryggja að greiðslur berist hratt og örugglega auk þess að fjármálafyrirtæki beri ábyrgð fari eitthvað úrskeiðis. Lagalegur grundvöllur undir SEPA er tilskipun 2007/64 um greiðslumiðlun (e. Payment Services Directive), sem samþykkt var 15. október 2007 og birt 5. desember 2007. Tilskipunin er merkt EES tæk og verður hún væntanlega tekin upp í EES samninginn á síðari hluta ársins. Í 96 greinum tilskipunarinnar eru um fulla samræmingu að ræða sem kallar á samvinnu aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar. Hefur af þeim sökum verið settur upp sérstakur vinnuhópur aðildarríkjanna sem stýrt verður af framkvæmdastjórninni og hefur Ísland aðgang að þeim vinnuhópi. Þá hefur verið settur upp opinn spurningavefur um tilskipunina, þar sem hægt er að leggja fram spurningar og er gert ráð fyrir að öllum spurningum verði svarað innan þriggja mánaða. Gildistaka tilskipunarinnar er 1. nóvember 2009.

Nánari upplýsingar er að finna á:

http://ec.europa.eu/internal_market/payments/framework/index_en.htm

Gjaldþol váttryggingafélaga.

Þann 10. júlí 2007 lagði framkvæmdastjórnin fram drög að tilskipun á váttryggingasviði er varðar gjaldþol váttryggingafélaga og er henni ætlað að bæta neytendavernd, nútímavæða eftirlit, efla samruna markaðarins og auka alþjóðlega samkeppnishæfni evrópskra váttryggjenda. Tilskipunin gengur undir nafninu Solvency II og mun koma í staðinn fyrir 14 tilskipanir á váttryggingasviðinu og er hinu nýja kerfi ætlað að koma til framkvæmda árið 2012.

Markmið Evrópureglna um gjaldþol er að tryggja að váttryggingafélög hafi fjárhagslegan styrk og að þau hafi jafnframt styrk til að ganga í gegnum erfiðleika. Þannig eru hagsmunir váttryggingataka varðir og stöðugleiki fjármálakerfisins í heild.

Í hinu nýja kerfi er sú krafa gerð til váttryggjenda að taka tilliti til allra áhættuþátta sem standa að rekstrinum og takast á við þær hættur með skilvirkari hætti. Auk þess er gert ráð fyrir að váttryggingafélög í hópi (e. insurance groups) muni lúta eftirliti hópeftirlitsaðila (e. group supervisor) sem hafi betri möguleika að hafa eftirlit með hópnum í heild.

Tillagan er nú til umræðu í ráðinu og Evrópuþinginu og er gert ráð fyrir að hún verði samþykkt á árinu 2009.

Frekari upplýsingar má finna:

http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/sovelncy/index_en.htm

Tryggingakerfi fyrir viðskiptavini váttryggingafélaga

Evrópusambandið hefur allt frá árinu 2001 skoðað hvort taka ætti upp sambærilegt tryggingakerfi fyrir viðskiptavini váttryggingafélaga komi til gjaldþrots félagsins („Insurance Guarantee Scheme”) og er á sviði banka og verðbréfafyrirtækja. Í ársbyrjun var birt yfirlýsing mikil skýrsla um málið, OXERA skýrslan og opnaði framkvæmdastjórnin fyrir athugasemdir hagsmunaaðila um málið með útgáfu samráðsskjals. Samráðsferlinu lauk 6. júlí. Fylgst er með stöðu mála í vinnuhóp EFTA um fjármálaþjónustu.

Nánari upplýsingar er að finna á:

http://ec.europa.eu/internal_market/insurance/guarantee_en.htm.

NEYTENDAMÁL

Eftir tilkomu sérstaks framkvæmdastjóra neytendamála í janúar 2007, hefur verið mikill kraftur á neytendasviðinu, margt nýtt litið dagsins ljós og ýmislegt er í vinnslu. Lögð var fram sérstök neytendastefna fyrir árin 2007-2013 og er nú unnið eftir henni. Það helsta sem ber að nefna sem unnið hefur verið á fyrri helming ársins er:

Tilskipun um neytendalán

Eitt erfiðasta neytendamál síðustu missera var tillaga að tilskipun um neytendalán (e. *Consumer Credit*), en fyrsta tillagan var lögð fram á árinu 2002. Pólítísk sátt náðist um tillöguna á ráðsfundi ráðherra samkeppnishæfnismála 21.-22. maí 2007. Tilskipuninni er ætlað að tryggja að neytendur séu betur upplýstir þegar þeir taka neytendalán, t.d. vegna sumarleyfa eða bifreiðakaupa. Tilskipuninni er ætlað að sameina innri markað fyrir neytendalán og mun hún gera markaði gangsaerri fyrir neytendur og viðskiptalífið. Með tilskipuninni eru m.a. samræmdar reglur um upplýsingagjöf, rétt til að falla frá kaupum, rétt til uppgreiðslu lána og um árlega hlutfallstölu kostnaðar.

Eftir erfiðar samningaviðræður milli Evrópuþingsins og ráðsins náðist loks samkomulag um tillögunar á fundi Evrópuþingsins 16. janúar 2008.

Það atriði sem deilur hafa staðið um er heimild til uppgreiðslu lána og hvort og hvenær heimilt sé að innheimta þóknun við uppgreiðslu. Samkvæmt samkomulaginu má þóknun ekki vera meira en 1% af fjárhæð skuldarinnar, ef skuldari greiðir innan árs lækkar þóknun í 0,5%. Aðildarríki hafa hins vegar möguleika á að gera undanþágur í tilteknum tilfellum.

Ráðið samþykkti svo loks tillöguna þann 7. apríl. Tilskipunin er númer 2008/48 og á að vera innleidd fyrir 12. maí 2010¹⁴.

Neytendamarkaðsvakt - neytendasamanburðartafla

Í janúar lok var hrint af stað nýju neytendaverkefni, svokallaðri neytendamarkaðsvakt (e. *Consumer Market Watch*) sem er ætlað að rannsaka hvernig ýmsir markaðir efnahagslífsins

¹⁴ <http://eur-lex.europa.eu/LexUriServ/LexUriServ.do?uri=OJ:L:2008:133:0066:0092:EN:PDF>

standa sig frá sjónarhóli neytenda. Annar hluti verkefnisins lýtur að rannsókn á fimm lykilatriðum; verði, kvörtunum, kostnaði við flutning viðskipta, ánægju og öryggi. Hinn hlutinn tekur við ef fyrri hlutinn leiðir í ljós veikleika og getur leitt til nánari rannsókna á tilteknum sviðum.

Fyrri hlutinn leiddi af sér útgáfu fyrstu neytendasamanburðartöflu í lok janúar sl. Taflan er samansett úr upplýsingum frá ýmsum áttum, s.s. öðrum deildum framkvæmdastjórnarinnar, samkeppni, upplýsingasamfélagsins, fyrirtækja, neytenda auk Eurostat. Fyrstu niðurstöður benda til skorts á upplýsingum um lykilatriði fyrir neytendur og er því gert ráð fyrir að mikil vinna verði lögð í öflun frekari upplýsinga á árinu 2008 og áfram. Næstu skref á árinu 2008 felast í því að lögð verður sérstök áhersla á þrjú svið:

1. *Fjármálaþjónustu fyrir almennig.* Byggt verður á þeirri vinnu sem þegar hefur farið fram á þessu sviði en áhersla verður lögð á neytendahliðina. Sérstök áhersla verður lögð á þætti sem varða gagnsæi í verðlagningu, samanburð og möguleika á flutningi viðskipta. Niðurstöður verða kynntar síðar á árinu.
2. *Sala smávöru yfir landamæri.* Sjálfstraust neytenda í viðskiptum yfir landamæri er lítið og verðmun þarf að skoða. Þetta svið er forgangsmál og verður skýrslu skilað á árinu.
3. *Úrlausnir deilu og vandamála („Consumer redress“).*

Tillagan um neytendasamanburðartöflu er merkt EES tæk, en fyrsta taflan inniheldur þó ekki upplýsingar frá EES ríkjunum fyrir utan eina töflu er varðar sölu flugmiða á netinu, þar sem upplýsingar frá Noregi eru birtar. Verkefnið er fjármagnað í gegnum neytendaáætlunina sem EES/EFTA ríkin eru fullir þátttakendur í. Það verður því verkefni næstu mánaða fyrir EES/EFTA ríkin að tryggja þátttöku í verkefninu og að upplýsinga verði jafnframt aflað frá þeim. Fylgst er með málinu á grundvelli vinnuhóps EFTA um neytendamál.

Nánar: http://ec.europa.eu/consumers/strategy/facts_en.htm

SAMKEPPNISRÉTTUR

Framkvæmdstjórn Evrópusambandsins hefur birt hvítbók þar sem lagðar eru til nýjar reglur er varða bætur fyrir neytendur og fyrirtæki sem orðið hafa fyrir tjóni vegna brota fyrirtækja á samkeppnisreglum. Almennu umsagnarferli um hvítbókina lauk 15. júlí sl. Fylgst er með framvindu málsins af vinnuhópi EFTA um samkeppnismál.

Nánari upplýsingar má finna á vefsíðu framkvæmastjórnarinnar
<http://ec.europa.eu/comm/competition/antitrust/actionsdamages/documents.html>

FÉLAGARÉTTUR

Löggjöf fyrir lítil fyrirtæki („Small business Act“)

Þann 19. júní kom framkvæmdastjórnin fram með tillögur sem ætlað er að bæta hag smárra og meðalstórra fyrirtækja, SMEs, sem nefnd hefur verið *Small Business Act, SBA*. Fela tillögurnar í sér 10 leiðbeinandi markmið og leggja til aðgerðir sem framkvæmdastjórnin þarf að grípa til auk aðildarríkjanna sjálfra. Ein af tillögnum sem lagðar verða fram í kjölfarið er tillaga að löggjöf um evrópsk einkahlutafélög (e. *European Private Company*) sem lúta munu sambærilegum markmiðum og löggjöf um evrópsk hlutafélög. Eru þau samin sérstaklega til að draga úr takmörkunum sem lagðar eru á starfsemi SMEs vegna starfsemi þeirra á milli landa, þ.e. að setja þurfi upp dótturfyrirtæki í öðrum ríkjum. Með tillögunni er gert ráð fyrir

SMEs geti sett upp fyrirtækið í sama formi, hvort heldur sem fyrirtækið hyggst starfa í heimaríki eða öðru ríki.

Nánari upplýsingar er að finna á: http://ec.europa.eu/enterprise/entrepreneurship/sba_en.htm